

Aðalskipulag Vestmannaeyja

2015-2035

15. maí 2018



Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 15. maí 2018.

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsins var birt í
B-deild Stjórnartíðinda þann _____

Aðalskipulag Vestmannaeyja 2015-2035



alta

www.alta.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2	1.8 Afgreiðsla skipulagstillögu eftir auglýsingu.....	7
1.1 Almennt.....	2	1.9 Helstu breytingar frá gildandi aðalskipulagi.....	7
1.2 Markmið aðalskipulags.....	2	1.10 Samantekt umhverfismats.....	9
1.3 Tengsl við aðrar áætlanir.....	3	2. Heilsueflandi samfélag og vönduð byggð.....	14
1.4 Skipulagssvæðið.....	3	2.1 Fjölbreytt íbúðarbyggð.....	15
1.5 Skipulagslýsing.....	4	2.2 Traust samfélagsþjónusta og öflug menningarstarfsemi.....	21
1.6 Skipulagsgögn og framsetning aðalskipulagstillögunnar.....	4	2.3 Virkur lífsstíll.....	24
1.7 Kynning og auglýsing aðalskipulagstillögu.....	5	2.4 Landbúnaður.....	28

3. Kraftmikið atvinnulíf.....	32	4.8 Efnistöku og efnislosunarsvæði.....	71
3.2 Sjávarútvegur.....	34	5. Góð grunnkerfi.....	74
3.3 Athafna- og iðnaðarstarfsemi.....	35	5.1 Samgöngur.....	74
3.4 Öflugur miðbær.....	39	5.2 Veitur og fjarskipti.....	82
3.5 Verslun og þjónusta.....	42	6. Ferðaþjónusta - rammahluti aðalskipulags.....	88
3.6 Góðir gestgjafar.....	42	6.1 Samgöngur.....	90
4. Náttúra, landslag og minjar.....	46	6.2 Aðdráttarafl.....	91
4.1 Óbyggð svæði.....	47	6.3 Innviðir.....	95
4.2 Strönd, vötn, ár og sjór.....	50	6.4 Afþreying og upplýsingar.....	97
4.3 Sérstök not haf- og vatnssvæða.....	51	6.5 Náttúruvernd.....	99
4.4 Náttúruvernd.....	53	6.6 Atvinnulíf.....	100
4.5 Hverfisvernd.....	55	6.7 Skemmtiferðaskip.....	101
4.6 Vernd menningarminja.....	64	7. Heimildaskrá.....	104
4.7 Varúðarsvæði og náttúruvá.....	69		



Skvissund



BALDURSGATA



1. Inngangur

1.1 Almenn

Aðalskipulag Vestmannaeyja 2002-2014 var staðfest af umhverfisráðherra 4. mars 2005. Þar sem skipulagstímabilið er runnið út ákvað bæjarstjórn Vestmannaeyja að endurskoða aðalskipulagið. Nýtt skipulag hefur gildistímann 2015-2035 þannig að horft er til næstu 20 ára. Nú þegar nýtt aðalskipulag tekur gildi þá fellur eldra aðalskipulag úr gildi.

Frá því að gildandi aðalskipulag var staðfest hafa ný skipulagslög nr. 123/2010 verið samþykkt og gefin hefur verið út ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013 á grunni nýju laganna. Í framlagðri aðalskipulagstillögu eru því nokkrar breytingar á efnistöku og framsetningu til samræmis við ofangreindar breytingar. Uppbygging og umfjöllun aðalskipulagstillögunnar er jafnframt nokkuð ólík fyrri aðalskipulagi. Þá er umhverfismat áætlað nýtt markvisst til að meta áhrif þeirra breytinga sem lagðar eru til í og niðurstaða matsins birtist í sjálfri tillögunni.

Endurskoðun aðalskipulagsins var unnin af vinnuhópi um endurskoðunina með aðstoð ráðgjafastofunnar Alta.

1.2 Markmið aðalskipulags

Í Vestmannaeyjum er samfélag sem byggir á eyjamenningu og nýtingu náttúruauðlinda. Skipulagið skal stuðla að því að skapa góð skilyrði fyrir fólk, fyrirtæki og stofnanir til að búa í fjölskylduvænu samfélagi með þróttmiklu mennta- og menningarstarfi og öflugu atvinnulífi. Lögð er áhersla á hagkvæma nýtingu lands á Heimaey með þéttri byggð sem fellur vel að landslagi. Varðveita skal sérkenni landslags, náttúru og menningarminja.

1.3 Tengsl við aðrar áætlanir

Deiliskipulag

Deiliskipulag byggir á stefnu aðalskipulags og kveður nánar á um útfærslu þess. Samþykkt deiliskipulag er til fyrir hafnarsvæðið, miðbæinn, flugvöllinn, íþróttasvæðið við Hástein, frístundabyggðina, Eldheima og Herjólfsdal. Stór hluti íbúðarsvæða hefur þegar verið deiliskipulagður sem og hluti iðnaðar- og athafnasvæða. Nýtt aðalskipulag getur haft þau áhrif að endurskoða þarf deiliskipulag einstakra svæða.

Aðrar áætlanir á lands- og staðarvísu

Stefnumörkun Suðurlands 2016 – 2020 var samþykkt á fundi verkefnastjórnar Sóknaráætlunar Suðurlands 23. september 2015. Stefnumörkunin tekur til eftirfarandi málaflokka: 1) menning, 2) atvinnuþróun og nýsköpun og 3) menntun, mannauður og lýðfræðileg þróun svæða. Horft er til stefnunnar í viðfangsefnum sem tengjast endurskoðun aðalskipulagsins.

Landsskipulagsstefna 2015-2026 felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Tvö viðfangsefni landsskipulagsstefnu snerta Vestmannaeyjar; búsetumynstur – dreifing byggðar og skipulag haf- og strandsvæða.

Í umhverfismati aðalskipulagsins er farið yfir samræmi aðalskipulagstillögunnar við þessi og önnur stefnuskjöl stjórnvalda.

1.4 Skipulagssvæðið

Aðalskipulag gildir um allt land innan marka sveitarfélagsins Vestmannaeyja. Við endurskoðun aðalskipulagsins eru skipulagsmörk dregin 115 metrum utan við stórstraumsfjöruborð eins og það er sýnt á sjómælingakorti. Þetta er í samræmi við skilgreiningu staðarmarka sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og jarðalögum nr. 81/2004.

Skipulagssvæðið er skiptist upp í byggðar eyjur og óbyggðar. Eina byggða eyjan, Heimaey er 13,4 km², en óbyggðar úteyjar eru 3,39 km² auk smáeyja og skerja. Skipulagsmörk eru sýnd á mynd 1.



Mynd 1 : Skipulagsmörk sýnd með rauðri línu.

1.5 Skipulagslýsing

Unnið hefur verið að endurskoðun aðalskipulags Vestmannaeyja frá því í lok árs 2015. Skipulags- og matslýsing var kynnt í októbermánuði 2015 og í henni var farið yfir helstu viðfangsefni endurskoðunarinnar að mati umhverfis- og skipulagsráðs sem eru:

- Efnisnám og efnislosun
- Stórskipakantur
- Athafnasvæði
- Lífsgæði og framtíðarkynslóðir
- Orkuöflun og orkunýting
- Endurvinnsla, flokkun og úrgangsmál
- Samgöngur
- Rammahluti um ferðaþjónustu

Auk þessara viðfangsefna kom fram að fjallað yrði um þau efni sem tilgreind eru í kafla 4.3.1 í skipulagsreglugerð.

Í skipulagslýsingunni var einnig gerð grein fyrir skipulagsferlinu og breytingum á framsetningu aðalskipulagsins vegna nýrra skipulagslaga og nýrrar skipulagsreglugerðar.

Skipulagslýsingin var kynnt á vef sveitarfélagsins og gefinn tveggja vikna frestur til að gera athugasemdir. Jafnframt var lýsingin send umsagnaraðilum sem voru Minjastofnun, Samgöngustofa, Veðurstofa Íslands, Vegagerðin, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Rangárþing Ytra, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og Isavia.

Umsagnir um skipulags- og matslýsingu bárust frá Umhverfisstofnun, Veðurstofnun og Skipulagsstofnun. Veðurstofan gerði ekki efnislegar athugasemdir en vakti athygli á því að þar væri verið að vinna verkefni um náttúruvá sem tengdist Vestmannaeyjum. Skipulagsstofnun kom með gagnlegar ábendingar m.a. um þær forsendur sem þyrftu að liggja fyrir í aðalskipulagsvinnunni og ábendingar um að í umhverfismati þyrftu að liggja fyrir hvaða leiðir væru til skoðunar um mismunandi málaflokka skipulagsins. Umhverfisstofnun gerði ekki efnislegar athugasemdir og fleiri ábendingar bárust ekki.

1.6 Skipulagsgögn og framsetning aðalskipulagstillögunnar

Aðalskipulagstillagan er sett fram í eftirtöldum gögnum:

- Greinargerð
- Skipulagsuppdráttur 1 : Heimaey 1:15.000
- Skipulagsuppdráttur 2: Úteyjar og Heimaey 1:40.000
- Umhverfisskýrsla

Í greinargerð aðalskipulagsins er stefnan sett fram með forsendum og almennri stefnu fyrir helstu málaflokka skipulagsins, sem eru samfélag, atvinnulíf, náttúra og minjar og grunnkerfi. Því er síðan fylgt eftir með forsendum, áherslum og markmiðum fyrir einstök viðfangsefni eða verkefni innan hvers málaflokks. Í greinargerðinni er samantekt úr umhverfisskýrslu, sem er viðauki með aðalskipulagstillögunni. Í henni er gerð nánari grein fyrir forsendum stefnunnar og líklegum áhrifum á umhverfi og samfélag. Í umhverfisskýrslunni er fjallað um helstu breytingar sem eru gerðar á aðalskipulagstillögunni frá eldra skipulagi og forsendum breytinganna.

Lögð er sérstök áhersla á málefni ferðaþjónustunnar í aðalskipulaginu. Unninn rammahluti þar sem sett er fram ítarleg stefna um ferðaþjónustuna svo sem um meginþætti þjónustukerfa hennar.

Á aðalskipulagsuppdraetti eru svæði til mismunandi nota afmörkuð. Skipulagsuppdrátturinn er unninn í einum stafrænum kortagrunni og enginn munur er á framsetningu gagnanna á milli skipulagsuppdráttar nr. 1 og 2 annar en sá að uppdraettirnir eru settir fram í mismunandi mælikvarða. Breyting á öðrum uppdraettinum í framtíðinni er jafnframt breyting á hinum.

Settir eru fram þemauppdraettir sem sýna stefnu um grunnkerfi samgangna og götur í miðbæ þar sem ekki er heimilt að breyta atvinnuhúsnæði á jarðhæð í íbúðir, íbúðargistingu/gistingu. Ef ósamræmi er á milli þemauppdráttar og skipulagsuppdráttar þá gildir skipulagsuppdráttur.

Aðalskipulagið er unnið í landupplýsingakerfi í samræmi við ákvæði nýrrar



skipulagsreglugerðar um landnotkunarflokka og framsetningu. Þar sem ekki liggja fyrir opinberar leiðbeiningar um tilhögun gagna eru gögnin unnin í samræmi við tillögur sem Alta hefur sett fram um innleiðingu stafræns skipulags á Íslandi, en þær byggja á samræmdri framsetningu skipulagsupplýsinga í INSPIRE áætlun Evrópusambandsins, sem Ísland er aðili að.

1.7 Kynning og auglýsing aðalskipulagstillögu

Árið 2016 vann umhverfis- og skipulagsráð að stefnumörkun í málaflokkum aðalskipulagsins og fyrri hluta árs 2017 var skipulagstillaga á vinnslustigi kynnt fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á vef sveitarfélagsins og opnum fundi þann 31. maí 2017. Óskað var eftir athugasemdum og ábendingum og bárust 17 umsagnir eða athugasemdir. Farið var yfir þær og leiddu þær til ýmissa breytinga. Er öllum þeim sem sendu inn ábendingar þakkað fyrir þeirra framlag. Hér er gerð grein fyrir helstu breytingum sem gerðar voru á tillögunni fyrir auglýsingu: Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF-2) við Eldheima aðlagð að deiliskipulagsmörkum og skógræktarsvæði (SL-1) stækkað á móti.

- Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF-2) við Eldheima aðlagð að deiliskipulagsmörkum og skógræktarsvæði (SL-1) stækkað á móti.
- Tekin út heimild fyrir mannvirkjum í fjörunni í Klettsvík (AF-4) og bætt inn umfjöllun um aðra kosti.
- Hluti Heiðarvegs til suðurs og hluti Miðstrætis til austurs tekin út af korti sem sýnir götur í miðbæ þar sem ekki er heimilt að breyta atvinnuhúsnaði á jarðhæð í íbúðir eða íbúðargistingu/gistingu.
- Bætt er við rökstuðningi fyrir stefnu um tvær nýjar stórskipahafnir í kafla um sjávarútveg og lagt mat á núllkostinn, að ekki komi ný höfn, í umhverfisskýrslu.
- Bætt inn að ekki verði farið í uppbyggingu á þróunarsvæði í miðbæ nema í tengslum við efnisnám vegna nýrrar stórskipahafnar.
- Settir inn skilmálar um að á iðnaðarsvæði fyrir sorpvinnslu ætti að forðast að raska sérstæðum jarðminjum og huga að ásynd.

- Bætt við kortum sem sýna vistgerðir, jarðfræði og helstu fuglabyggðir.
- Aukið við upplýsingar um staðsetningu friðlýstra húsa á korti, bætt við lista yfir hús byggð 1918-2025 og ítrekað að fornleifaskráning fer fram samhliða gerð deiliskipulags.
- Stefna um umfang heimilaðs minni háttar reksturs á landbúnaðarsvæðum (L-3 og L-4) yfirfarin og skýrð.
- Tilgreint að hesthúsabyggð á athafnasvæði við flugvöllinn (AT-3) er víkjandi.
- Farið yfir samræmi við ný lög um náttúruvernd og tilvísun í lögin lagfærð.
- Upplýsingar um strengi í sjó lagfærðar á skipulagsuppdretti og í greinargerð.
- Bætt við upplýsingum um fráveitu og sett inn dælustöð við Búhamar (VH-3).
- Bætt inn umfjöllun um öryggissvæði og hindranarlausa aðflugsstefnu í umfjöllun um flugvöllinn (FL-1).
- Texti um sjávarstöðu og varúðarsvæði vegna hruns uppfærður.
- Bætt inn ítarlegri upplýsingum um framboð gistirýmis og nýtingar en stefnan gerir ráð fyrir að þessar upplýsingar verði unnar reglulega.
- Bætt inn í rammahluta um ferðaþjónustu að á megin áfangastöðum sé tímabundin greiðasala heimil tengd viðburðum.
- Ítrekað í texta í rammahluta að það er verkefni á skipulagstímabilinu að vinna með áfangastaði eins og stefnan gerir ráð fyrir.
- Sett inn að takmarkanir á gistingu í íbúðahverfum miði við heimagistingu skv. flokki 1 skv. reglugerð nr. 1277/2016 sem kveður á um mest 5 herbergi eða 10 gesti.
- Ýmsar breytingar á orðalagi og leiðréttingar á upplýsingum.
- Umfjöllun í umhverfisskýrslu breytt þannig að nú eru greind minni áhrif á náttúru vegna stórskipahafnar við Eiðið og afþreyingar- og ferðamannasvæðis í Klettsvík þar sem fyrirliggjandi friðlýsingaráform ná ekki yfir þessi svæði.
- Eftir athugun Skipulagsstofnunar, fyrir auglýsingu voru gerðar breytingar á skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði L-3 og L-4 til að skýra heimildir fyrir uppbygginu, bætt inn upplýsingum um hindranafleti vegna flugvallarins auk minniháttar breytinga á texta.

Þegar tillagan var fullmótuð var hún auglýst og gefin 6 vikna frestur til að koma

á framfæri athugasemdum. Alls bárust 15 umsagnir eða athugasemdir og hefur þeim sem sendu inn athugasemdir verið send umsögn sveitarstjórnar um afgreiðslu þeirra. Hér er gerð grein fyrir helstu breytingum sem gerðar hafa verið á tillögunni í kjölfar auglýsingar.

Eftirtaldir aðilar fengu tillögu að aðalskipulagi og fylgigögn til umsagnar:

- Almannavarnarnefnd
- Atvinnuþróunarfélag Suðurlands
- Barnaskóli Vestmannaeyja
- Bjargveiðifélag Vestmannaeyja
- Björgunarfélag Vestmannaeyjar
- Bændasamtök Vestmannaeyja
- Fab Lab – Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Ferðamálasamtök Vestmannaeyja
- Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja
- Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
- Golfklúbbur Vestmannaeyja
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- HS veitur
- Isavia
- Íþróttabandalag Vestmannaeyja
- Landsnet
- Leikskólinn Kirkjugerði
- Lögreglan í Vestmannaeyjum
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrustofa Vestmannaeyja
- Náttúrufræðistofnun Íslands

- Rangárþing eystra
- Rangárþing ytra
- Safnahús Vestmannaeyja
- Samgöngustofa
- Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
- Skipulagsstofnun
- Skátafélagið Faxi
- Skógræktin
- Skógræktarfélag Íslands
- Skógræktarfélag Vestmannaeyja
- Slökkvilið Vestmannaeyja
- Sóknarnefnd Landakirkju
- Stjórnstöð ferðamála
- Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
- Þekkingarsetur Vestmannaeyja
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
- Umhverfisstofnun
- Upplýsingamiðstöð ferðamála
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin
- Vélhjólaíþróttaklúbbur Vestmannaeyja
- Vestmannaeyjahöfn

1.8 Afgreiðsla skipulagstillögu eftir auglýsingu

Tillaga að aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 var auglýst og óskað eftir athugasemdum eða ábendingum frá almenningi. Á auglýsingatíma voru öll gögn aðalskipulagsins aðgengileg á vef og skrifstofu sveitarfélagsins, auk þess að vera aðgengileg hjá Skipulagsstofnun.

Allar athugasemdir voru yfirfarnar hjá umhverfis- og skipulagsnefnd og gaf nefndin umsögn um athugasemdirnar. Þær hafa verið afgreiddar frá umhverfis- og skipulagsnefnd og fengið umfjöllun hjá bæjarstjórn og hefur afgreiðsla þeirra verið send þeim sem sendu inn umsagnir. Aðalskipulag Vestmannaeyja var samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja í maí 2018 og var þá sent til Skipulagsstofnunar til staðfestingar.

Skipulagsstofnun kom með ábendingu um að best væri að hafnarsvæði væru afmörkuð miðað við afmörkun hafnarsvæða á landi og fyrirhugaðar breytingar á hafnarköntum, en ekki sýnd út í sjó. Hefur uppdrætti verið breytt í samræmi við fram komna ábendingu og gerðar viðeigandi breytingar í greinargerð.


1.9 Helstu breytingar frá gildandi aðalskipulagi

Fjallað er um allar stærri breytingar sem lagðar eru til í þessari aðalskipulagstillögu í umhverfisskýrslu. Umhverfisskýrslan gefur því gott yfirlit yfir þá valkosti og þau sjónarmið sem fram komu þegar ákvörðun var tekin um að gera viðkomandi breytingu. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

- Ný hafnarsvæði fyrir stórskipahöfn og aðstöðu fyrir stærri skemmtiferðaskip við Eiðið og í Skansfjöru.
- Stækkun iðnaðarsvæðis við sorpvinnslu.
- Nýtt athafnasvæði við flugvöllinn.

- Sorpförgunarsvæði og efnistökusvæði felld út.
- Ný afmörkun efnistökusvæða við Viðlagafjöru.
- Þétting byggðar innan núverandi íbúðarsvæða t.d. á malarvellingum við Löngulág og við Safnahúsið.
- Ný íbúðarsvæði sunnan við Hraunhamar (móts við Foldahraun) og sunnan við Suðurgerði.
- Nýtt landbúnaðarsvæði þar sem áður var borað eftir heitu vatni norðaustur af flugvelli.
- Svæði fyrir stjörnuskoðun austan við Eldfell.
- Afmörkun afþreyingar- og ferðamannasvæðis í Klettsvík fyrir sýningarsvæði í kvíum.
- Afmörkun afþreyingar- og ferðamannasvæðis við Eldheima, Skansinn og í Herjólfssdal.
- Landbúnaðarsvæði við vesturenda flugbrautar.
- Ný afmörkun þéttbýlis.
- Skilgreining á grunneti fyrir gangandi, hjólandi og akandi.
- Breytt afmörkun íþróttasvæðis fyrir vélhjól.
- Afmörkun þróunarsvæðis í nýja hrauninu við miðbæinn.
- Afmörkun hverfisverndar.
- Nýr rammahluti um ferðaþjónustu.

Viðfangsefni í umhverfismati snúa að stærri breytingum sem lagðar eru til í þessari aðalskipulagstillögu. Þannig eru t.a.m. ekki metin áhrif tillögunnar vegna flugvallar, skotæfingasvæðis, akstursíþróttasvæðis og umferðar, þar sem breytingar á stefnu aðalskipulagsins um þessa þætti eru óverulegar og fremur til þess fallnar að draga úr áhrifum. Á það til að mynda við um minnkun akstursíþróttasvæðis fyrir vélhjól. Umfjöllun um áhrif á hljóðvist er felld inn í umfjöllun vegna þeirra breytinga sem hér er gerð grein fyrir.





1.10 Samantekt umhverfismats

Hér er samantekt umhverfismats aðalskipulagstillögunnar en matið í heild sinni er birt í umhverfisskýrslu sem er viðauki með tillögunni.

Forsendur

Vestmannaeyjabær ákvað árið 2015 að endurskoða aðalskipulag sitt þar sem breytingar hafa orðið á ýmsum forsendum og aðlaga þarf skipulagið að breyttum aðstæðum. Nýtt aðalskipulag mun hafa gildistímann 2015 – 2035.

Í aðalskipulagsvinnunni var farið yfir allar helstu breytingar á stefnu skipulagsins með vinnuhóp aðalskipulagsins, kostir metnir og komist að niðurstöðu. Niðurstaða þessa samtals er mat á umhverfisáhrifum fyrir 17 helstu breytingar á stefnu aðalskipulagsins miðað við gildandi skipulag. Í framhaldinu var stefnan sett fram í greinargerð og á uppdrætti skipulagsins eins og við á og settar fram mótvægisáðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum stefnunnar.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi eru gerðar nokkrar breytingar á efnistöku og framsetningu til samræmis við breytingar sem gerðar hafa verið á skipulagslögum og reglugerð. Þessi aðlögun og þær breytingar sem hún kallaði á fela í sér óverulega breytingu á stefnu og eru því ekki til umfjöllunar í umhverfisskýrslu. Dæmi um slíka breytingu er t.d. að nú eru svæði sem áður voru opin svæði til sérstakra nota með tünun og beitarsvæðum skilgreind sem landbúnaðarsvæði.

Nálgun

Skilgreindir eru fjórir flokkar umhverfispáttanna sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af breytingum á stefnumörkun aðalskipulagsins eða framkvæmdum byggðum á þeim. Greinargerð aðalskipulagsins skiptist í fjóra yfirkafla með umfjöllun um samfélag, atvinnulíf, náttúru og grunnkerfi og er þessi sama flokkun notuð til að meta áhrif tillögunnar á umhverfið. Áhrif á þá er metin út frá viðmiðum sem sótt eru í viðeigandi íslensk og erlend stefnuskjöl, auk þess sem íslensk lög eru lögð til grundvallar.

Niðurstaða matsvinnu

Allar helstu breytingar á stefnu aðalskipulagsins hafa verið rýndar með tilliti til líklegra umhverfisáhrifa og niðurstaðan er sú að þessar breytingar eru líklegar til að hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif á umhverfið.

Áform um stórskipahöfn með aðstöðu til að taka á móti stórum skemmtiferðaskipum er líkleg til að hafa áhrif á þolmörk Vestmannaeyja sem ferðamannastaðar. Brugðist er við því í rammahluta aðalskipulags um ferðaþjónustu og áformum um að setja hámark á fjölda gesta sem geta komið á einum degi með skemmtiferðaskipum.

Uppbygging vegna ferðaþjónustu er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf og sem og nýtt athafnasvæði með nýjum atvinnulóðum.

Land er takmörkuð auðlind í Vestmannaeyjum og þar er ríkuleg sérstæð náttúra. Eyjan er byggð upp af eldvirkni og er á virku svæði. Þetta veldur nokkrum árekstrum á milli nýtingar og verndunar þegar áform eru um að meira land sé tekið undir notkun t.d. fyrir nýtt svæði fyrir stjörnuskoðun við Eldfell, stækkun efnistökusvæðis í Viðlagafjöru eða nýtt svæði fyrir miðbæ þar sem grafið væri út úr nýja hrauninu. Síðast talda breytingin er þar líklegust til að hafa mestu neikvæðu áhrifin. Almennt eru útmörk hverfisverndar yfirfarin þannig að þau eigi við um þau svæði sem eru ríkust af jarðmyndunum og sérstæðust, sem er líklegt til að hafa góð áhrif.

Við yfirferð á efnistökusvæðum var ákveðið að loka gömlum sorpurðunar- og efnistökusvæðum sem hefur jákvæð áhrif á jarðmyndanir og hraun, þar sem urðunarsvæðin voru á því svæði. Urðun hefur alveg verið hætt í Vestmannaeyjum. Á móti kemur að efnistökusvæði eru stækkuð í og við Viðlagafjöru, sem hefur neikvæð áhrif á jarðmyndanir en gefur kost á athafnasvæði fyrir efnisvinnslu þar. Fyrirtæki í efnisvinnslu í þéttbýlinu hafa þá tækifæri til að flytja í Viðlagafjöru. Í Viðlagafjöru er sérstæður fjörुकambur sem lagt er til að sé hverfisverndaður, til að vernda fjöruna og koma í veg fyrir landbrot. Greind eru möguleg neikvæð áhrif á eldhraun sem njóta verndar við Skansfjöru og neikvæð sjónræn áhrif í náttúruríku umhverfi, bæði í Skansfjöru og við Eiðið vegna hafnargerðar. Stefna um uppbyggingu hafnar í Skansfjöru dregur úr möguleikum þar til efnistöku sem getur haft neikvæð áhrif á atvinnulífið.

Almennt eru jákvæð áhrif af stefnu um afþreyingar- og ferðamannasvæði. Áhrif á grunnkerfi eru bæði líkleg til að vera jákvæð vegna betur skilgreindra grunnkerfa og neikvæð þar sem stefnan felur í sér að nýtt land verði tekið undir byggð. Þar er þörf á uppbyggingu nýrra grunnkerfa en stefnan felur einnig í sér nokkra möguleika til þéttingar og uppbyggingar innan þegar skipulagðra svæða.



Samantekt matstafla	Heilsueflandi samfélag	Kraftmikið atvinnulíf	Virðing fyrir náttúru, landslagi, og minjum	Góð grunnkerfi
Stefna um hafnarsvæði fyrir stórskipahöfn og viðlegukant fyrir skemmtiferðaskip				
Stórskipahöfn verði við Eiðið og í Skansfjöru.				
Afþreyingarsvæði með sýningarsvæði í kvíum				
Stækkun iðnaðarsvæðis fyrir sorpvinnslu				
Athafnasvæði fyrir atvinnustarfsemi				
Sorpförgunarsvæði og efnistökusvæði felld út				
Efnistökusvæði				
Ný íbúðarsvæði				
Ný landbúnaðarsvæði				
Svæði fyrir stjörnuskoðun				
Afmörkun afþreyingar og ferðamannasvæðis við Eldheima, Skansinn og í Herjólfssdal				
Landbúnaðarsvæði fyrir tómstundabúskap				
Afmörkun þéttbýlis				
Skilgreining á grunneti fyrir gangandi, hjólandi, og akandi				
Íþróttasvæði fyrir vélhjól minnkað				
Afmörkun þróunarsvæðis í nýja hrauninu				
Breytingar á hverfisvernduðum svæðum				
Rammahluti aðalskipulags um ferðaþjónustu				

Í meðfylgjandi töflu er samantekt á mati áhrifa á umhverfispættina. Því grænni sem liturinn er, því meiri líkur á verulega jákvæðum áhrifum en því rauðari sem liturinn er, því meiri líkur á verulega neikvæðum áhrifum. Gulur þýðir lítil eða engin áhrif og hvítt að áhrif séu líkleg til að vera hlutlaus eða háð óvissu.

Líkur á verulega neikvæðum áhrifum á umhverfið eru tengd áformum um skerðingu á hrauni sem er runnið á nútíma.

Ný höfn við Eiðið og afmörkun afpreyingar og ferðamannasvæðis í og við Klettsvík er við það svæði sem Vestmannaeyjabær vann að friðlýsingu á með Umhverfisstofnun, en bærinn hefur nú hafnað friðlýsingunni. Sjónarmið Vestmannaeyjabæjar er að uppbygging stórskipahafnar sé ekki líkleg til að hafa neikvæð áhrif á búsvæði fugla, sem er megin ástæða friðlýsingarinnar. Eins er það sjónarmið Vestmannaeyjabæjar að mögulegt sé að hafa sýningarsvæði í kvíum í Klettsvík með mannvirkjum í fjörunni sem megi fjarlægja þegar starfsemi er hætt. Sú truflun sem yrði af ferðamönnum sé ekki líkleg til að vera verulega meiri heldur en er í dag af siglingum í Klettsvík og hefur verið þegar þar var t.d. fiskeldi eða þegar Keikó hafði þar dvöl. Líkleg áhrif á náttúru við Skansinn geta orðið neikvæð, vegna mögulegra áhrifa á eldhraun sem runnið hefur á nútíma, en eru ekki líkleg til að vera verulega neikvæð.

++	Líkur á verulega jákvæðum áhrifum
+	Líkur á jákvæðum áhrifum
0	Engin eða lítil áhrif
-	Líkur á neikvæðum áhrifum
--	Líkur á verulega neikvæðum áhrifum
+/-	Áhrif líkleg til að vera hlutlaus eða að jákvæð áhrif vegi neikvæð upp. Geta verið háð óvissu.

Nýtt miðbæjarsvæði með íbúðum sem yrði til þegar hraunið við miðbæinn yrði grafið út, er líklegt til að hafa verulega neikvæð áhrif á jarðmyndanir og hraun sem runnið hefur á nútíma. Inngripið er sterkt og fæli í sér að hraunið sem rann yfir byggðina í miðbænum og húsin sem þar voru yrði tekið í burtu. Því myndi fylgja töluverð landmótun og aðlögun. Rökin með því að þetta svæði verði aftur tekið undir byggð er að þarna var byggð áður en hraunið rann, verulega sé þrengt að miðbænum í dag og litlir möguleikar til uppbyggingar og mikill fengur sé að því að farið verði í uppbyggingu á þessu svæði. Mikil hreinsun átti sér stað í bænum eftir gos þegar bærinn var mokaður undan gjósku og vel sé hægt að hugsa sér að halda þeirri hreinsun áfram á þessu svæði. Það er mat Vestmannaeyjabæjar að þessi valkostur sé allrar skoðunar virði.

Tengsl við aðrar áætlanir

Almennt eru þær stefnubreytingar sem gerðar eru á aðalskipulaginu í samræmi við innlend og erlend stefnuskjöl. Ljóst er að skerðing á hrauninu út frá miðbænum, þar sem nýja hraunið yrði grafið út fyrir miðbæ/íbúðabyggð er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á eldraun sem runnið hefur á nútíma.

Vöktun og eftirfylgni

Mikilvægt er talið að virða afmörkun landnotkunar í nýja hrauninu og því eru sett inn ákvæði um að á tveggja ári fresti hið minnsta verði gerð úttekt á því hvort mörkum sé fylgt. Nýjar stórskipahafnir við Eiðið og Skansinn eru háðar mati á umhverfisáhrifum og er gert ráð fyrir að vöktunaráætlun um áhrif t.d. á nálæga byggð sjófugla verði hluti af niðurstöðum þess mats, ef þörf er á.



2. Heilsueflandi samfélag og vönduð byggð

Forsendur og áherslur

Í Vestmannaeyjum er öflugt samfélag sem byggir á sjósókn. Íbúar eru stoltir af heimabyggð sinni og brottfluttir Eyjamenn eru stoltir af uppruninum. Vestmannaeyingum fylgir ákveðin menning sem hverfist m.a. í kringum menningarviðburði svo sem gosloka hátíðina, sjómannadaginn, þrettándahátíðina, þjóðhátíð, fjölda íþróttaviðburða og fjölpætt félags- og menningarstarf af öllu tagi. Áhersla er á að íbúar geti sótt fjölbreytta þjónustu í heimabyggð, eyjarnar séu góðar heim að sækja og þar sé öflugt atvinnulíf sem tryggi traustan grundvöll búsetu í Vestmannaeyjum. Vestmannaeyjar séu góður valkostur til búsetu fyrir fólk á öllum æviskeiðum.

Meginmarkmið

- Heilsusamlegt umhverfi viðhaldist og aðlaðandi bæjarmynd styrkist.
- Vegalengdir á milli íbúðar-, þjónustu- og atvinnusvæða séu sem stýstar og möguleikar til útivistar og íþróttar- og tómstundaiðkunar fjölbreyttir.
- Uppbygging miði að þéttingu byggðar.
- Hugað sé að fjölbreyttum þörfum íbúa á öllum æviskeiðum og félagslegu öryggi
- Sérkenni búsetulandslags sem byggir á tómstundabúskap og hefðbundnum nytjum í úteyjum viðhaldist.


2.1 Fjölbreytt íbúðarbyggð

Forsendur og áherslur

Framboð og eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði: Þörf fyrir nýtt íbúðarhúsnæði í framtíðinni og eftirspurn eftir mismunandi gerð og stærð húsnæðis, ræðst af íbúaþróun og þróun í aldurssamsetningu íbúa, fjölskyldugerð og heimilisstærð. Lífsstíll og lífskjör hafa líka áhrif svo og einkenni eldra húsnæðis m.t.t. hversu vel er hægt að aðlaga það breyttum þörfum. Til þess að átta sig á hvernig þessar breytur kunni að þróast í framtíðinni er hér farið yfir hver þróun þeirra hefur verið síðastliðna áratugi. Út frá því er ályktað um líklegar þarfir og eftirspurn á skipulagstímabilinu. Núverandi framboð á íbúðarlóðum og –svæðum er síðan skoðað í því ljósi og metið hvort ástæða er til að breyta gildandi aðalskipulagi.

Íbúaþróun: Samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands voru íbúar í Vestmannaeyjum árið 1990 rétt um 5000 en árið 2000 hafði þeim fækkað í 4.600. Frá 2000-2016 hefur íbúum fækkað um u.þ.b. 250 en fjölgun hefur þó verið ár frá ári síðan 2008.

Íbúaspá: Það getur verið snúið að spá fyrir um mögulega íbúafjölgun í Vestmannaeyjum þar sem þróun atvinnulífs og margir ytri þætti geta haft áhrif.



Mynd 2 : Íbúafjöldi í Vestmannaeyjum 2000-2016, miðað við 1. janúar ár hvert.

Frá 2007 hefur hlutfallslegur fjöldi íbúa í Vestmannaeyjum verið í kring um 1,3% af þjóðinni og haldist nokkuð stöðugur. Hér er litið til miðspár mannfjöldaspár Hagstofu Íslands fyrir landið allt árin 2016-2065¹ og gert ráð fyrir að hlutfall Vestmannaeyinga af íbúafjölda landsins haldist út skipulagstímabilið. Miðað við það er áætlað að íbúar Vestmannaeyja geti orðið um 5.100 við lok skipulagstímabilsins árið 2035. Í forsendum mannfjöldaspár Hagstofunnar er stuðst við upplýsingar úr þjóðskrá um mannfjölda, fædda, dána, búferlaflutninga og áætlaða meðalævilengd á komandi árum.

Aldurssamsetning: Samanburður á aldurssamsetningu árið 2000 og 2015 sýnir að töluverðar breytingar eru að verða á aldurssamsetningu íbúa. Mikil fjölgun er í elstu aldurshópnum og gera þarf ráð fyrir að þessi hópur stækki enn frekar. Taka þarf mið af þessari þróun hvað varðar þarfir aldurshópsins fyrir íbúðahúsnæði. Þannig þarf að huga að uppbyggingu minni íbúða með góðu aðgengi til að eldri íbúar hafi tækifæri til að minnka við sig ef þeir kjósa það. Í Vestmannaeyjum er áberandi, eins og víða á landsbyggðinni, að íbúum 25-45 ára hefur fækkað hlutfallslega sem aftur gerir að það fækkar í yngstu aldurshópnum.

Fjölskyldugerð og heimilisstærð: Meðalfjöldi á hverju heimili á Íslandi árið 2015 var 2,5. Fjöldi nýbura í Vestmannaeyjum hefur aukist á milli ára, þ.e. árgangarnir eru aftur farnir að stækka og er áfram gert ráð fyrir fjölgun í árgöngum. Með fjölbreyttari atvinnumöguleikum hefur það aukist að ungt fólk flytji heim eftir háskólanám. Tryggja þarf að þetta fólk hafi kost á húsnæði við hæfi, s.s. hvað varðar staðsetningu, húsagerð og stærð íbúða.

Lífsstíll og lífskjör: Á næstu 20 árum er mikilvægt að tryggja framboð á fjölbreyttu húsnæði sem hentar öllum aldurshópum. Mikilvægt er að þetta byggð eins og kostur er innan núverandi byggðar t.d. til að stutt sé í þjónustu. Allir íbúar hafi aðgang að leiksvæði sem hvetur til útivistar og samveru fyrir alla aldurshópa í göngufjarlægð.



Íbúðapörf: Töluvert er af lausum lóðum í Eyjum, bæði fyrir sérbyli, fjölbýli og íbúðir fyrir 60+. Miðað við spá um íbúafjölgun er þörf fyrir íbúðir fyrir um 850 nýja íbúa til ársins 2035. Ef miðað er við að fjöldi íbúa í íbúð verði í kring um 2,5 þá er þörf fyrir

1. Miðspá, útgefin 29. júní 2016

340 nýjar íbúðir út skipulagstímabilið.

Í eftirfarandi töflu kemur fram að á svæðum innan íbúðarsvæða skv. aðalskipulagi 2002-2014 eru í dag heimildir í skipulagi fyrir um 323 íbúðum af ýmsum stærðum. Þar er bæði átt við heimildir skv. aðalskipulagi og deiliskipulagi og lóðum sem hafa verið stofnaðar. Þar inni er líka möguleg uppbygging á íbúðarsvæði ÍB-3 sem ekki hefur verið deiliskipulagt. Miðað við að þörf sé fyrir 340 íbúðir á skipulagstímabilinu þá eru þegar skipulögð svæði nánast að svara þeirri þörf.

Í umhverfismati var farið yfir möguleika á frekari þéttingu byggðar og að taka ný svæði undir íbúðabyggð. Almennt var niðurstaða umhverfismatsins sú að þétting byggðar hefur jákvæðari áhrif á umhverfið en að taka ný svæði undir íbúðabyggð. Því er meginþunga uppbyggingar til framtíðar beint inn á við. Í töflunni má sjá hvar ákveðið er að þétta byggð í þessari endurskoðun auk þess sem bætt er við íbúðarsvæðum ofan við Suðurgerði (ÍB-3) og sunnan við Hraunhamar (ÍB-4).



Mynd 3 : Aldursskipting íbúa í Vestmannaeyjum 2000 og 2015, miðað við 1. janúar.

Tafla 1. Heimildir fyrir uppbyggingu skv. aðalskipulagi 2002-2014/deiliskipulagi og möguleikar til þéttingar innan íbúðarsvæða. Tölur um fjölda íbúða eru ekki nákvæmar. Þær eru til viðmiðunar og verða ákveðnar frekar í deiliskipulagi.

Auðkenni	Heiti svæðis	Íbúðir skv. gildandi deiliskipulagi /aðalskipulagi 2002-2014	Ákvörðun um uppbyggingu umfram það sem er í aðalskipulagi 2002-2014 (tölur um fjölda íbúða til viðmiðunar).
M-1	Miðsvæði	53 íbúðir heimilar. (Strandvegur 48, 52 og Tangagata 12. Ægisgata 2 í ferli, Strandvegur 45 A, Strandvegur 51, Strandvegur 66)	Við Safnahúsið, um 15 íbúðir.
H-3 og A-4	Blönduð byggð	9 íbúðir heimilar skv. Deiliskipulagi (Strandvegur 66 og 74, Skildingavegur 14 og 16)	Verður sameinað í einn landnotkunarreit. Heimild sett inn fyrir íbúðir á efri hæðum.
H-1	Hafnarsvæði	Engar íbúðir heimilar.	
H-2	Hafnarsvæði	Engar íbúðir heimilar.	
ÍB1	Íbúðarsvæði	Heimildir fyrir íbúðum í samþykktu deiliskipulagi = 47 íbúðir (Vestmannabraut 22b, 29-31, 60, 61, 63B, 70, Bárustígur 2,7,8, Miðstræti 7, Hvítungavegur 7, Hilmisgata 2-10, Baldurshagareitur, Reglubraut 1, 15a/b)	
ÍB-2	Íbúðarsvæði	Alls 100 íbúðir (+/-5) 25 íbúðir fyrir 60+ við Strembugötu 20 lóðir fyrir einbýli sunnan Stapa + pláss sunnan við Hrauntún og Kleifahraun Möguleiki á 50-60 íbúðum í raðhúsum og parhúsum	
ÍB-3	Íbúðarsvæði	Lausar lóðir: 20 fyrir einbýli og parhús – Gerðin.	Þétting við Sólhlíð og Kirkjuveg, um 15 íbúðir. Stækkun íbúðarsvæðis sunnan Austurgerðis um 20 íbúðir.
ÍB-4	Íbúðarsvæði	Alls 94 íbúðir. Hamrar, óbyggðar lóðir: 30 einbýli 10 íbúðir í tveimur raðhúsum 3 lóðir fyrir fjölbýli, um 54 íbúðir (18x3)	Bæta við og fjölga lóðum um 20 við Dverghamar innan skipulagssvæðis. Bæta við skipulagssvæði við Hraunhamar og fjölga lóðum um 40.
ÍB-5	Íbúðarsvæði	Malarvöllurinn við Löngulág um 40 íbúðir.	
		Alls um 323 íbúðir.	Alls um 158 íbúðir.

Ákveðið var að þetta ekki byggð á Stakkagerðistúni en þar verður áfram grænt svæði. Skoðað var að taka óbyggt svæði í nágrenni við norðurenda flugvallarins og við Helgafell undir byggð en það þótti of nærri flugvellingum og Helgafelli til að vera góður kostur. Þar verður áfram óbyggt svæði.

Á næstu árum er möguleg uppbygging á minni íbúðum í og við miðbæinn, einbýli, raðhúsum og fjölbýlishúsum úti í hverfum auk sérstakra íbúða fyrir 60+. Til að koma til móts við fjölgun í eldri aldurshópum er æskilegt að byggðar séu minni íbúðir með góðu aðgengi t.d. í fjölbýlishúsum eða minna sérbýli. Slíkar íbúðir geta líka losað um stærra eignir ef eldri íbúar minnka við sig. Við þéttingu byggðar þarf að gera ráð fyrir húsnæði fyrir eldri íbúa, t.d. litlum íbúðum í fjölbýli miðsvæðis eða þar sem er gott aðgengi að verslun og þjónustu. Afmarkað er nýtt íbúðarsvæði við Löngulág þar sem er malarvöllur í dag.

Gert er ráð fyrir nýju íbúðarsvæði þar sem grafið væri út hluta af hrauninu við miðbæinn við Skansinn og byggt þar upp aftur, þar sem byggð fór undir hraun í gosinu. Umhverfisáhrif þess yrðu töluverð, hrauninu þyrfti að raska og þeim minjum sem það geymir. Tekin var ákvörðun um að skilgreina þennan hluta af hrauninu sem þróunarsvæði fyrir miðbæjarstarfsemi eða athafnasvæði og er fjallað sérstaklega um áhrif þess í umhverfisskýrslu. Á þessu svæði er hægt að byggja upp blandaða miðbæjarstarfsemi með t.d. 100 íbúðum. Mikil eftirspurn er eftir uppbyggingu á miðsvæði og auk þess geta framkvæmdir vegna uppbyggingar nýrrar hafnaraðstöðu orðið til þess að þörf væri á að nýta það efni sem þarna er, til þeirrar framkvæmdar. Ekki er tekin afstaða til þess í hvaða röð uppbygging verður á íbúðarsvæðum að öðru leyti en að ekki er gert ráð fyrir að fara í uppbyggingu á skilgreindu þróunarsvæði við miðbæ (sjá umfjöllun um Þ-1) nema tengt framkvæmdum við nýja stórskipahöfn.




Markmið og verkefni

- Íbúðarhverfi séu aðlaðandi með góðu aðgengi að grænum svæðum, leiksvæðum og þjónustu.
- Uppbygging nýrra íbúða miði að því að staðsetning þeirra sé í göngufjarlægð frá grunnþjónustu á borð við leik- og grunnskóla og leiksvæði.
- Fjölga íbúðum sem henta eldra fólki og ungu fjölskyldufólki, einkum miðsvæðis.
- Þetta miðbæ og eldri hverfi með því að byggja á lausum lóðum til að fylla upp í göt og nýta þá grunngerð sem fyrir er.
- Fjölgun íbúða á hafnarsvæðum er óheimil.
- Breytingar og uppbygging á einstökum lóðum í eldri hverfum skulu taka mið af þeirri byggð sem fyrir er m.t.t. samræmis við núverandi götummynd, hlutföll bygginga og byggingarlist.
- Tryggja að jafnan séu tiltækar byggingarhæfar lóðir fyrir fjölbreyttar húsagerðir á deiliskipulögðum íbúðarsvæðum.
- Á íbúðarsvæðum er minniháttar atvinnustarfsemi leyfð sem samrýmist staðsetningu í íbúðarbyggð svo sem söluturnar og minni verslanir, sem og salir fyrir starfsemi félagasamtaka.
- Ekki er heimilt að veita ný leyfi til að selja gistingu í flokki 1, gistirými í heimagistingu í íbúðarbyggð í meira en 5 herbergjum í íbúð eða fyrir 10 gesti. Vísað í reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Í þeim fasteignum sem leyfi eru fyrir viðameiri gistingu, er hún áfram heimil.

Útfærsla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Stefnan er útfærð með afmörkun svæða fyrir íbúðarbyggð á aðalskipulagsupprætti og skipulagsákvæðum fyrir hvern reit, sbr. töflu að neðan. Allar tölur um fjölda íbúða eru til viðmiðunar þar sem stærð lóða og stærð íbúða getur haft áhrif á fjölda þeirra. Deiliskipulag útfærir stefnu og skipulagsákvæði aðalskipulags nánar.

Innan athafnasvæðisins AT-5, miðsvæðis M-1 og landbúnaðarsvæðis L-3 eru heimilaðar íbúðir. Sjá nánar í skilmálum. Landnotkunarreitur AT-5 er þar sem í fyrra aðalskipulagi var blönduð byggð reita H-3, A-4 og M-1.



Mynd 4 : Íbúðarsvæði aðalskipulagstillögunnar.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir þéttingu byggðar í þegar byggðum hverfum þ.e. á malarvellingum við Löngulág (ÍB-5), við Sólhlíð og Kirkjuveg (ÍB-3), við Hraunhamar og Dverghamar og innan eldri íbúðahverfa.
- Íbúðarsvæði eru stækkuð sunnan við Hraunhamar (ÍB-4) og ofan við Suðurgerði (ÍB-3).

Íbúðarbyggð

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
ÍB-1	Hásteinshverfi	27,5	Hverfið er nánast fullbyggt en nokkrar lóðir eru óbyggðar. Heimilt er að leyfa breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. Heimilt er þetta byggð t.d. með því að byggja á óbyggðum lóðum, byggja við eða endurbyggja. Á íbúðarsvæðinu er leikskóli.
ÍB-2	Strembuhverfi	37,7	Núverandi íbúðarsvæði eru nánast fullbyggð. Gert er ráð fyrir um 20 lóðum fyrir einbýli/tvíbýli/raðhús sunnan Stapa og um 50 lóðum fyrir einbýli/tvíbýli/raðhús sunnan við Hrauntún og Kleifahraun. Húsnæði skal vera á 1-2 hæðum. Íbúðarsvæði sunnan við Hrauntún er til nota eftir skipulagstímabilið.
ÍB-3	Austurbær	30,3	Hverfið er nánast fullbyggt og eingöngu örfáar lóðir óbyggðar. Heimilt er að leyfa breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. Heimilt er að þetta byggð t.d. með því að byggja á óbyggðum lóðum, byggja við eða endurbyggja. Möguleikar eru á þéttingu byggðar við Sólhlíð og Kirkjuveg með grisjun og lóðarbreytingum. Um 20 lóðir eru lausar í Gerðunum fyrir einbýli og parhús. Íbúðarsvæði sunnan við Austurgerði er til nota eftir skipulagstímabilið.
ÍB-4	Vesturbær	38,2	Á svæðinu er fjöldi lausra lóða t.d. fyrir um 30 einbýli við Goðahraun og Búhamar, tvö raðhús í Foldahrauni og þrjár lóðir fyrir fjölbýli í Áshamri. Íbúðarsvæðið er stækkað suður fyrir Hraunhamar en þar er mögulegt að bæta við um 40 lóðum fyrir tvíbýli eða raðhús. Hámarkshæð húsa er tvær hæðir. Á lóð við Goðahraun 1 er heimilt að hafa margskonar starfsemi svo sem verslun, þjónustu, skrifstofur eða gistiheimili. Íbúðarsvæði sunnan Hraunhamars á óbyggðu svæði milli Dvergharmars og Ofanleitisvegur er til nota eftir skipulagstímabilið.
ÍB-5	Langalág	3,2	Nýtt íbúðarsvæði þar sem malarvöllur er tekin undir íbúðarbyggð. Á svæðinu er heimild fyrir lágreistri íbúðarbyggð, einbýli, raðhúsum og/eða litlum fjölbýlishúsum á tveimur hæðum. Gert er ráð fyrir a.m.k. 40 íbúðum. Leggja skal áherslu á minni íbúðir með góðu aðgengi. Á suðurhluta svæðisins hefur verið gróðursett í hlíðina. Áfram skal gera ráð fyrir grænu svæði þar með trjágróðri. Svæðið skal nýta til að skerma íbúðarbyggðina frá nærliggjandi svæði fyrir verslun og þjónustu, eins og þörf er, miðað við þá starfsemi sem þar er.

2.2 Traust samfélagsþjónusta og öflug menningarstarfsemi

Forsendur og áherslur

Svæði fyrir samfélagsþjónustu: Til samfélagsþjónustu teljast stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila. Til þess að kanna hvort þörf er á að breyta aðalskipulagi m.t.t. svæða fyrir slíkar stofnanir er hér farið yfir stöðu þeirra og hvort fyrir dyrum standa einhverjar breytingar sem geta haft áhrif. Jafnframt er farið yfir markmið í fyrirliggjandi stefnu sveitarfélagsins sem varðar skipulagsmál stofnanna.

Leikskólar: Tveir leikskólar eru í Vestmannaeyjum; Kirkjugerði við Dalhraun og Sóli við Ásaveg. Kirkjugerði og Sóli eru báðir fyrir börn á aldrinum 2-5 ára. Þá er starfandi deild fyrir 5 ára börn, Víkin en sú deild heyrir undir Kirkjugerði. Ákveðið hefur verið að bæta við 1 deild á leikskólanum Kirkjugerði. Leikskólarnir voru þrír þegar gildandi aðalskipulag var unnið en börnum á leikskólaaldri hefur fækkað verulega sl. 15 ár.

Reiknað er með að núverandi skólar, ásamt öðrum daggæsluúrræðum nái að svara eftirspurn eftir leikskólaplássi á skipulagstímabilinu. Þar hefur áhrif að fjölskyldum án barna hefur fjölgað, fjöldi fæddra barna á hverja konu á Íslandi hefur farið lækkandi (Hagstofa Íslands 2015c) og reikna má með að hann eigi jafnvel eftir að lækka frekar (Hagstofa Íslands 2015b).

Grunnskóli: Grunnskóli Vestmanneyja er starfræktur á tveimur stöðum; 1.-5. bekkur er í Hamarsskóla við Bessahraun en 6.-10. bekkur er í Barnaskólanum við Skólaveg. Íþróttakennsla fer fram í Íþróttamiðstöðinni við Brimhólalaut. Haustið 2015 stunduðu 530 nemendur nám við skólann. Nemendum hefur farið fækkandi undanfarin ár og er reiknað með að grunnskólinn geti tekið við fleiri nemendum á skipulagstímabilinu, eða sem nemur áætlaðri íbúafjölgun.

Framhaldsskóli: Framhaldsskóli Vestmanneyja er við Dalaveg/Löngulág. Haustið

2015 voru nemendur 230 og hefur þeim heldur farið fækkandi undanfarin ár en flestir voru þeir 300 árið 1997. (Alþingi 2015 og Skólaþróunarsvið kennaradeildar HA 2005) Reiknað er með að húsakostur skólans uppfylli þörf út skipulagstímabilið.

Tónlistarskóli: Öflugur tónlistarskóli er í Vestmannaeyjum og hefur hann aðsetur að Vesturvegi 38. Engar breytingar eru ráðgerðar hvað varðar húsnæði og lóð.

Heilbrigðisstofnun: Heilbrigðisstofnun Suðurlands Vestmannaeyjum er staðsett við Sólhlíð. Þar er heilsugæslustöð og sjúkrahús. Við stofnunina er svigrúm til uppbyggingar á viðbótarhúsnæði þegar þörf verður á.

Þjónusta við aldraða: Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hraunbúðir er við Dalhraun. Þar voru árið 2015, 28 hjúkrunarrými, 8 dvalarrými og 1 rými fyrir hvíldarinnlögn auk dagdvalarrýma fyrir aldraða. Dvalar- og hjúkrunarheimilið er ætlað öldruðum sem ekki eru færir um að annast heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu og öldruðum sem eru of lasburða til að dveljast í þjónusturými. Dagdvöl er stuðningsúrræði fyrir aldraða sem búa í heimahúsum. Þar sem hlutfall aldraðra af íbúafjöldanum fer hækkandi og meðalævi heldur áfram að lengjast, sbr. mannfjöldaspá Hagstofu Íslands, má vænta þess að aukin þörf verði fyrir þjónustuhúsnæði fyrir aldraða. Nýlega er búið að stækka og gera endurbætur á Hraunbúðum t.a.m. til að koma þar inn deild með sérhæfðri þjónustu. Einnig er stefnt að fjölgun þjónustuíbúða fyrir aldraða en búið er að ljúka við nýja aðstöðu fyrir félagsstarf aldraðra í menningarhúsinu Kviku.

Þjónusta við fatlað fólk: Þjónustuíbúðir fyrir fatlað fólk, fimm talsins, eru í sambýli við Vestmannabraut. Þar er skammtímavistun auk fastrar búsetu. Nýlega er búið að byggja upp og efla fjöliðjuna Heimaey, en fjöliðjan var sameinuð stofnun Kertaverksmiðjunnar Heimaeyjar sem er verndaður vinnustaður og Hamars hæfingarstöðvar. Á næstu árum mun sveitarfélagið leggja áherslu á fjölgun leiguíbúða fyrir fatlað fólk. Uppfæra þarf aðstöðu og þjónustu sambýlis sem og efla búsetuþjónustu fyrir þá aðila sem kalla á mikla og sérhæfðar þjónustu. Stærstur hluti fatlaðs fólks hefur tök á að búa í almennu leiguhúsnæði eða í eigin húsnæði með almennri þjónustu. Íbúðir fyrir fatlað fólk falla undir landnotkunarflokkinn íbúðarbyggð.

Menningarstofnanir: Síðustu ár og áratugi hafa menningarstofnanir í Vestmannaeyjum eflst og þeim fjölgað. Í Safnahúsinu við Ráðhúströð eru Sagnheimar, byggðasafn, listasafn, héraðsskjalasafn, bókasafn og ljósmyndasafn, Fiska- og náttúrugripasafnið Sæheimar. Til stendur að stækka Sæheima til muna og samtvinnu við rannsóknir í sjávarlíffræði í samstarfi við stofnanir og vísindamenn innan Þekkingarseturs Vestmannaeyja við Strandveg. Menningarhúsið Kvika stendur við Heiðarveg 17. Þar hefur Leikfélag Vestmannaeyja aðstöðu en í húsinu er leikhússalur með sæti fyrir rúmlega 110 manns og þar er starfrækt bíó. Einnig hefur félag eldri borgara aðstöðu í húsinu en þeirra aðstaða býður meðal annars upp á 9 holu púttvöll og fyrirlestrarsal.


Almennt eru ekki afmarkaðir sérstakir landnotkunarreitir á uppdrætti fyrir söfn, önnur en þau sem taka yfir stærra svæði eins og safnasvæðið á Skansinum og við Eldheima. Vísað er í umfjöllun um þau í kafla um afþreyingar- og ferðamannasvæði. Önnur söfn eru staðsett innan miðsvæðis.

Trúarstofnanir: Landakirkja og safnaðarheimili hennar er við Kirkjuveg, kirkja Aðventusafnaðarins er við Brekastíg (ÍB-1), kirkja Hvítasunnusafnaðarins er við Vestmannabraut (M-1) og félagsheimili KFUM og K er við Vestmannabraut 5 (ÍB-3).

Kirkjugarðar og grafreitir: Kirkjugarður Vestmannaeyja er við Túngötu. Garðurinn hefur nýlega verið stækkaður og getur auðveldlega þjónað hlutverki sínu út skipulagstímabilið.


Stjórnarsýsla: Aðalskrifstofur Vestmannaeyjabæjar eru staðsettar í húsnæði Landsbankans við Bárustíg 15 en skrifstofur bæjarins eru einnig að Skildingavegi 5 og Boðaslóð 8-10.

Börn á leikskólaaldri í Vestmannaeyjum 2000-2015



Mynd 5 : Fjöldi barna á leikskólaaldri (2-5 ára) í Vestmannaeyjum 2000-2015 (Hagstofa Íslands 2015a).

Börn á grunnskólaaldri í Vestmannaeyjum 2000-2015



Mynd 6 : Fjöldi barna á grunnskólaaldri (6-16 ára) í Vestmannaeyjum 2000-2015 (Hagstofa Íslands 2015a).

Markmið og verkefni

- Áhersla á hátt þjónustustig, lýðræðislega stjórnarhætti og náðið og virkt samstarf við íbúa.
- Náms- og starfsumhverfi barna og ungmenna verði vistlegt, fjölbreytt og vel búið og umhverfi skóla og æskulýðsstarfs aðlaðandi og hvetjandi.
- Öllum grunnskólanemendum sem þess óska sé gefinn kostur á að stunda framhaldsnám í Vestmannaeyjum.
- Stutt verði við möguleika allra skólastiga til að nýta sér útikennslu til að styrkja þekkingu þeirra um sérstöðu Vestmannaeyja, náttúrufari, sögu og menningu.
- Aðgengi fyrir alla að húsnæði bæjarfélagsins verði tryggt, t.a.m. með lyftum.
- Vandað verði til umhverfisfrágangs við stofnanir bæjarfélagsins þannig að lóðirnar nýtist vel til útiveru allra aldurshópa. Sérstaklega verði hugað að möguleikum eldri borgara og fatlaðs fólks.

Útfaersla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Stefnan er útfærð með afmörkun svæða fyrir samfélagsþjónustu á uppdrætti og viðeigandi skipulagsákvæðum.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

Á malarvellingnum við Löngulág var svæði fyrir blöndu af þjónustustofnunum og verslun en er nú breytt í íbúðarsvæði.

Samfélagsþjónusta

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
S-1	Hraun	4,5	Á svæðinu er skóli, leikskóli, dvalarheimili fyrir aldraða og tengd starfsemi. Gert er ráð fyrir umhverfismótun sem gerir svæðið sem best úr garði fyrir þá starfsemi.
S-2	Kirkjuvegur	5,4	Á svæðinu er grunnskóli, kirkja og framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum. Á svæðinu eru möguleikar til uppbyggingar samfélagsþjónustu á nýjum lóðum. Áfram er gert ráð fyrir bílastæðum fyrir kirkjugesti fyrir sunnan Kirkjuveg eins og er í dag, með möguleika á stækkun.
S-3	Ásavegur	1,3	Svæði leikskóla og Heilbrigðisstofnunar. Gert er ráð fyrir umhverfismótun sem gerir svæðið sem best úr garði fyrir þá starfsemi.

Kirkjugarður

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
K-1	Vestmannaeyjakirkjugarður	3,3	Garðurinn er 3,2 ha og er reiknað með að fjöldi grafreita dugi til 2050.

2.3 Virkur lífsstíll

Forsendur og áherslur

Virkur lífsstíll miðar að því að Eyjamenn geti samtvinnað athafnir daglegs lífs við hreyfingu og útivist. Heilsusamlegt nærumhverfi og aðlaðandi bæjarmynd felst meðal annars í því að skapa umgjörð utan um daglegt líf íbúa með þeim hætti að þeir eigi auðvelt með að sækja atvinnu, þjónustu og útivist á tveimur jafnfljótum. Á mörgum stöðum í heiminum er verið að vinna eftir þessum viðmiðum, ekki síst til að sporna við auknum lífsstílsjúkdómum sem vaxa hvað hraðast í dag. Eitt viðmið sem gjarnan er unnið eftir er kallað tuttugu mínútna hverfið. Þar er unnið að því að íbúar hafi aðgengi að grunnþjónustu á borð við matvöruverslun, skóla og græn svæði í innan við tuttugu mínútna göngufæri. Tuttugu mínútna hverfin einkennast meðal annars af blöndun íbúðarbyggðar og atvinnusvæða og skapa með því mikið líf. Hvað gengur fólk langt á 20 mínútum? Ætla má að meðalgönguhraði fólks sé í kringum 5 km/klst. Á þessum meðalhraða getur fólk gengið um 1.600 metra, þó það sé auðvitað háð einstaklingum og ytri aðstæðum. Mikill bratti eða torfært yfirborð draga, sem dæmi, úr hraða. Tuttugu mínútna hverfið miðar við meðalgönguhraða og 1.600 metra.

Vegna landfræðilegrar legu sinnar bera Vestmannaeyjar mörg einkenni tuttugu mínútna hverfisins sem margir stærri bæir keppast við að ná. Heimamenn hafa ávallt þurft að fara vel með sitt byggingarland þar sem það er af skörum skammti í sveitarfélaginu. Þetta hefur í för með sér fremur þétta byggð, sé miðað við aðra bæi á Íslandi og meiri blöndun atvinnu- og íbúðarsvæða. Leggja ætti metnað í að halda í þetta einkenni þar sem það stuðlar einnig að öðrum jákvæðum áhrifum, m.a. á lýðheilsu, umhverfið og samfélagið.

Íbúar sem búa í hverfi þar sem gönguhæfi er mikið eru líklegri til að búa við betri heilsu.¹ Íbúðir og atvinnuhúsnæði sem eru í gönguvænu umhverfi viðhalda frekar verðgildi sínu og seljast dýrar. Íbúar hafa val um hvort þeir kaupa annan bíl til heimilisins, eða hvort það sé möguleiki að sleppa honum. Umhverfið hagnast á

minni útblæstri frá bifreiðum auk þess sem minna land fer undir byggingar.

Stytttri vegalengd í skóla og frístundir minnkar þörf á að aka með börn milli staða að því gefnu að leiðin sé örugg. Stytttri vegalengd í leikskóla lækkar þröskuld foreldra til að ganga með börnum sínum í leikskóla, ekki síst ef vinnustaðurinn er einnig í göngufjarlægð.

Kjarni Vestmannaeyja, þar sem finna má flestar verslanir, veitingastaði og aðra þjónustu er eins og sjá má alls staðar í minna en 20 mínútna fjarlægð frá allri íbúðarbyggð. Matvöruverslanir eru í miðbæ.

Í Vestmannaeyjum er góð aðstaða til íþróttaiðkunar og útivistar. Vestmannaeyjar eru íþróttabær en myndarleg uppbygging hefur verið á íþróttasvæðinu við Hástein, þar sem eru fjölbreytt íþróttamannvirki; knattspyrnuvelli, æfingavelli, vallarhús, fjölnotahús, íþróttamiðstöð, sundlaug og heilsurækt. Rétt vestan við Hástein er golfvöllur Vestmannaeyja, 18 holu völlur í fremur stórbrotnu umhverfi með gönguleiðum.

Uppbygging leikvalla hefur aðallega orðið á leikskóla- og grunnskólalóðum. Auk þess eru nokkrir leikvelli innan íbúðabyggðar, en þar eru nokkur göt sem fylla þarf upp í til að ná markmiði um að heimili hafi aðgengi að leikvelli í göngufjarlægð.

Herjólfsdalur er mikilvægt útivistarsvæði fyrir Eyjamenn. Það er vel tengt með gönguleiðum við bæinn. Herjólfsdalur er skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Bæði íþróttasvæðið við Hástein og Herjólfsdalur gegna auk þessu mikilvægu hlutverki í ferðaþjónustu Eyjanna. Tjaldsvæði er í Herjólfsdal og íþróttasvæðinu. Á íþróttasvæðinu eru haldin stór íþróttamót á hverju sumri auk þess sem þjóðhátíð fyllir Dalinn hverja verslunarmannahelgi.

Fyrir utan byggðina eru skotæfinga- og vélhjólasvæði. Vélhjólasvæðið er minnkað í þessari aðalskipulagstillögu þar sem það var stærra en þörf var fyrir.

Sunnan við flugvöllinn eru garðlönd þar sem íbúum gefst kostur á að stunda matjurtaræktun.

1. Sjá t.d. <http://www.citylab.com/design/2014/12/growing-evidence-shows-walkability-is-good-for-you-and-for-cities/383612/>



Í krika sunnan og vestan við flugvöllinn er félagssvæði skátanna. Þar er félagshús og útisvæði.

Áhugi er á því að standsetja aðstöðu til stjórnskoðunar suðaustan við Eldfell en þar er fyrir svæði þar sem heimilt er að leyfa hundum að ganga lausir.

Unnið hefur verið að uppgræðslu á nýja hrauninu t.a.m. á vikursvæðum til að binda jarðveg. Skógræktarsvæði hefur verið í jaðri nýja hraunsins, þar sem það mætir byggðinni, samkvæmt samningi við Skógræktarfélag Íslands sem gerður var árið 1999 til 75 ára. Undanfarin ár hafa verið gróðursett 20.000 tré í nýja hrauninu og kallast skógurinn Hraunskógur. Þá hefur Skógræktarfélag Vestmannaeyja með tilstuðlan Pokasjóðs staðið fyrir merkingum á götum sem hurfu undir vikur og hraun.

Hluti af skógræktarsvæðinu er innan svæðis sem er afmarkað fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði við Eldheima. Engin frekari gróðursetning trjáa er áformuð þar. Sérstaða hraunkantsins innan skógræktarsvæðisins, þar sem hraunið mætir byggð við Heimagötu og Kirkjuveg er mikil. Sett er stefna um að hraunkantinum sé ekki raskað, sjá kafla um hverfisvernd.

Stefna

- Fjölbreytt tækifæri séu til íþróttar- og tómstundaiðkunar, útivistar og almennrar hreyfingar í göngufæri við íbúðarsvæði.
- Stuðlað verði að markvissri og heildrænni heilsuefingu allra aldurshópa í Vestmannaeyjum í samræmi við markmið um heilsuefandi samfélag.
- Áfram skal styrkja leikvelli við skóla og leikskóla, sem miða að leik- og hreyfipörfum barna á leik- og grunnskólaaldri.
- Íbúar hafi aðgang að leiksvæðum sem hvetja til útivistar og samveru fyrir alla aldurshópa. Áhersla er lögð á leiksvæði t.d. á Stakkagerðistúni, í Herjólfssdal og við leik- og grunnskóla bæjarins.
- Sérkenni landslags svo sem klettaborgir og óhreyft hraun á íþróttar- og útivistarsvæðum skal varðveita svo sem kostur er.
- Hjólástæði verða í boði við opinberar stofnanir og við helstu áfangastaði á útivistarsvæðum.

Útfaersla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Á skipulagsupprætti eru sýndir landnotkunarreitir fyrir íþróttasvæði, opin svæði og skógræktar- og landgræðslusvæði. Um þá gilda eftirfarandi skipulagsákvæði.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

- Íþ-4 akstursíþróttasvæði fyrir vélhjól er minnkað.
- Bætt er við svæði fyrir aðstöðu til stjórnskoðunar, OP-4.
- Opið svæði til sérstakra nota með félagssvæði hestamanna við Dali ásamt ræktuðum túnum er fellt út. Landnotkun er breytt í athafnasvæði en áfram er gert ráð fyrir félagssvæði hestamanna innan þess svæðis.

Skógræktar- og landgræðslusvæði

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð	Skipulagsákvæði
SL-1	Skógræktarsvæði á nýja hrauni	22,2	Hluti af skógræktarsvæði samkvæmt samningi við Skógræktarfélag Íslands. Ekki er gert ráð fyrir mannvirkjum innan svæðisins öðrum en þeim sem þjóna notkun svæðisins svo sem gönguleiðum, skiltum og bílastæðum. Vernda þarf hraunkantin vegna sérstöðu hans og er óheimilt að raska honum á svæðinu að Heimagötu 35. Hluti af skógræktarsvæðinu er undir hverfisvernd
SL-2	Skógræktarsvæði við Helgafell	0,7	Skógræktarsvæði sem var afmarkað þegar Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti kom í heimsókn til Vestmannaeyja 25. júní 1989. Þá gróðursetti hún og bæjarfulltrúar 12 tré á svæðinu og hvatti til þess að hlúð yrði að gróðurreitnum í framtíðinni.

Íþróttasvæði

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
Íþ-1	Golfvöllur	40,5	18 holu golfvöllur ásamt tilheyrandi mannvirkjum þ.m.t. áhaldageymslu og æfingahúsi. Vinsælar gönguleiðir eru um svæðið. Bætt verði aðgengi að vinsælum áningarstöðum á borð við Kaplagjótu og Mormónapoll sem eru við golfvöllinn með uppbyggingu göngustíga.
Íþ-2	Íþrótt- og útivistarsvæði við Hástein	19,3	Íþrótt- og útivistarsvæði með íþróttastöðu svo sem sundlaug, íþróttahúsum, æfingavöllum, áhorfendastúku og tilheyrandi aðstöðu. Í Hásteinsgryfju er heimilt að hafa starfsemi s.s. fyrir gistingu, veitingasölu eða aðstöðu fyrir heilsulind/heilsurækt. Tjaldsvæði er sunnan og austan við Þórsheimili, með aðstöðu fyrir fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna, húsbíla, tjöld og aðra ferðavagna. Gert er ráð fyrir þjónustuaðstöðu í og við Þórsheimili. Leiksvæði skulu vera á svæðinu sem mæta þörfum yngri og eldri íbúa. Sérkenni í landi svo sem klettaborgir og óhreift hraun skal varðveita svo sem kostur er. Góðar göngutengingar skulu liggja um svæðið.
Íþ-3	Skotæfingasvæði	1,0	Á svæðinu er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir skotíþróttir og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem slík nýting kallar á. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og lögð áhersla á góðan umhverfisfrágang. Grípa þarf til aðgerða til að koma í veg fyrir líkur á blýmengun í jarðvegi og að dregið sé úr hljóðmengun með skothúsum og hljóðmönnum. Ekki er gert ráð fyrir stærri mannvirkjum svo sem félagsaðstöðu/aðstöðuhúsi.
Íþ-4	Akstursíþróttasvæði	3,9	Akstursíþróttasvæði fyrir vélhjól. Gert er ráð fyrir að mögulegt sé að koma upp aðstöðuhúsi/vallarhúsi og verkstæði/geymslu á vestanverðu svæðinu, við aðkomu að því. Skilgreina þarf aðkomu og bílastæði. Koma má upp tímabundinni aðstöðu en ávallt skal sækja um stöðuleyfi fyrir færanlega aðstöðu.
Íþ-5	Helgafellsvöllur	2,9	Á svæðinu er gert ráð fyrir æfingavelli og tilheyrandi mannvirkjum svo sem litlu aðstöðuhúsi.

Opin svæði

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð	Skipulagsákvæði
OP-1	Skátasvæði	7,3	Útivistarsvæði skáta þar sem gert er ráð fyrir félagshúsi og útivistarsvæði. Heimilt er að starfrækja minniháttar starfsemi á svæðinu sem tengist tímabundinni útleigu á félagshúsi og aðgang að affþreyingarsvæði og tjaldsvæði.
OP-2	Garðlönd	4,9	Garðlönd þar sem Vestmannaeyjabær úthlutar reitum til matjurtaræktar. Ekki er gert ráð fyrir mannvirkjum á svæðinu.
OP-3	Hundasvæði	2,3	Svæði þar sem hægt er að fara með hunda og þar mega þeir ganga lausir. Svæðið er ekki afmarkað eða afgirt. Stefnt er að því að sett verði upp upplýsingaskilti sem kynnir svæðið og afmörkun þess og hvetji hundaeigendur til að virða afmörkun svæðisins.
OP-4	Stjörnuskoðunarsvæði	0,3	Svæði fyrir stjörnuskoðun þar sem heimilt er að gera mannvirki sem hentar til stjörnuskoðunar. Hámarksstærð mannvirkis er 150 m ² . Gera skal ráð fyrir bílastæðum innan svæðisins.

2.4 Landbúnaður

Forsendur og áherslur

Í Vestmannaeyjum hefur verið stundaður landbúnaður frá fornu fari og hefð fyrir því að nýta það ræktanlega svæði sem er til staðar, þó í smáum sniðum sé. Þrátt fyrir miklar breytingar á lífsháttum fólks hefur landbúnaður ekki lagst af og má meðal annars finna sauðfé og hesta í Eyjum. Þessi lifandi landnotkun eykur fjölbreytileika eyjanna og styður við fjölbreytta búsetukosti. Jarðir í Eyjum voru litlar og stóðu þétt saman í þyrpingu, innan hlaðinna grjótgarða sem umluktu tún og bæjarhús. Þessir hlöðnu garðar eru víða og þar gefst færi á að lesa sögu byggðar úr landslaginu.

Sauðfjárbúskapur í Vestmannaeyjum hefur ríka sérstöðu sem vekur jafnan athygli. Vegna þess hve lítil beit er í Heimaey hefur tíðkast að ær og lömb séu flutt á beit út í úteyjar. Ríkar skyldur hvíla á tómstundabændum um að beit sé hófleg.

Áframhaldandi tómstundabúskapur er forsenda þess að þessi séreinkenni glattist ekki. Landbúnaður í Vestmannaeyjum verður áfram í höndum tómstundabænda og í litlum mæli því tún og ræktanlegt land standa ekki undir stærri fóður- og/eða matvælaframleiðslu. Hins vegar búa fjölmörg tækifæri í slíkum tómstundabúskap og samspili hans við aðrar atvinnu- og þjónustugreinar í Vestmannaeyjum. Áherslur í landbúnaði eru að breytast. Neytendur leggja aukna áherslu á að þekkja uppruna vara sem þeir neyta. Veitingahús státa sig í æ meiri mæli af matargerð með mat úr heimabyggð og áherslu á bein tengsl við framleiðanda. Tómstundabúskapur sem krefst lítils landrýmis, með áherslu á séreinkenni Vestmannaeyja, getur stuðlað að nýsköpun, heimaframleiðslu og samstarfi lítilla framleiðenda við hinn sívaxandi veitinga- og þjónustugeira í Vestmannaeyjum. Matvælaframleiðsla þarf þó alltaf að uppfylla kröfur sem settar eru fram í matvælaeaglugerð. Boðið hefur verið upp á hestaleigu fyrir íbúa og ferðamenn.

Markmið og verkefni

- Skapa valkost fyrir búsetu í Vestmannaeyjum, þar sem íbúum gefst kostur á að stunda tómstundabúskap sem krefst ekki mikils landrýmis.
- Stuðla að áframhaldandi búsetu og viðhalda landbúnaðarlandslagi með ræktun og beit á sjálfbæran hátt.
- Stuðla að möguleika á fjölbreyttri ræktun matjurta og/eða húsdýra og gefa færi á slíkri framleiðslu í heimabyggð.
- Halda góða og aðgengilega skrá og mæld kort yfir tún og garðlönd og gera skal samninga um nýtingu þeirra, á milli Vestmannaeyjabæjar og tómstundabænda, þannig að landnotkun túna og ræktaðs lands verði í samræmi við samninga.

Útfærsla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

- Stefnan er útfærð með afmörkun svæða til landbúnaðarnota á uppdrætti og skipulagsákvæðum fyrir hvert svæði.
- Á landbúnaðarsvæði við vesturenda flugbrautar flugvallarins er heimilt að byggja íbúðarhús en gæta skal að samræmi við það menningarlandslag dreifbýlis sem fyrir er og minjar um byggð.
- Skipulagðar gönguleiðir geta legið um landbúnaðarsvæði en tilhögun þeirra skal vera þannig að hún trufla ekki húsdýrahald.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

- Ekki er lengur heimilt að byggja frístundahús á svæði F-3 og F-4 en heimildir eru inni fyrir íbúðarhús. Æskilegt að ný hús byggist upp í tengslum við núverandi hús. Heimild sett inn fyrir minniháttar atvinnustarfsemi s.s. í tengslum við ferðaþjónustu.

Landbúnaður

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
L-1	Lukka	2,3	Ræktuð tún og beitoland sem eru nýtt af tómstundabændum. Tvö íbúðarhús með bílskúrum; Lukka og Heiðarbær. Frekari mannvirkjagerð óheimil.
L-2	Fellavegur	17,7	Ræktuð tún og beitoland sem eru nýtt af tómstundabændum. Einföld skýli fyrir húsdýr eru á svæðinu. Frekari mannvirkjagerð óheimil.
L-3	Vesturendi flugbrautar	24,4	Á svæðinu er gert ráð fyrir að hægt sé að stunda tómstundabúskap sem ekki krefst mikils landrýmis og bjóða upp á gistingu. Skepnuhald og jarðrækt er heimil. Skjólbeltaræktun er heimil og skal hún taka mið af sérkennum svæðisins og búsetusögu, og stefnu um varðveislu hlaðinna garða og annarra minja um búsetulandslag. Heimilt er að starfrækja minni háttar starfsemi á svæðinu svo sem almenna ferðapjónustu eða ýmis konar þjónustu s.s. minni gistiheimili, gistiskála heimagistingu eða gistingu í frístundahúsum/smáhýsum og veitingastaði í flokki I og II og miðast skilgreiningar á þessum stöðum við reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Varðveita skal hlaðna garða og aðrar minjar um búsetulandslag. Við alla nýtingu svæðisins skal horfa til sérkenna svæðisins og búsetusögu. Gæta þarf að hljóðvist við skipulag vegna nálægðar við flugvöll. Heimilt er að byggja ný íbúðarhús á svæðinu á lóðum sem verði 1-3 ha að stærð. Húsin skulu vera heilsárshús og ein til tvær hæðir. Æskilegt er að ný hús byggist upp nærri þeim húsum sem fyrir eru til að nýta grunnkerfi vel. Alls er reiknað með að á svæðinu geti orðið um 20 íbúðarhús. Í tengslum við íbúðarhús er heimilt að byggja útihús, vinnustofur eða frístundahús til útleigu. Heimilt er að afmarka lóð fyrir kapellu á svæðinu. Áður en kemur að uppbyggingu vegna ferðapjónustu eða nýrra íbúðarhúsa skal vinna deiliskipulag fyrir landnotkunarreitinn í heild sinni. Dælustöð frá vatnsveitunni er við Norðurgarð.
L-4	Ofanleiti	4,8	Á svæðinu er gert ráð fyrir að hægt sé að stunda tómstundabúskap sem ekki krefst mikils landrýmis. Skepnuhald og jarðrækt er heimil. Skjólbeltaræktun er heimil og skal hún taka mið af sérkennum svæðisins og búsetusögu, og stefnu um varðveislu hlaðinna garða og annarra minja um búsetulandslag. Í dag er á svæðinu skipulagt orslofssvæði með einu íbúðarhúsi, þjónustuhúsi, 10 sumarhúsum og tjaldstæði. Heimilt er að byggja ný íbúðarhús á svæðinu til viðbótar við þau sem eru í dag, þannig að heildarfjöldi verði allt að 4 hús á jafnmörgum lóðum, sem væru allt að 0,5 ha. Í tengslum við íbúðarhús er heimilt að byggja útihús, vinnustofur eða frístundahús til útleigu. Heimilt er að starfrækja minni háttar starfsemi á svæðinu svo sem almenna ferðapjónustu eða ýmis konar þjónustu s.s. minni gistiheimili, gistiskála heimagistingu eða gistingu í frístundahúsum/smáhýsum og veitingastaði í flokki I og II og miðast skilgreiningar á þessum stöðum við reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Áður en kemur að uppbyggingu vegna ferðapjónustu eða nýrra íbúðarhúsa skal vinna deiliskipulag fyrir landnotkunarreitinn í heild sinni. Varðveita skal hlaðna garða og aðrar minjar um búsetulandslag. Við alla nýtingu svæðisins skal horfa til sérkenna svæðisins og búsetusögu. Gæta þarf að hljóðvist við skipulag vegna nálægðar við flugvöll.

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
L-5	Háufoldir	46,2	Ræktuð tún og beitiland sem eru nýtt af tómstundabændum. Frekari mannvirkjagerð óheimil en halda má við þeim mannvirkjum sem eru til staðar.
L-6	Lyngfell	16,8	Ræktuð tún og beitiland sem eru nýtt af tómstundabændum. Einföld skýli fyrir húsdýr eru á svæðinu, fjarskiptamastur og aðstöðuhús. Útihúsum á svæðinu má halda við en frekari mannvirkjagerð er óheimil.
L-7	Lyngfell	15,9	Ræktuð tún og beitiland sem eru nýtt af tómstundabændum. Á svæðinu eru gripahús tómstundabænda og á Lyngfellir eru hesthús/útihús. Heimilt er að byggja upp útihús fyrir tómstundabúskap á svæði við gamla eggjabúið. Ekki er gert ráð fyrir annarri uppbyggingu útihúsa eða bygginga.
L-8	Breiðibakki	8,4	Ræktuð tún og beitiland sem eru nýtt af tómstundabændum. Útihúsum á svæðinu má halda við en frekari mannvirkjagerð/byggingar eru óheimilar.
L-9	Stórhöfði	13,0	Viti, vitavarðarbústaður, beitiland og tengd mannvirki. Mannvirkjum má halda við en frekari mannvirkjagerð/byggingar eru óheimilar. Fjarlægja skal allar girðingar á svæðinu.





3. Kraftmikið atvinnulíf

3.1 Forsendur og áherslur

Aðalatvinnuvegir: Vestmannaeyjar eru eitt vinnusóknarsvæði (Byggðastofnun, 2012). Sjávarútvegur hefur verið aðalatvinnuvegur Eyjamanna frá því að byggð myndaðist í Heimaey. Það er þó aðeins að breytast, ekki síst með ferðaþjónustunni sem hefur vaxið mikið frá því Landeyjahöfn tók við sem landgangur til og frá Eyjum. Tvö öflug sjávarútvegsfyrirtæki mynda hryggsúluna í sjávarútvegi Vestmannaeyja en einnig er mikil þjónustustarfsemi í kringum sjávarútveginn; léttur iðnaður, vélsmiðjur og þess háttar.

Í Eyjum er öflug verslun og þjónusta enda gera erfiðar samgöngur og fjarlægðir í næstu byggðarlög það að verkum að eftirspurn er eftir þjónustu í heimabyggð (Byggðastofnun, 2012). Með tilkomu Landeyjahafnar hefur einnig orðið aukning í því að íbúar næst Landeyjahöfn sjái sér hag sinn í því að sækja þjónustu til Vestmannaeyja sem þeir sóttu áður á Selfoss eða höfuðborgarsvæðið. Þannig má sjá fyrir sér að þetta þjónustuhlutverk geti aukist í framtíðinni.

Mannauður og atvinnuþátttaka: Atvinnuleysi í Vestmannaeyjum hefur undanfarin ár verið á milli 1-4%. Atvinnuleysið sveiflast og er meira yfir háveturinn en lækkar svo á sumrin. Eftir hrun varð höggið fyrir Vestmannaeyjar ekki eins þungt og víða annars staðar á landinu. Atvinnuleysi jókst en ekkert í líkingu við þróunina á mörgum öðrum svæðum, auk þess sem atvinnuleysistölur fóru fljótt í jafnvægi.

Í febrúar 2015 var gerð könnun á fjölda stöðugilda í Vestmannaeyjum. Þá var reiknað með að 1.907 stöðugildi væru í Vestmannaeyjum á sama tíma og Vinnumálastofnun skilgreindi að vinnuafl í Vestmannaeyjum væri 2.412 manns. Mismunur milli heildarvinnuafls og stöðugilda má skýra með fjölda fólks sem vinnur hlutastörf (H. Sævaldsson, 2015).

Í könnun um atvinnutækifæri í byggðarlögum með viðvarandi fólksfækkun frá 2012 sögðu marktækt fleiri þátttakendur í Vestmannaeyjum en í öðrum landshlutum að atvinnutækifæri fyrir karla í byggðarlaginu væru mjög eða frekar góð, eða 65%. Þá töldu um 67% þátttakenda í Vestmannaeyjum atvinnuöryggi kvenna og karla mjög


eða frekar gott (Byggðastofnun, 2012).

Fjölmennustu hópar atvinnulausra í Eyjum síðastliðinn 8 ár eru konur, ungt fólk, fólk sem hefur lokið grunnskólaprófi og starfsfólk fiskvinnslustöðva þegar vinnsla stöðvast tímabundið. Undanfarin ár hafa Vestmannaeyjar notið góðs af uppsveiflu í uppsjávarafla- og vinnslu. Samanburður á útsvarstekjum sveitarfélaga á Suðurlandi sýnir glögg að útsvarstekjur hafa sveiflast mjög mikið frá 2002-2012 en útsvarstekjur í Vestmannaeyjum eru marktækt hærri á hvern íbúa en í nágrannasveitarfélögunum.


Fjölbreytni og þróun atvinnulífs: Í sjávarútvegi voru árið 2015 um 805 stöðugildi. Þar eru 85% í sjómennsku og fiskvinnslu en 15% í yfirstjórn eða stoðþjónustu. Þegar mest er má áætla að um 900 manns vinni við útgerð og fiskvinnslu eða um 37% vinnuafis í Vestmannaeyjum. Í samantekt sem unnin var um breytingu á fjölda stöðugilda í Vestmannaeyjum má lesa það að út að frá árinu 2007 hefur störfum við fiskveiðar fækkað nokkuð. Á hinn bóginn hefur störfum í fiskvinnslu fjölgað umtalsvert. Fjölgun þessi er rakin til almennrar fjölgunar starfsfólks hjá fiskvinnslustöðvum, ekki síst aukinna umsvifa Vinnslustöðvarinnar sem fyrri hluta árs 2015 var orðinn stærsti vinnustaður Vestmannaeyja (H. Sævaldsson, 2015).

Vestmannaeyjabær er annar stærsti vinnuveitandinn í Eyjum, en var stærstur árið 2012 (Byggðastofnun, 2012). Vöxtur í ferðaþjónustu hefur skilað sér í fjölgun stöðugilda í ferðaþjónustu auk þess sem iðn- og byggingarfyrirtæki hafa fjölgað starfsfólki (H. Sævaldsson, 2015). Vestmannaeyjabær hefur verið stærsti framkvæmdaraðili í bænum undanfarin ár, meðal annars við byggingu knattspyrnuhúss, nýs útivistarsvæðis og fleiri mannvirkja (Byggðastofnun, 2012).

Sjávarútvegurinn er hluti af stolti og sjálfsmynd Eyjamanna. Þeir eru stoltir af atvinnuvegunum sínum og hve mikið þeir leggja fram til þjóðarbúsins. Kraftmikið atvinnulíf til framtíðar byggir meðal annars á því með hvaða hætti frumframleiðslugreinar eru teknar á næsta stig og tengdar við skólakerfið. Enn eru vannýtt tækifæri í sjávarútveginum. Styrkleiki sjávarútvegsins í Vestmannaeyjum er meðal annars sá að þaðan er fiskurinn fluttur beint út. Eyjamenn leggja mikla áherslu á að halda kvótanum í heimabyggð og fyrirtækjum í meirihlutaeign heimamanna. Stærri fyrirtækin í Eyjum kaupa gjarnan í minni fyrirtækjum og erum dæmi um að einstök fyrirtæki séu í eigu beggja stóru fyrirtækjanna. Vinnsla úr sjávarafurðum er



Mynd 7 : Atvinnuleysi í Vestmannaeyjum 2000-2016 borið saman við landið allt (Vinnuálastofnun af vef).



Mynd 8 : Útsvarstekjur á hvern íbúa eftir sveitarfélögum 2002-2012 (Hagstofa Íslands).

meðal annars hjá Grími kokki sem hefur að jafnaði 30-40 manns í vinnu og dreifingu um allt land (Byggðastofnun, 2012).

Stærsta atvinnusvæðið er í og við höfnina. Nokkuð hefur verið um uppbyggingu á þegar byggðum lóðum undanfarin ár, endurnýjun húsa og viðbyggingar. Mikil eftirspurn er eftir góðum lóðum fyrir atvinnustarfsemi en lítið framboð. Lítil eftirspurn hefur verið eftir lóðum á fyrrum athafnasvæði hraunhitaveitunnar en svæðið þykir berangurslegt og langt frá þéttbýlinu. Svæðið verður áfram á skipulagi sem athafnasvæði og þar verður unnið að landmótun þar sem nýting svæðisins verður undirbúin. Gerð er tillaga um nýtt athafnasvæði við leiðina út á Flugvöll og er vonast til þess að það skapi tækifæri fyrir atvinnulífið.

Mikill vöxtur er í ferðaþjónustu. Bæði hefur farþegum með Herjólf og flugi fjölgað en einnig koma sífellt fleiri gestir til Eyja með skemmtiferðaskipum. Áhugi uppbyggingaraðila er á því að bæta við gistirými t.a.m. með viðbyggingum. Gæta þarf að þolmörkum Vestmannaeyja sem ferðamannastaðar. Almennt stýrir ferðatíðni Herjólf þeim fjölda sem getur heimsótt Eyjuna en fjölgun heimsóknar skemmtiferðaskipa eykur álagið með miklum fjölda sem heimsækir eyjuna í stuttan tíma. Æskilegt er að uppbygging grunnkerfa miði við að ferðamenn geti sem mest gengið eða hjólað erinda sinna og upplýsingagjöf miði við það.

Mikil áhersla hefur verið lögð á stuðning við atvinnulífið. Í þekkingarsetrinu hafa rannsóknarstofnanir Eyjanna verið sameinaðar undir eitt þak. Boðið er upp á atvinnuráðgjöf með sérstaka áherslu á sjávarútveg og ferðaþjónustu og samhliða fer þar fram ýmis rannsókna- og þróunarvinna. Þekkingarsetrið sér um rekstur byggðasafns og náttúrugripa- og fiskasafns undir heitunum Sagnheimar og Sæheimar en ásamt Eldheimum mynda þessi söfn sterkt aðráttarafl. Í þekkingarsetrinu er m.a. útibú Hafrannsóknarstofnunar, Háskóla Íslands, Matís, Náttúrustofa Suðurlands, Surtseyjarstofa og Viska sem er fræðslu og símenntunarmiðstöð Vestmanneyja. Markmið þekkingarseturs er að mynda klasa þar sem saman koma margir smærri aðilar sem saman mynda sterkari heild. Unnið er áfram að þessu sama markmiði en í hluta af endurbyggðu húsi Fiskiðjunnar verður boðið upp á aðstöðu fyrir einyrkja til að mynda stærri einingu. Mikil eftirspurn er eftir því að taka þátt í því verkefni.

Meginmarkmið

- Vestmannaeyjar eru öflugt atvinnusvæði þar sem sjávarútvegurinn er meginstoðin.
- Verslun, þjónusta, athafnastarfsemi og ferðaþjónusta styðja við fjölbreytt atvinnulíf.
- Líflegur miðbær Vestmannaeyja er miðstöð atvinnulífs og mannlífs sem bindur saman gróskumikil atvinnusvæði og íbúðarbyggð.
- Vestmannaeyjingar eru góðir gestgjafar.

3.2 Sjávarútvegur

Forsendur og áherslur

Vestmannaeyjabær hefur hug á því að stækka við hafnarsvæði og bæta aðstöðu fyrir stærri flutningaskip og skemmtiferðaskip. Nýr viðlegukantur eykur samkeppnisstöðu bæjarins og gerir mögulegt að taka á móti stærri flutninga- og skemmtiferðaskipum en áður.

Hjá skipafélögunum hefur þróunin verið sú að flutningaskipin hafa verið að stækka og miðað við núverandi aðstæður í höfninni getur komið að því að ekki verði hægt að taka á móti þessum skipum. Greiður aðgangur að útflutningshöfn er mikilvægur fyrir atvinnulífið og því vill Vestmannaeyjabær skoða tiltæka kosti til að bæta aðstöðuna og horfa til framtíðar.

Þrjár staðsetningar hafa verið skoðaðar; út frá Eiðinu, við Löngu og við Skansfjöru, eins og fjallað er um í umhverfismati. Niðurstaðan er að tveimur kostum er haldið inni, þannig að stefnt er að því að byggð verði ný höfn við Eiðið með landfyllingu við Eiðið annars vegar og og í Skansfjöru hins vegar. Báðum kostum fylgja brimvarnargarðar, við Eiðið vestan við viðlegukantinn og í Skansfjöru út frá nýja hrauninu. Ekki er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir uppsjávarskip og löndun í þessum kostum.

Það er mat sveitarfélagsins að höfn við Eiðið sé besta lausnin til framtíðar. Í dag er ófremdarástand í Vestmannaeyjahöfn vegna fjölgunar á skipakomum. Vestmannaeyjar eru háðari höfn en flest önnur byggðalög. Bæta þarf aðstöðu til

að stærri flutningaskip geti lagst að í Eyjum en geta í dag, vegna takmarkana t.d. á aðstöðu til að snúa skipum á innri höfninni. Vaxtartækifæri Vestmannaeyja eru algjörlega háð höfninni og stækkunarmöguleikum. Ákvörðun um uppbyggingu hafnar er tekin í samgönguáætlun en ekki heima í Eyjum. Þess vegna metur sveitarfélagið stöðuna svo að nauðsynlegt sé hafa báða kosti inni á skipulagi. Verði byggð ný höfn við Eiðið er ólíklegt að einnig verði byggt upp við Skansinn. Ef hins vegar verður byggð ný höfn við Skansinn þá vill sveitarfélagið halda höfn við Eiðið inni á skipulagi þar sem það er besta lausnin til framtíðar.

Árið 2001 var veitt leyfi til laxeldis í Klettsvík en leyfið hefur ekki verið nýtt. Þar var stundað áframeldi á þorski á Klettsvíkinni í kví til og með árinu 2004. Hugmyndir voru um sjóeldi í Viðlagafjöru en af því varð ekki. Gert er ráð fyrir að fiskeldi geti mögulega rúmast á hafnarsvæðinu við Eiðið (H-2) eða á athafnasvæðinu á hrauninu (AT-2) en ef til kæmi þyrfti að vinna nánar með staðsetningu innan þessara svæða.

Markmið og verkefni

- Lögð er áhersla á öfluga útgerð og fiskvinnslu. Aðstaða þessara greina í landi og í höfn verði eins og best getur orðið á hverjum tíma. Lóðir fyrir þessa starfsemi verði tiltækar eins og kostur er innan hafnarsvæðis.
- Í samstarfi rannsóknarstofnana og útvegs- og fiskvinnslufyrirtækja verði stuðlað að fjölþættari sjávarnytjum, vinnslu nýrra afurða og aukinni fullvinnslu.
- Áfram verði áhersla lögð á öflugan þjónustuiðnað fyrir útgerð og fiskvinnslu.
- Byggð verði stórskipahöfn við Eiðið og/eða í Skansfjöru með aðstöðu fyrir stærri flutningaskip og skemmtiferðaskip.
- Svæði fyrir fiskeldi er möguleiki á hafnarsvæðinu við Eiðið eða á athafnasvæðinu á nýja hrauni.

Útfærsla stefnunnar

Stefnan er útfærð með afmörkun hafnarsvæðis á uppdrætti og viðeigandi skipulagsákvæðum.

Gert er ráð fyrir nýrri stórskipahöfn við Eiðið og í Skansfjöru. Settir eru skilmálar um að ef verður af framkvæmdum við Eiðið þá skuli endurskoða stefnu um stórskipahöfn

í Skansfjöru.

Víða á hafnarsvæðinu eru sjótökuholur sem nýttar eru við atvinnustarfsemi.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

- Ný stórskipahöfn við Eiðið og í Skansfjöru en ef farið verður í uppbyggingu við Eiðið þá skal endurskoða stefnu um höfn í Skansfjöru.
- Dregið er úr umfangi hafnarsvæðis við Skansinn og Skansinum breytt í afþreyingar og ferðamannasvæði í samræmi við landnotkun.
- Ekki er gert ráð fyrir svæði fyrir fiskeldi í sjónum við Vestmannaeyjar.

3.3 Athafna- og iðnaðarstarfsemi

Forsendur og áherslur

Athafnasvæðið við höfnina er að mestu fullbyggt. Mikil eftirspurn er eftir lóðum fyrir atvinnuhúsnæði þar en lítið framboð. Í aðalskipulagi hefur verið gert ráð fyrir nýju athafnasvæði á svæði hraunhitaveitunnar í Eldhrauni en engin uppbygging átti sér stað þar á síðasta skipulagstímabili. Eftirspurn hefur verið lítil vegna fjarlægðar við byggðina og þess að svæðið er talið vindasamt. Í tillögu að nýju aðalskipulagi er gert ráð fyrir nýju athafnasvæði við veginn út á flugvöll. Svæðið er vel tengt við samgöngur, stutt frá byggðinni og nálægð við flugvöllinn er kostur. Svæðið er utan öryggissvæðis meðfram brautum og snertir ekki hindranafleti í aðflugsstefnu. Eldra athafnasvæði við höfnina verður styrkt með endurskipulagningu eins og þörf verður á. Í Ofanleiti er lítið athafnasvæði og svigrúm fyrir eina óbyggða lóð. Á athafnasvæðum er gert ráð fyrir hreinlegri atvinnustarfsemi.

Á mörkum miðbæjar til vesturs við Strandveg er nú afmarkað athafnasvæði sem áður var með blandaða landnotkun hafnar, miðbæjar og athafnasvæðis. Ekki er lengur heimilt skv. skipulagsreglugerð að hafa blandaða landnotkun en skilgreina á landnotkun miðað við ríkjandi landnotkun. Ríkjandi landnotkun á þessu svæði er atvinnustarfsemi sem fellur undir þá atvinnustarfsemi sem finnst á athafnasvæðum.

Hafnarsvæði

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
H-1	Hafnarsvæði miðbær	14,7	Hafnarsvæði þar sem fyrst og fremst skal leggja áherslu á atvinnuhúsnæði og hafnsækna starfsemi. Á svæðinu er aðalferjuhöfn Vestmannaeyja þar sem Herjólfur leggur að bryggju, með tilheyrandi starfsemi. Svæðið nýtist undir blandaða starfsemi, svo sem léttan iðnað, þjónustu og verslun. Stuðla skal að aðlaðandi ásýnd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður með tilliti til hreinlætis, frágangs og hávaða í samræmi við blandaða landnotkun og nálægð við miðbæ. Hafnarstarfsemi er eftir sem áður ríkjandi landnotkun. Breytingar á eldra húsnæði og viðbyggingar skulu falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. Aðveitustöð fyrir rafveitu er á Básaskersbryggju við Skildingaveg, þar eru aðalspennar veitunnar og varaafsvélar eru uppsettar. Tengivirki er á lóðinni við Strandveg 16. Engar íbúðir eru heimilar á svæðinu. Innan hafnarsvæða er unnt að gera óverulegar breytingar á hafnarbakka, bryggjum og landfyllingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, en gera skal grein fyrir slíkum breytingum í deiliskipulagi.
H-2	Hafnarsvæði Eiðið	17,7	Hafnarsvæði þar sem fyrst og fremst skal leggja áherslu á atvinnuhúsnæði og hafnsækna starfsemi. Engar íbúðir eru heimilar á svæðinu. Innan hafnarsvæða er unnt að gera óverulegar breytingar á hafnarbakka, bryggjum og landfyllingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, en gera skal grein fyrir slíkum breytingum í deiliskipulagi.
H-3	Stórskipahöfn við Eiðið	11,4	Stórskipahöfn við Eiðið þar sem gert er ráð fyrir landfyllingum, brimvarnargarði, athafnasvæði hafnarinnar á landfyllingu, og viðlegukanti þar sem hægt er að taka á móti skemmtiferðaskipum, flutningaskipum og öllum stærri skipum, með tilheyrandi aðstöðu. Hafnsækin starfsemi á landfyllingu. Unnt er að gera óverulegar breytingar á afmörkun hafnarbakka, bryggjum og landfyllingu við endanlega hönnun mannvirkjanna, án þess að breyta aðalskipulagi.
H-4	Stórskipahöfn í Skansfjör	4,0	Stórskipahöfn í Skansfjör þar sem gert er ráð fyrir viðlegukanti og athafnasvæði fyrir höfnina á landfyllingu. Við hafnarkant verður hægt að taka á móti stórum flutningaskipum og stórum skemmtiferðaskipum með tilheyrandi aðstöðu. Hafnsækin starfsemi á landfyllingu. Ekki gert ráð fyrir aðstöðu til löndunar. Þar til svæðið verður tekið undir hafnarstarfsemi verður svæðið fyrir efnistöku og tengda starfsemi. Þá skal miða við að taka ekki meira efni en safnast fyrir vegna hafstrauma. Efnismagnið endurnýjast með efnisflutningi strauma og er u.þ.b. 10-20.000 á ári. Á meðan svæðið er nýtt til efnistöku er ekki heimilt að reisa þar byggingar en heimilt er að staðsetja þar hreyfanleg tæki til efnisvinnslu og veita stöðuleyfi fyrir t.d. tímabundinni starfsmannaaðstöðu. Ef farið verður í uppbyggingu hafnaraðstöðu við Eiðið þá skal endurskoða stefnu um stórskipahöfn við Skansinn. Unnt er að gera óverulegar breytingar á afmörkun hafnarbakka, bryggjum og landfyllingu við endanlega hönnun mannvirkjanna, án þess að breyta aðalskipulagi.
H-5	Brimvarnargarður við nýja hraunið	0,7	Brimvarnargarður út frá nýja hrauninu, til að verja höfnina fyrir sjógangi. Unnt er að gera óverulegar breytingar á afmörkun varnargarðs við endanlega hönnun mannvirkisins, án þess að breyta aðalskipulagi.

Strangar heimildir eru settar inn fyrir þeim íbúðum sem heimilt er að hafa á svæðinu en þar sem þær eru heimilar, skal ávallt hafa atvinnustarfsemi á jarðhæð. Með því að afmarka þennan reit sér er hægt að skerpa á skilmálum fyrir hafnarsvæðið H-1 og kveða á um að þar séu íbúðir óheimilar, sem styður við þann atvinnurekstur sem þar er fyrir.

Í aðalskipulaginu eru tvö iðnaðarsvæði, annað er geymslusvæði fyrir olíu og á hinu er móttökusvæði fyrir úrgang/sorp.

Á lóð á Eiðinu eru olúbirgðastöð með olíugeymum og tengdum mannvirkjum.

Engin sorpförgunarsvæði eru í Vestmannaeyjum en þeim sem voru hefur verið lokað. Um 8.000 rúmmetrar af sorpi eru árlega fluttir í gámum með Herjólf frá Vestmannaeyjum. Sorpbrennslunni í Vestmannaeyjum var lokað árið 2012 í kjölfar mælinga sem sýndu að dioxín í útblæstri var yfir viðmiðunarmörkum.

Sorpinu hefur undanfarin ár verið ekið til Reykjavíkur til urðunar. Bæjaryfirvöld hafa verið að skoða málið undanfarin misseri og leitað leiða til að farga sorpi. Nýjar sorporkustöðvar eru orðnar fullkomnari en þær voru og þessir flutningar hafa í för með sér mikla olíunotkun stórra ökutækja sem menga andrúmsloftið og slíta vegakerfinu. Því hefur verið leitað nýrra lausna. Stefnt er að því að byggja nýja sorpbrennslu þar sem hægt er að kaupa nýja slíka stöð sem uppfyllir alla staðla um mengun. Unnið er að því að breyta innmötun og fjárfesta í nýjum hakkara. Ný brennsla getur rúmast í núverandi húsnæði án mikilla breytinga, og mögulega mun einhver varmi myndast við slíkan bruna sem mögulega má nýta. Fyrirhugað er að breyta gámasvæðum og geymslusvæðum til að auka þjónustu án aukins tilkostnaðar. Áfram verður haldið með aukna flokkun.

Markmið og verkefni

- Boðið er upp á athafnasvæði til áframhaldandi atvinnuuppbyggingar.
- Á athafna- og iðnaðarsvæðum skal vera góð umgengni og umhverfisfrágangur.
- Dregið verði úr myndun úrgangs og stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu.
- Engir sorpurðunarstaðir eru í Vestmannaeyjum. Gengið hefur verið frá eldri sorpurðunarstöðum.

- Tekið skal á móti öllu sorpi í sorpvinnslustöð og unnið að því að reisa sorpbrennslu í Vestmannaeyjum.

Útfærsla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

- Stefnan er útfærð með afmörkun athafna- og iðnaðarsvæða á uppdrætti og viðeigandi skipulagsákvæðum.
- Í deiliskipulagi athafna- og iðnaðarsvæða verði lögð áhersla á góðan umhverfisfrágang sem stuðlar að góðri umgengni.
- Unnið verði að því að minnka þörf fyrir förgun á úrgangi í samræmi við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.
- Sorpförgunarsvæði eru tekin af skipulagi en þar hefur verið unnið að landmótun til að ganga frá svæðunum.
- Á athafnasvæðum geta verið sjótökuholur sem nýttar eru í tengslum við atvinnustarfsemi.

Iðnaðarsvæði

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
I-1	Eldfellsvegur	3,6	Svæði móttökustöðvar fyrir sorp/ endurvinnslu. Forðast skal að raska jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til. Á svæði sem er stækkað til austurs er mikilvægt að sérstæðum jarðminjum verði ekki raskað, heldur verði hraunkantar nýttir til að draga úr sjónrænum áhrifum af starfseminni, eins og gert er í dag.
I-2	Eiði	0,6	Svæði fyrir olúbirgðastöð. Heimilað byggingarmagn er 1200 m ² og geymsla á olíu 10.000 m ³ .

Athafnasvæði

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
AT-1	Athafnasvæði við höfnina	9,3	Athafnasvæði fyrir blandaða atvinnustarfsemi: léttan iðnað, hreinleg verkstæði, umboðs- og heildverslanir, skrifstofur, vörugeymslur, rannsóknarhús, veitustarfsemi og aðra starfsemi þar sem lítil hætta er á mengun. Stuðlað skal að aðlaðandi ásynd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður með tilliti til hreinlætis, frágangs og hávaða, í samræmi við blandaða landnotkun og nálægð við íbúðarsvæði og miðbæ. Við Strandveg og Norðursund eru heimildir fyrir íbúðum á efri hæðum sem staðfest hefur verið í deiliskipulagi. Almennt skal atvinnustarfsemi vera ríkjandi landnotkun þar sem rík þörf er fyrir atvinnuhúsnæði. Stefnt er að uppbyggingu varmadælustöðvar á svæðinu með tilheyrandi borholum og lögnum. Ekki er heimilt að breyta eldra atvinnuhúsnæði í íbúðir.
AT-2	Eldfellshraun	15,4	Nýtt athafnasvæði þar sem áður var veitustarfsemi. Á fullbyggðu svæðinu er gert ráð fyrir um 50.000 m² í atvinnuhúsnæði á einni hæð. Til að draga úr áhrifum vegna ásyndar verður svæðið lækkað og nýtt fyrir efnistöku. Mögulegt efnisnám getur verið á milli 400.000 – 800.000 m³. Möguleiki á fiskeldi.
AT-3	Við Flugvöll	9,8	Nýtt athafnasvæði fyrir blandaða atvinnustarfsemi: léttan iðnað, hreinleg verkstæði, umboðs- og heildverslanir, skrifstofur, vörugeymslur, rannsóknarhús, veitustarfsemi og aðra starfsemi þar sem lítil hætta er á mengun. Stuðlað skal að aðlaðandi ásynd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður með tilliti til hreinlætis, frágangs og hávaða. Hesthúsabyggð á svæðinu er víkjandi. Á norðaustur hluta svæðisins, við aðkomu að íþróttavellinum er steinsteyptur vatnstankur, sem áfram verður nýttur sem slíkur.
AT-4	Ofanleiti	0,7	Athafnasvæði þar sem í dag eru þrjár lóðir, en tvær eru byggðar. Stuðlað skal að aðlaðandi ásynd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður með tilliti til hreinlætis, frágangs og hávaða, í samræmi við blandaða landnotkun og nálægð við frístundabyggð. Sérstaklega skal gæta að hljóðvist.
AT-5	Skvísusund	0,7	Svæðið nýtist fyrir blandaða atvinnustarfsemi. Stuðla skal að aðlaðandi ásynd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður m.t.t. frágangs og hávaða, í samræmi við blandaða landnotkun og nálægð við miðbæ. Atvinnustarfsemi skal vera ríkjandi landnotkun. Svæðið nýtist fyrir blandaða atvinnustarfsemi. Stuðla skal að aðlaðandi ásynd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður m.t.t. frágangs og hávaða, í samræmi við blandaða landnotkun og nálægð við miðbæ. Atvinnustarfsemi skal vera ríkjandi landnotkun. Núverandi starfsemi á svæðinu er fyrst og fremst hvers kyns geymslur, verslanir, veitingahús, bílaverkstæði og heildsala. Því má segja að grófari hafnsækin starfsemi hafi á undanförunum árið vikið fyrir léttari iðnaði og þjónustu. Við Strandveg og Skildingaveg hafa undanfarin ár, verið útbúnar íbúðir í nýjum húsum og þegar byggt hefur verið við eldra húsnæði. Íbúðir eru heimilar á efri hæðum en skilyrt er að á jarðhæð skal vera atvinnustarfsemi. Núverandi íbúum, væntanlegum íbúum og öðrum hagsmunaaðilum skal vera ljóst að starfsemi á og við svæðið fylgja umsvif s.s. vegna umferðar, hávaða og lyktar, sem eðlilegt er að fylgi slíkri starfsemi innan þeirra marka sem starfsleyfi geta um.

3.4 Öflugur miðbær

Forsendur og áherslur

Á miðsvæði Vestmannaeyjabæjar er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar bæjarfélaginu, svo sem verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, hótélum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og annarri hreinlegri atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

Í Vestmannaeyjum er blómleg miðbæjarstarfsemi með fjölbreyttu atvinnulífi. Miðbærinn hefur þróast með jákvæðum hætti, ekki síst eftir að siglingar til og frá Landeyjahöfn hófust. Í gegnum tíðina hafa Eyjamenn þurft að vera sjálfum sér nógir um flest vegna erfiðra samgangna sem hefur skilað sér með öflugri verslun og þjónustu í miðbænum sem þjónar íbúum, ferðafólki og jafnvel íbúum af fastalandinu sem búa skammt frá Landeyjahöfn.

Miðbær Vestmannaeyja einkennist af góðri blöndu þjónustu og íbúðarbyggðar. Aukin ásókn er í að búa í miðbænum, ekki síst meðal ungs fólks og eldra fólks. Miðbærinn er vel nýttur, þar eru fáar lausar lóðir. Áhugi er á endurgerð eldri bygginga og uppbyggingu sem styrkir ásýnd og starfsemi í miðbænum. Endurgerð þeirra hefur gjarnan verið á þann veg að jarðhæðir eru lagðar undir fjölbreytta starfsemi en íbúðir eða skrifstofur eru á efri hæðum. Þá hefur verið lögð áhersla á að halda í gamlar byggingar, en gefa þeim nýtt hlutverk. Dæmi um það má sjá víða, svo sem í Skvísusundi þar sem áður voru verbúðir og Fiskiðjunni sem áður hýsti fiskvinnslu en gengur í endurnýjun lífdaga um þessar mundir. Hlutverk stefnu fyrir miðbæ snýst um að halda í þessa góðu þróun og styrkja hana enn frekar. Á heildina litið er ekki vandamál með bílastæði og yfirleitt stutt að fara.

Undanfarin ár hefur verið aukin ásókn í að breyta atvinnuhúsnæði á jarðhæðum í miðbænum í íbúðir, hótél eða aðra starfsemi. Í deiliskipulagi hluta miðbæjarins eru lagðar línur um að í ákveðnum húsum við ákveðnar götur skuli starfsemi á jarðhæð vera með það sem er kallað virkar framhliðar. Þannig á starfsemi að vera með þeim hætti að hægt sé að ganga inn af götunni, um sé að ræða verslun og

þjónustu og á framhliðinni séu gluggar sem er hægt að sjá inn um. Með þessu er stutt við þjónustu á svæðinu og lögð áhersla á að viðhalda miðbæjarbrag. Því er talið óæskilegt að atvinnuhúsnæði á jarðhæðum í miðbænum sé breytt í íbúðir eða gistingu/íbúðargistingu.

Miðbærinn er við aðalatvinnusvæði Vestmannaeyja, höfnina og nærliggjandi athafnasvæði. Þegar íbúðum er að fjölga í miðbænum þarf núverandi íbúum, væntanlegum íbúum og öðrum hagsmunaaðilum að vera ljóst að starfsemi á hafnarsvæðinu fylgja umsvif s.s. vegna umferðar, hávaða og lyktar, sem eðlilegt er að fylgi slíkri starfsemi.

Í Vestmannaeyjum eru helst tvö svæði sem gegna hlutverki dvalar- og/eða samkomusvæða. Annars vegar Stakkagerðistún og hins vegar Vigtartorg. Þessi tvö svæði anna eftirspurn eftir opnum grænum svæðum innan bæjarins. Þau eru vel sótt og eru vel staðsett í nánnum tengslum við miðbæinn. Styðja þarf þessi tvö svæði og styrkja.

Í miðbænum hefur orðið markviss aukning í miðbæjarstarfsemi. Frá síðasta aðalskipulagi hafa verið byggðir um 4.000 fermetrar í miðbænum og meira er í undirbúningi. Veitingaþjónusta hefur sprungið út og veitingastöðum í miðbænum fjölgað úr um það bil tveimur til þremur í tíu til fimmtán. Gistirýmum í Vestmannaeyjum hefur fjölgað talsvert og líklega um nærri 50% í miðbænum á undanförunum árum.

Landrými í miðbænum er af skörum skammti og lítið svigrúm til uppbyggingar. Í aðalskipulagsvinnunni hafa komið fram hugmyndir um að stækka miðbæinn í austur inn í nýja hraunið á mótum Kirkjuveggar og Skansveggar, og endurheimta hluta af því svæði þar sem byggð fór undir Eldfellshraun. Í tillögu að nýju aðalskipulagi hefur verið afmarkað miðbæjarsvæði á þessum reit en svæðið er jafnframt þróunarsvæði. Tvöfaldur ávinningur er af því að taka þetta svæði undir miðbæjaruppbyggingu:

- Tækifæri skapast til uppbyggingar á svæði við miðbæinn, en í dag er mikil eftirspurn eftir húsnæði fyrir íbúðir og atvinnustarfsemi í miðbænum.
- Opnar möguleika fyrir efnisnám, t.d. fyrir landfyllingu fyrir nýja höfn við Eiðið.

Á skipulagstímabilinu verða hugmyndir um landnotkun á svæðinu þróaðar frekar

t.a.m. um mögulega uppbyggingu, yfirbragð svæðis, landmótun, efnistöku, tengsl við núverandi byggð og tengsl við söguna. Svæðið er í dag undir samningi við Skógræktarfélag Vestmannaeyja og á svæðinu eru gönguleiðir og minningarskilti um þá byggð sem er undir hrauninu.

Markmið og verkefni

Miðbær Vestmannaeyja er miðstöð verslunar og þjónustu.

- Gera skal ráð fyrir miðbæjarstarfsemi á jarðhæðum bygginga. Aðalinngangar skulu snúa að götum og stefnt að því að framhliðar séu virkar til að stuðla að lifandi og áhugaverðu göturými. Íbúðir eða miðbæjarstarfsemi er heimil á efri hæðum.
- Á afmörkuðu svæði í miðbænum, þar sem atvinnuhúsnæði er á jarðhæðum í dag, er ekki heimilt að breyta notkun á jarðhæð í íbúðir eða gistingu/íbúðargistingu. Þessi svæði eru sýnd á meðfylgjandi mynd.
- Móta skal skýrt afmarkaðan miðbæjarkjarna þangað sem þjónustu, verslunum og íbúðum er beint og rík áhersla lögð umhverfisfrágang, með vönduðum yfirborðsefnum, gróðri og lýsingu.
- Gert er ráð fyrir samkomu- og dvalarsvæðum á Stakkagerðistúni og á Vigtartorgi. Bárustígur myndi skýra tengingu milli þessara tveggja áningarstaða.
- Miðbæjarsvæðið tengi hafnarsvæði, miðbæ og íbúðarhverfi.
- Núverandi íbúum, væntanlegum íbúum og öðrum hagsmunaaðilum skal vera ljóst að starfsemi á nálægu athafnasvæði og hafnarsvæði fylgja umsvif s.s. vegna umferðar, hávaða og lyktar, sem eðlilegt er að fylgi slíkri starfsemi innan þeirra marka sem starfsleyfi geta um.
- Til framtíðar er áformað að stækka miðbæinn inn í nýja hraunið og er svæðið afmarkað sem próunarsvæði.

Útfærsla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Stefnan er útfærð með afmörkun miðbæjarsvæðis á uppdrætti og skilmálum, og afmörkun svæða í miðbænum, sem sýnd er á meðfylgjandi mynd, þar sem ekki er heimilt að breyta atvinnuhúsnæði á jarðhæð í íbúðir eða gistingu/íbúðargistingu.



Mynd 9 : Próunarsvæði við miðbæ.



Mynd 10 : Götur í miðbæ þar sem ekki er heimilt að breyta atvinnuhúsnæði á jarðhæð í íbúðir, íbúðargistingu/gistingu.

Miðsvæði

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
M-1	Miðsvæði	15,7	Svæðið gegnir mikilvægu hlutverki sem tenging miðbæjarins við höfnina. Viðhalda skal því byggðamynstri sem er innan svæðisins með því að virða byggingarstíl eldri húsa og tryggja að nýbyggingar og breytingar á eldri húsum falli vel að umhverfinu og stuðli að bættri götummynd. Æskilegt er að byggja í þær eyður sem eru í byggðinni og fjölga íbúðum, sérstaklega á efri hæðum. Í deiliskipulagi eru sett skilyrði, þegar við á, um að á jarðhæðum verði lifandi starfsemi opin fyrir almenning. Áhersla er á uppbyggingu ferðaþjónustu, einkum á svæðinu milli Strandvegar og hafnar, frá Skansi að Skólavegi. Náttúrugripasafnið Sæheimar er á miðsvæði og til stendur að stækka safnið til muna. Stakkagerðistún og Vigtartorg gegna hlutverki dvalar- og/eða samkomusvæða. Þar eru eingöngu heimil mannvirki sem styðja við hlutverk svæðanna. Heimilt er að þetta byggð á svæði við Safnahúsið með allt að 15 nýjum íbúðum í 2-3 hæða húsum.
M-2	Nýja hraun - þróunarsvæði	3,4	Miðsvæði þar sem áformað er að byggja aftur upp á svæði sem fór undir hraun í gosinu 1973. Svæðið er merkt sem þróunarsvæði og verður unnið að því á skipulagstímabilinu að móta uppbyggingaráform frekar. Möguleikar til landmótunar eru opnir en í þeim getur falist að landið verði stallað á einhvern hátt og að eitthvað af efni yrði nýtt til efnistöku. Áður en uppbygging fer af stað þarf að liggja fyrir deiliskipulag fyrir allt svæðið og samhliða vinnu við deiliskipulag verður unnin rammahluti aðalskipulags fyrir þennan hluta miðbæjarins þar sem sett verða skilyrði um uppbyggingaráform á reitnum.



3.5 Verslun og þjónusta

Forsendur og áherslur

Meginhluti verslunar og þjónustu í Vestmanneyjum er á skilgreindu miðbæjarsvæði. Á íbúðarsvæðum utan miðbæjarsvæðisins er heimilt að starfrækja minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist staðsetningu í íbúðarbyggð, svo sem söluturna og minni verslanir.

Eitt svæði utan miðbæjar er afmarkað fyrir verslun og þjónustu en það er ofan við Löngulág. Þar er í dag samkomuhús þar sem heimilt er að vera með veitingar og skemmtanir. Húsið er byggt ofan á vatnstank sem geymir varabirgðir af köldu vatni fyrir eyjuna. Áhugi hefur verið á því að byggja tengda atvinnustarfsemi á reitnum.

Markmið og verkefni

- Við Löngulág er svæði fyrir samkomuhús og tengda starfsemi svo sem hótél, aðra verslunarstarfsemi eða þjónustu.
- Gæta skal að því að starfsemi á svæðinu eigi vel við í nágrenni við íbúðarsvæði.

Útfærsla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Stefnan er útfærð með afmörkun svæðis fyrir verslun og þjónustu á aðalskipulagsuppdraetti og skipulagsákvæðum fyrir hvern reit, sbr. töflu að neðan.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

- Svæði við flugvöllinn sem áður var fyrir verslun og þjónustu breytist í flugvallarsvæði í samræmi við áherslur í nýrri skipulagsreglugerð.
- Svæði við Löngulág fyrir verslun og þjónustu minnkar þar sem íbúðarsvæði á sama stað stækkar.

Verslun og þjónusta

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
VP-1	Langalág	1,2	Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. möguleika á hóteli, gistiheimili og veitingahúsi. Á svæðinu er í dag samkomuhús/salur þar sem heimilt er að hafa samkomur og veitingasölu skv. flokki III sem er skv. reglugerð nr. 1277/2016. Undir þann flokk falla umfangsmiklir áfengisveitingastaðir, þar sem mögulegt er að leika háværa tónlist og starfsemi kallar á meira eftirlit og/eða löggæslu. Frekari uppbygging er heimil á reitnum, t.d. hótél. Á reitnum er kaldavatnstankur.

3.6 Góðir gestgjafar

Forsendur og áherslur

Áætlað er að um 150.000 gestir hafi komið til Vestmannaeyja árið 2016 og að tveir af hverjum þremur gestum séu erlendir ferðamenn (Rannsókn og ráðgjöf ferðaþjónustunnar, 2016). Íbúar eru um 4.300 þannig að gestir á ársgrundvelli eru 35-falt fleiri en íbúarnir. Af þessum ferðamönnum voru um 17-18.000 sem komu með skemmtiferðaskipum sem stoppa í um 5-11 klst. Ferðamenn koma til að skoða Eyjarnar og flestir skoða Eldfell, Herjólfssdal, Stórhöfða, Skansinn, Sprönguna og Vigartorgið í miðbænum. Gestir heimsækja söfnin og þá sérstaklega Eldheima, fara í stuttar gönguferðir og erlendir gestir nefna fuglaskoðun sérstaklega. Íbúar eru almennt jákvæðir gagnvart fjölda ferðamanna. Þeim fjölga þó sem finnst ferðamenn vera of margir á sumrin (25% árið 2016 á móti 14% árið 2012) en engum finnst ferðamenn of margir yfir vetrartímann enda fækkar þeim þá verulega. Ferðamenn nefna að helst vanti skipulagðar gönguferðir fyrir hópa, almenningssalerni, betri merkingar og upplýsingaþjónustu.

Vestmannaeyjar hafa þá sérstöðu að samgöngur á sjó og í lofti hafa afgerandi áhrif á fjölda ferðamanna í eyjunum. Á sumrin þegar samgöngur við Landeyjahöfn eru góðar er fjöldinn mikill en minnkar verulega yfir veturinn. Á þann hátt má segja að fjöldi þeirra sem heimsækir eyjarnar takmarkist við flutningsgetu ferju og flugvéla. Töluverð aukning hefur verið á komu skemmtiferðaskipa til Vestmannaeyja og er stefnt að því að fjölga þeim enn frekar.

Áfangastaðir ferðamanna eru fjölmargir í Vestmannaeyjum en þar eru skilgreind þrjú afþreyingar- og ferðamannasvæði; Skansinn, Herjólfsdalur og svæðið við Eldheima.

Skansinn, er söguminjasvæði við austurenda hafnarsvæðisins. Þar hefur eitt elsta hús Vestmannaeyja, Landlyst, verið endurreist og stafkirkja, gefin af norsku þjóðinni, var reist þar í tilefni af 1000 ára afmæli kristni á Íslandi.

Herjólfsdalur er mikilvægt útivistarsvæði, bæði fyrir gesti og heimamenn. Þar er tjaldsvæði, gisting í smáhýsum, útivistarsvæði og samkomusvæði.

Eldheimar er nýbygging við Gerðisbraut sem hýsir gosminjasýningu. Þar hafa verið grafnar upp minjar um hús undan hrauninu og er safnið byggt yfir þær. Í nágrenninu eru gönguleiðir um hraunið.

Við Ofanleiti er skipulögð frístundabyggð. Uppbygging hefur verið hæg og þar er nokkuð um lausar lóðir. Heilsársbúseta er óheimil á svæðinu og uppbygging frístundahúsa er óheimil utan svæðisins.

Markmið og verkefni

- Vestmannaeyjar taka vel á móti ferðamönnum og leggja áherslu á að vera góðir gestgjafar.
- Lögð er áhersla á uppbyggingu sem styrkir innviði samfélagsins í sátt við íbúa, náttúru og aðrar atvinnugreinar.
- Fjöldi gesta taki mið af sérstöðu svæðisins, þolmörkum og getu samfélags og náttúru til að taka á móti gestum á sjálfbæran hátt.
- Gott aðgengi skal vera að helstu ferðamannastöðum frá miðbænum hvort heldur sem fólk er gangandi, hjólandi eða akandi.

- Frístundabyggð skal beint á skipulagt svæði við Ofanleiti.

Útfærsla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Stefnan er útfærð með afmörkun afþreyingar- og ferðamannasvæða og frístundabyggðar á uppdrætti og settum skipulagsákvæðum.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði eru tengd með útivistarstígum. Sjá stefnumörkun um grunnkerfi.

Markmið eru nánar útfærð í rammahluta aðalskipulags fyrir ferðaþjónustu í kafla 6.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

- Afmörkuð eru afþreyingar- og ferðamannasvæði í samræmi við skilgreiningu í nýrri skipulagsreglugerð.
- Afmarkað er afþreyingar- og ferðamannasvæði fyrir sýningarsvæði fyrir dýr í kvíum í Klettsvík þar sem áður var heimilað sjókvíaeldi.

Frístundabyggð

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
F-1	Ofanleiti	10,1	Svæði fyrir frístundabyggð. Á svæðinu er gert ráð fyrir a.m.k. 26 lóðum undir frístundahús og tengda starfsemi. Byggt hefur verið á 7 lóðum. Ekki er heimilt að hafa lögheimili á svæðinu.

Afþreyingar og ferðmannasvæði

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
AF-1	Herjólfsdalur	7,6	Hátíðarsvæði og almennt útivistarsvæði. Þar er tjaldsvæði ásamt gistingu í smáhýsum og þjónustuhús. Herjólfsdalur er mikilvægt samkomusvæði fyrir heimamenn og gesti þeirra og hefur verið byggð upp aðstaða til samkomuhalds á svæðinu. Öllu raski á náttúrulegu landslagi skal haldið í lágmarki.
AF-2	Eldheimar	5,8	Safnasvæði við Eldheima en þar er gosminjasafn. Hús sem fóru undir hraun hafa verið grafin út og byggt safn yfir þau í hlíðum Eldfellshrauns austan við bæinn. Gert er ráð fyrir safnasvæði, bílastæðum og gönguleið sem tengist Skansinum og miðbænum. Öll umgengni skal vera til fyrirmyndar og öllu raski á hrauninu skal haldið í lágmarki. Hraunkanturinn er hverfisverndaður að hluta.
AF-3	Skansinn	2,2	Fjölsótt útivistarsvæði. Svæðið er hluti af safnasvæði Sagnheima, þar er húsið Landlyst sem er með elstu húsum í Eyjum og stafkirkja sem norska þjóðin gaf Íslendingum í tilefni af 1000 ára afmæli kristni á Íslandi. Þarna er Hríngskersgarður og á enda hafnargarðsins er viti. Við hafnarkantinn er bryggja fyrir smábáta. Hraunið í gosinu 1973 stöðvaðist við Hríngskersgarð og myndar umgjörð um Skansinn. Á Skansinum eru veitumannvirki sem eru tengipunktur við vatn og rafmagn sem kemur um lagnir í sjó ofan af fastalandinu.
AF-4	Klettsvík	4,5	Sýningarsvæði með sjódýrum í kvíum í sjó. Ekki er gert ráð fyrir mannvirkjum í fjörunni en gera má ráð fyrir að t.d. verði aðstaða til að geyma/lagfæra kvíar í fjörunni. Öll ummerki um starfsemina og umgengni vegna hennar sé lágmarkuð.





4. Náttúra, landslag og minjar

Forsendur og áherslur

Vestmannaeyjar eru eyjaklasi með 15 eyjum og um 30 dröngum og skerjum. Eyjarnar eru víða snarbrattar en yfirleitt grösugar. Af þeim er Heimaey stærst og sú eina sem er í byggð og er þéttbýlið á norðurhluta eyjarinnar þar sem er góð náttúruleg höfn. Höfðar og klettur á Heimaey og úteyjunum eru nýttir til veiða og beitar.

Nálægð við hafið er eitt af helstu einkennum náttúrufars í Vestmannaeyjum auk þess sem eyjarnar eru á virku gosbelti. Fuglalíf í Vestmannaeyjum er mikið og fjölskrúðugt og hafa nánast allar íslenskar tegundir fugla sést í eyjunum. Veiðar á fugli og eggjatekja voru lífsnauðsyn hér áður fyrr en eru nú stundaðar meira sem tómstundagaman. Siglingar kring um eyjarnar eru vinsælar og á landi eru mikilvæg útivistarsvæði, bæði fyrir íbúa og ferðamenn.

Meginmarkmið

- Sérkenni landslags verði ekki skert með framkvæmdum.
- Stuðla að hagkvæmri nýtingu auðlinda og varðveislu náttúru- og menningarminja, þar á meðal gosminja.
- Varðveita sérkenni náttúrufars, landslags og lífríkis á Heimaey.
- Stuðla að gróðurvernd og vinna að landgræðslu.
- Varðveita skal sérkenni úteyjanna, náttúru og eyjalíf.
- Við skipulag sé tekið tillit til vásvæða, svo sem vegna grjóthruns, og flóðahættu vegna loftslagsáhrifa.

4.1 Óbyggð svæði

Forsendur og áherslur

Segja má að óbyggð svæði í Vestmannaeyjum hafi þrjú megin einkenni:

- Klettóttar eyjar og strandsvæði með ríkulegu lífríki.
- Gamla hraunið og gróin svæði á sunnanverðri Heimaey.
- Nýja hraunið með gígum, hraunstraumum og gosefnum, lítt gróið og svart.

Einhverjar byggingar eru á óbyggðum svæðum en það eru mest veiðihús í eyjunum og litlar byggingar á Heimaey sem tengjast tómstundabúskap. Á óbyggðum svæðum er ekki gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi.

Óbyggðu svæðin eru áhugaverð til útivistar og um þau liggja vegir og gönguleiðir. Á sunnanverðri Heimaey eru óbyggð svæði sem að hluta eru notuð til beitar. Víða á gamla hrauninu og sunnanverðri Heimaey eru garðar eða önnur ummerki um landbúnaðarnot. Úteyjarnar hafa verið nýttar til beitar og þar eru nytjar á fugli. Í flestum úteyjunum eru veiðihús.

Markmið og verkefni

- Áhersla er á góða umgengni í úteyjum. Þær verði nytjaðar áfram sem hingað til. Nýting lífríkis sé sjálfbær.
- Tryggð verði góð tengsl óbyggðra svæða á Heimaey við byggð svæði til þess að hvetja til útivistar og skjóta stoðum undir fjölþættari afþreyingu fyrir ferðafólk.
- Áhersla er á að vernda viðkvæm svæði, koma í veg fyrir ofbeit og gera úrbætur þar sem merki eru um hana.
- Ekki skal gengið á þau svæði sem eru hverfisvernduð eða hluti af náttúruverndarsvæðum.
- Lögð er áhersla á uppbyggingu aðstöðu á svæðunum sem kemur íbúum og ferðaþjónustu að gagni svo sem gönguleiðir og áfangastaði, auk merkinga.
- Ekki er gert ráð fyrir skógrækt á óbyggðum svæðum.

Útfaersla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Stefnan er útfærð með afmörkun óbyggðra svæða á uppdrætti og viðeigandi skipulagsákvæðum.

Óbyggð svæði eru ætluð til almennrar útiveru. Um þau liggja gönguleiðir og vegir. Þar er ekki gert ráð fyrir nýjum mannvirkjum, öðrum en þeim sem tengjast beit, grunnkerfi samgangna eða útivistargönguleiðum.

Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki og óheimilt er að ryðja slóðir fyrir vélknúin ökutæki.

Umgengni um óbyggð svæði skal vera góð. Beit er óheimil á óbyggðum svæðum en sveitarstjórn getur sett reglur þar um. Umhverfis- og skipulagsráð Vestmannaeyja fjallar um nýtingu til beitar


Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

Óverulegar breytingar á stefnu en orðalagi er víða breytt. Ákvæði um hverfisvernd er felld inn í skilmála fyrir viðkomandi svæði.

Óbyggð svæði

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
ÓB-1	Heimaklettur, Miðklettur og Ystiklettur	63,5	Náttúruríkt svæði með gönguleiðum og stökum veiðihúsum. Umferð er takmörkuð á varptíma og skotveiði er bönnuð. Hefðbundnar landnytjar á fugli og eggjum eru heimilar. Frekari húsbyggingar eru bannaðar. Gæta skal að menningarminjum og sögustöðum; Dufþekja, krossinn, kofarústir og Væta í Björgvin.
ÓB-2	Dalfjall, Há og Klif.	118,8	Náttúruríkt svæði með gönguleiðum og stökum veiðihúsum. Umferð er takmörkuð á varptíma og skotveiði er bönnuð. Hefðbundnar landnytjar á fugli og eggjum eru heimilar. Frekari húsbyggingar eru bannaðar. Í Herjólfssdal vaxa nokkrar sjaldgæfar plöntur þ.á.m. knjápunktur og giljaflækja. Hnúfmosi hefur fundist í Hánni og aðrir sjaldgæfir mosar eins og götusnúður og garðasnúður. Forðast skal að spilla þessum gróðri. Gæta skal að menningarminjum og sögustöðum svo sem Fiskhellum, Skiphellum við Sprönguna og Spröngunni. Á svæðinu eru fjarskiptamannvirki og mælitækjabúnaður vegna jarðfræði. Gönguleiðir eru víða á svæðinu og skal nýta þær gönguleiðir sem fyrir eru og vinna að öryggi göngufólks með merkingum.
ÓB-3	Eldfellshraun, Eldfell og Helgafell	312,4	Lítt gróið svæði með gígum, hrauni og öðrum gosefnum. Svæðið er að hluta til raskað og hluti þess hefur verið græddur upp. Mikið um slóða og gönguleiðir. Uppgræðsla hefur verið samkvæmt áætlunum. Svæðið er nýtt til göngu og útivistar. Nýta skal þær gönguleiðir sem fyrir eru eins og kostur er og óheimilt er að gera nýja vegslóða. Efnistaka og mannvirkjagerð er óheimil. Hluti af svæðinu er á náttúruminjaskrá.
ÓB-4	Litlihöfði og Sæfjall	110	Ágætlega gróið svæði sem að hluta er nýtt til beitar fyrir sauðfé. Hefðbundnar landnytjar á fugli og eggjum eru heimilar. Á svæðinu er fjarskiptamastur og bygging þar við. Einnig einföld skýli tengd beitarnotum. Frekari mannvirkjagerð er óheimil nema til að bæta aðgengi göngufólks. Umferð er takmörkuð á varptíma og skotveiði bönnuð. Vernda skal mófugla og æðarvarp.
ÓB-5	Stórhöfði	45,7	Svæði umhverfis Stórhöfða, mikilfenglegt landslag með gönguleiðum og útsýnispalli. Hefðbundnar landnytjar á fugli og eggjum eru heimilar. Sauðfjárbætur er heimil á afmörkuðum svæðum. Hófleg nýting á svæðum til sölvatínslu er heimil en gæta skal að sjálfbærni. Frekari mannvirkjagerð óheimil nema til að bæta aðgengi göngufólks. Leitast skal við að nýta þær gönguleiðir sem fyrir eru svo sem kostur er. Taka skal niður girðingar á svæðinu en æskilegt getur verið að reisa þeirra í stað girðingu með ristahliði þar sem keyrt er inn á Stórhöfða við mörk svæðisins. Heimilt er að gera ráð fyrir girðingum í kring um íbúðarhús. Heimild er fyrir búsetu í Stórhöfða. Umferð er takmörkuð á varptíma og skotveiði bönnuð. Gæta skal að menningarminjum og sögustöðum; söguminjum úr seinna stríði svo sem erlendar krær og hróf.

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
ÓB-6	Ofanleitishraun, Ofanleitishamar, Hafursdalur og Breiðabakki.	64,0	Gamalt gróið hraun með görðum og öðrum minjum tengdum landbúnaðarnotum. Á Ofanleitishrauni eru sumarhús og fjárhús. Frekari mannvirkjagerð er óheimil nema til að bæta aðstæður göngufólks. Allt rask er óheimilt og gæta skal sérstaklega að hraunpollum og jarðmyndunum. Gönguleiðir eru víða á svæðinu og skal nýta þær gönguleiðir sem fyrir eru. Vernda skal mófugla og æðarvarp. Gæta skal að menningarminjum og sögustöðum; minnisvarða um Sigríðarslysið, minjum um útræði í Klaufinni og Víkinni og slorforum. Bú- og varpsvæði sjó-, mó- og vaðfugla í Ofanleitishrauni, ofan við Ofanleitishamar og í hamrinum sjálfum skal varðveitt.
ÓB-7	Eyjar og sker utan Heimaeyjar	298,4	Eyjar og sker sem hafa verið nýtt til fuglatekjum og beitar. Veiðihús eru í mörgum eyjanna en Vestmannaeyjabær leigir eyjarnar út til fuglatekju. Surtsey er friðuð og allar ferðir þangað háðar leyfi Surtseyjarfélagsins sem á þar skála.



4.2 Strönd, vötn, ár og sjór

Forsendur og áherslur

Hér er fjallað um strendur við Vestmannaeyjar, utan þess svæðis sem telst til innri og ytri hafnarinnar á Heimaey og kveðið er á um í hafnarreglugerð.

Strendur eru mikilvæg svæði, bæði vegna lífríkis og einnig vegna útivistar. Hefð er fyrir því að nytja fugl og egg við ströndina og í úteyjum þar sem aðstæður eru til. Mikilvægt er að aðgengi sé að ströndinni og hafa víða myndast gönguleiðir með henni í Heimaey, eins og aðstæður eru til. Fráveita er leidd út vestur af ströndinni við golfvöllinn. Í framtíðinni er stefnt að því að allt skolp fari um dælustöð út við Eiði en eingöngu regnvatn fari um þessa lögn.

Markmið og verkefni

- Áhersla á að halda strönd, fjörum og grunnsævi í náttúrulegu ástandi og nýting auðlinda strandarinnar sé sjálfbær.
- Gott aðgengi sé að ströndinni fyrir almenning eins og aðstæður leyfa en náttúrulegar aðstæður hamla oft aðgengi.
- Fráveita er leidd um lögn vestur af golfvöllum. Stefnt er að því að því að skolp verði í framtíðinni leitt um dælustöð við Eiði en regnvatn geti áfram farið um þessa lögn.

Útfaersla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Stefnan er útfærð með afmörkun strandsvæða um allar úteyjar og á Heimaey frá Stafnesi og suður fyrir Stórhöfða og ströndinni austur af Urðarvita og skipulagsákvæðum fyrir þau. Í kafla um samgöngur er gert ráð fyrir gönguleið með stórum hluta strandarinnar á Heimaey eins og aðstæður leyfa.

Not af fjörum og strandsvæði eru fyrst og fremst tengd fugli og eggjatekju. Umgengni um strandsvæði skal vera góð. Strandsvæði haldist í náttúrulegu ástandi án inngripa mannsins nema lágmarksinngríp vegna lendingar báta.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

Óverulegar breytingar á stefnu en efnistökm breytt í samræmi við skipulagsreglugerð.

Vötn, ár og sjór

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
V-1	Strandsvæði við Heimaey.	179,7	Fjörur og strandsvæði frá Stafnesi og suður fyrir Stórhöfða, og þaðan norður að Sýslumanni
V-2	Strandsvæði við úteyjar.	393,5	Fjörur og strandsvæði við allar úteyjar Vestmannaeyjar.

4.3 Sérstök not haf- og vatnssvæða

Forsendur og áherslur

Samkvæmt hafnarreglugerð nær strandsvæði ytri hafnar Heimaeyjar frá Skansfjöru austur að Urðarvita sunnan við innsiglinguna og að norðan frá Hörgseyrargarði, um Víkina, fyrir Klettsnef og norður og vestur fyrir að Stafnesi. Innri höfnin er innan Hörgseyrargarðs og Skansins.

Í tillögu að aðalskipulagi er strandsvæði ytri hafnarinnar skipt í fernt út frá notkun:

- Höfn. Að norðan er miðað við Hörgseyrargarð og að sunnan við Hringsker sem er endi bryggjunnar við Skansinn. Þetta svæði er innri höfnin skv. hafnarreglugerð. Sjá umfjöllun um hafnarsvæði.
- Afþreyingar og ferðamannasvæði. Í Klettsvík er gert ráð fyrir sýningarsvæði í kvíum. Sjá umfjöllun um afþreyingar- og ferðamannasvæði.
- Sérstök not haf- og vatnssvæða. Frá Klettsnefi að Bólnefi að norðan, yfir innsiglinguna og frá mörkum Skansfjöru að austan og út innsiglingarsvæðið til austurs. Þarna er innsiglingin inn að innri höfninni og þarna um liggja lagnir sem koma frá landi. Innsiglingin er mikilvæg, bæði fyrir útgerðina og einnig fyrir íbúa og gesti. Fjöldi ferðamanna fer um höfnina á leið sinni til og frá Heimaey og farið er í skoðunarferðir á sjó.
- Strandsvæði. Frá Klettsnefi og norður og vestur að Stafnesi, utan innsiglingar við Eiðið og frá Brimnesi og austur að Urðarvita. Svæðið er hluti af ytri höfn Heimaeyjar en gert ráð fyrir að mannvirkjagerð sé haldið í lágmarki. Hefð er fyrir því að nytja fugl og egg á strandsvæðum þar sem aðstæður eru til. Svæði við Eiðið verður hafnarsvæði.

Strandsvæði Heimaeyjar, allra úteyja og skerja er afmarkað frá strandlínu að sveitarfélagsmörkum, sem eru 115 metrum fyrir utan stórstraumsfjörumörk. Sá hluti strandsvæða sem er utan skilgreinds hafnarsvæðis fellur innan landnotkunarflokksins vötn, ár og sjór.

Markmið og verkefni

- Innsigling að höfninni á að vera greið og aðkoma aðlaðandi.

- Áhersla á halda strönd, fjörum og grunnsævi í náttúrulegu ástandi eins og kostur er og að nýting auðlinda strandarinnar sé sjálfbær.
- Lagnir sem liggja milli lands og eyja taka land við Brimnes og fara um Skansfjöru.
- Gott aðgengi sé að ströndinni fyrir almenning eins og aðstæður bjóða upp á.

Útfaersla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar


Stefnan er útfærð með afmörkun svæða fyrir sérstök not haf- og strandsvæða fyrir innri höfnina í Eyjum og afmörkun strandsvæða ytri hafnarinnar á aðalskipulagsupphætti og skipulagsákvæðum fyrir hvern reit, sbr. töflu að neðan.

Sérstök not haf- og vatnssvæða

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
SN-1	Innsiglingin	18,2	Svæði frá Klettsnefi að innri höfninni. Svæðið er mikilvægur hluti innsiglingarinnar að innri höfninni. Siglingaleið á að vera greið og aðkoma aðlaðandi. Strönd skal haldið í náttúrulegu ástandi svo sem kostur er.
SN-2	Innsiglingin	6,4	
SN-3	Botn, innri höfn	22,7	Innri höfnin, takmarkast af skjólgörðum á Hringsker og Hörgaeyri. Svæðið er mikilvægur hluti hafnarinnar með siglingaleið, viðleguköntum, flotbryggjum og varnargörðum. Með reglulegu millibili þarf að dýpka höfnina og um hana liggja lagnir sem þjóna starfsemi á svæðinu.
SN-4	Innsigling að Eiðinu	12,6	Svæði frá Heimakletti að væntanlegum sjóvarnargarði fyrir stórskipahöfn við Eiðið. Siglingaleið á að vera greið og aðkoma aðlaðandi.

Strandsvæði

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
ST-1	Strandsvæði út af Klifinu, Hánni og Dalsfjalli	33,1	Fjörur og strandsvæði frá Stafnesi, norður fyrir Hána og Klifið og að Eiðinu. Hluti af ytri höfn Vestmannaeyja skv. reglugerð. Strönd skal haldið í náttúrulegu ástandi svo sem kostur er.
ST-2	Strandsvæði út af Heimakletti, Miðkletti og Ystakletti	36,8	Fjörur og strandsvæði frá Eiðinu og austur fyrir Ystaklett að Klettsnefi. Hluti af ytri höfn Vestmannaeyja skv. reglugerð. Strönd skal haldið í náttúrulegu ástandi svo sem kostur er.
ST-3	Strandsvæði út af Viðlagafjöru	13,6	Fjörur og strandsvæði frá innsiglingarkjaftinum og að áformuðum brimvarnargarði vegna hafnar í Skansfjöru. Hluti af ytri höfn Vestmannaeyja skv. reglugerð. Strönd skal haldið í náttúrulegu ástandi svo sem kostur er.
ST-4	Strandsvæði út fyrir nýja hrauninu til norðurs	3,3	Fjörur og strandsvæði frá áformuðum brimvarnargarði að Urðum. Hluti af ytri höfn Vestmannaeyja skv. reglugerð. Strönd skal haldið í náttúrulegu ástandi svo sem kostur er.
ST-5	Strandsvæði úti fyrir áformuðum sjóvarnargarði	8,7	Strandsvæði úti fyrir áformuðum sjóvarnargarði, sem nær frá innsiglingarkjaftinum og vestur að landi vestan við Eiðið. Strönd skal haldið í náttúrulegu ástandi eins og kostur er en verður óhjákvæmilega raskað þar sem ströndin mætir væntanlegum sjóvarnargarði.
ST-6	Strandsvæði úti fyrir áformuðum brimvarnargarði	3,0	Strandsvæði úti fyrir áformuðum brimvarnargarði. Strönd skal haldið í náttúrulegu ástandi eins og kostur er en verður óhjákvæmilega raskað þar sem ströndin mætir væntanlegum brimvarnargarði.



4.4 Náttúruvernd

Forsendur og áherslur

Eitt svæði í Vestmannaeyjum er friðað skv. náttúruverndarlögum en það er Surtsey sem er friðland.

Á náttúruminjaskrá eru svæði sem forðast skal að raska. Eftirtalin svæði voru skráð á náttúruminjaskrá í samræmi við eldri náttúruverndarlög frá 1999. Er þeim lýst þar sem hér segir:

Ellidaey. (1) Eyjan öll. (2) Mjög miklar og sérstæðar sjófuglabýggðir.

Ystiklettur. (1) Ytri hluti Norðurkletta utan línu sem hugsast dregin norður úr botni Klettsvíkur. (2) Miklar og sérstæðar fuglabýggðir.

Hellisey. (1) Eyjan öll. (2) Mjög falleg eyja, mikið um bjargfugl.

Súlnasker. (1) Eyjan öll. (2) Um 70 m há klettaeyja. Mikið um bjargfugl, bæði utan í og ofan á eyinni.

Helgafell og Eldfell. (1) Eldfjöllin bæði, hluti af nýja hrauninu og Flakkarinn við Skans. Norðurmörk liggja frá Prestavík með suðurjaðri athafnasvæðis hitaveitunnar, vestur fyrir fellin og til sjávar við Skarfatanga. (2) Stórfenglegt landslag og fræðandi um myndun og mótun land.

Unnið hefur verið að friðlýsingu búsvæðis sjófugla í Vestmannaeyjum sem nær yfir Ystaklett, Heimaklett, Háina, Klifið auk allra úteyja, skerja og strandsvæða. Markmið friðlýsingarinnar er að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi alþjóðlega mikilvægra fuglabýggða. Vestmannaeyjabær hefur dregið sig út úr viðræðum við Umhverfisstofnun um friðlýsinguna og samþykkir hana ekki, eins og staðfest var með bókun bæjarstjórnar. Engu að síður, er það stefna bæjarins að vernda búsvæði sjófugla á þessum svæðum og gildir hverfisvernd um svæðin.

Eftirtaldar jarðminjar sérstakrar verndar skv. 61. grein náttúruverndarlaga og skal forðast röskun þeirra nema brýna nauðsyn beri til:

- Eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem hafa myndast eftir að jökull hvarf á síðjökultíma.
- Fossar og nánasta umhverfi þeirra sem og heitar uppsprettur ásamt tengdu lífríki.

Markmið og verkefni

- Áhersla verði á að varðveita sérkenni úteyjanna, náttúru og eyjalíf.
- Áhersla verði á að varðveita sérkenni náttúrufars, landslags og lífríkis á Heimaey.

Útfærsla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Friðað svæði í Surtsey er sýnt á aðalskipulagsupprætti.

Svæði á náttúruminjaskrá eru öll skilgreind sem hverfisverndarsvæði og sýnd sem slík á aðalskipulagsupprætti. Sjá kafla um hverfisvernd.

Friðuð svæði

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
FS-1	Surtsey	-	Friðlýst sem friðland og um friðlandið hefur verið gefin út stjórnar- og verndaráætlun af Umhverfisstofnun. Umferð manna til eyjarinnar er takmörkuð. Hluti svæðisins er skráður á heimsminjaskrá UNESCO.



4.5 Hverfisvernd

Forsendur og áherslur

Hverfisvernd getur náð til einstakra mannvirkja, hverfa, reita, götuhluta, fornleifa eða sögulegra eða náttúrufarslega merkra staða. Framkvæmdir innan hverfisverndaðra svæða mega ekki raska þeim þáttum sem verið er að vernda.

Í Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2002-2014 voru 19 hverfisvernduð svæði eins og sjá má í meðfylgjandi yfirliti (ekkert svæði nr. HV-10). Í tillögu að nýju aðalskipulagi verða nokkrar breytingar á svæðum sem áður voru hverfisvernduð og er gert grein fyrir þeim breytingum í dálkinum til hægri. Skilmálar hverfisverndar eru í einhverjum tilfellum felldir inn í landnotkunarskilmála um viðkomandi svæði. Ákveðin svæði halda hverfisverndun en mörk þeirra eða uppskipting getur hafa breyst. Nýju svæði í Skvísusundi/Norðursundi er bætt við.

Sveitarfélagið hefur ákveðið að vernda hraunkantinn að Heimagötu 35, en á því svæði hefur mátt sjá brotin hús undir vikuröxlinni. Er lagt til að það svæði verði hverfisverndað með staðfestingu nýs aðalskipulags og hverfisverndað svæði við hraunkantinn stækkað sem því nemur.

Hverfisvernd er afnumin á friðuðu svæði Surtseyjar enda ganga ákvæði friðlýsingar lengra en ákvæði hverfisverndar.

Áfram mun hverfisvernd ná yfir svæði sem hafa verið í friðlýsingarferli vegna verndunar búsvæða sjófugla en í Eyjum er m.a. stærsta sjósvölubýggð í Evrópu og varpstaður þriðjungs lundastofnsins á Íslandi. Hverfisverndarskilmálar taka mið af skilmálum í drögum fyrir friðlýsingu, sem unnið hefur verið að, en Vestmannaeyjabær hefur nú dregið sig út úr þeirri vinnu og samþykkir ekki friðlýsingu. Hverfisvernd nær yfir þau svæði þar sem jarðmyndanir eru sérstæðastar frá gosinu 1973; Flakkarann, hraunið austan Flakkarans, Þorbjörn, gígaröðina sunnan við Eldfell og loks Eldfell og páskahraunið. Að auki er Helgafell hverfisverndað en þar gaus fyrir um 5000 árum síðan. Flakkarinn, Eldfell og Helgafell eru á náttúruminjaskrá. Þau svæði á nýja hrauninu sem ekki eru hverfisvernduð eru helst á svæðum þar sem gjóskuyfirborð er ríkjandi, yfirborð er raskað (svæði hraunhitaveitunnar) eða þar

sem búið er að græða upp landið og það hefur því misst sjónrænt yfirbragð hrauns. Þegar gosið varð 1973 var mikill skortur á jarðefnum í Eyjum og var erfitt að fá gott efni. Nýja hraunið er mikilvæg efnisnáma fyrir sveitarfélagið og eru efnistökusvæði á austurströndinni utan hverfisverndar.

Skoðun jarðfræðings á svæðinu við Viðlagafjöru hefur leitt í ljós að bergið í fjörukambinum við Urðarvita er í a.m.k. tímabundnu jafnvægi við öldulág (Hreggviður Norðdahl, 2017). Mikilvægt er að vernda fjörukambinn til að koma í veg fyrir landbrot í Viðlagafjöru. Því er ákveðið að hverfisvernda svæðið með það að markmiði að koma í veg fyrir landbrot. Urðarviti stendur á svæðinu og er kennileiti. Mannvirkjagerð verður þar með óheimil innan svæðisins nema almennt viðhald mannvirkja. Þá verður jarðrask innan svæðisins óheimilt og öll efnistaka bönnuð. Um leið er ákveðið að minnka hverfisverndað svæði við Þorbjörn til norðurs og hverfisverndað svæði norður af Viðlagafjöru, en það svæði er í og við jaðar efnisvinnslusvæðis.

Norðursund 1, 3, 5, 7, 9 og 11 er hverfisverndað. Gatan er ýmist kölluð Norðursund eða Skvísusund. Þar eru krær sem byggðar voru árið 1930 sem veiðafærahús. Götumyndin til suðurs er heilleg. Jarðhæðir bygginganna eru samtengdar en ris þeirra standa eins og burstir á burstabæ. Hverfisverndarákvæði taka mið af því að varðveita útlit og hlutverk Norðursunds, enda mikilvægt séreinkenni og kennileiti í bænum sem á sér sterkar rætur.


Hverfisvernduð svæði eru náttúrurík og eru mikilvægt aðdráttarafl fyrir ferðamenn auk þess að hafa mikið verndargildi. Víða eru gönguleiðir og akstursleiðir um þessi svæði en mikilvægt er að stilla öllum framkvæmdum í hóf. Umfjöllun um þetta í rammahluta ferðaþjónustu leiðir hér til að settir eru skilmálar í markmið og verkefni um að áfangastaðir á hverfisvernduðum svæðum verði flokkaðir. Þar verði útbúnir megin áfangastaðir sem geta tekið á móti fjölda gesta, til dæmis með rútum og einkabílum en aðrir áfangastaðir miði við að þar komi færri.

Auðkenni	Lýsing	Staða í endurskoðuðu aðalskipulagi og breytingar frá fyrra skipulagi
HV-1	Bú- og varpsvæði sjó-, mó- og vaðfugla í Ofanleitishrauni ofan við Ofanleitishamar og í hamrinum sjálfum	Skilmálar felldir inn í svæði ÓB-6: „Allt rask er óheimilt og gætt skal sérstaklega að hraunpollum og jarðmyndunum. Gönguleiðir eru víða á svæðinu og skal nýta þær gönguleiðir sem fyrir eru. Vernda skal mófugla og æðarvarp. Gæta skal að menningarminjum og sögustöðum; minnisvarða um Sigríðarslysið, minjar um útræði í Klaufinni og Víkinni, slorforir. Bú- og varpsvæði sjó-, mó- og vaðfugla í Ofanleitishrauni, ofan við Ofanleitishamar og í hamrinum sjálfum skal varðveitt.“
HV-2	Klif, Dalbjall og Háin	Hverfisvernd áfram í gildi.
HV-3	Heimaklettur, Miðklettur og Ystiklettur	Hverfisvernd áfram í gildi.
HV-4	Flakkarinn, Eldfell, Helgafell, Páskahraun, gígaröðin, Haugar og niður að strönd frá Prestavík að austurenda flugbrautarinnar. Svæðið að Skarfatanga.	Hverfisvernd áfram í gildi. Mörk svæðisins yfirfarin og því skipt upp í minni einingar. Svæðin fá ný númer.
HV-5	Þorbjörn og svæðið suður af Þorbirni	Hverfisvernd áfram í gildi.
HV-6	Sæfjall og Litlihöfði	Hverfisvernd áfram í gildi. Svæðið fær nýtt númer HV-23 Skilmálar sem áður féllu undir hverfisverndað svæði eru að hluta felldir inn í skilmála fyrir svæði ÓB-4: „Ágætlega gróið svæði sem að hluta er nýtt til beitar fyrir sauðfé. Hefðbundnar landnytjar á fugli og eggjum eru heimilar. Á svæðinu er fjarskiptamastur og bygging þar við. Einföld skýli tengd beitarnotum eru á svæðinu. Frekari mannvirkjagerð er óheimil nema til að bæta aðgengi göngufólks. Umferð er takmörkuð á varptíma og skotveiði bönnuð. Vernda skal mófugla og æðarvarp.“
HV-7	Stórhöfði	Hverfisvernd áfram í gildi. Svæðið fær nýtt númer HV-24 Skilmálar sem áður áttu við hverfisverndað svæði eru felldir inn í svæði ÓB-5: „Svæði umhverfis Stórhöfða, mikilfenglegt landslag með gönguleiðum og útsýnispalli. Hefðbundnar landnytjar á fugli og eggjum eru heimilar. Sauðfjárbætur er heimil á afmörkuðum svæðum. Hófleg nýting á svæðum til sölvatínslu er heimil en gæta skal að sjálfbærni. Frekari mannvirkjagerð óheimil nema til að bæta aðgengi göngufólks. Leitast skal við að nýta þær gönguleiðir sem fyrir eru svo sem kostur er. Umferð er takmörkuð á varptíma og skotveiði bönnuð. Gæta skal að menningarminjum og sögustöðum; söguminjum úr seinna stríði, erlendar krær og hróf.“
HV-8	Útgráfin hús í Eldfellshlíðum austan við bæinn	


Auðkenni	Lýsing	Staða í endurskoðuðu aðalskipulagi og breytingar frá fyrra skipulagi
HV-9	Hraunkantur norðan Vestmannabrautar	Hverfisvernd áfram í gildi. Svæði þar sem hraunkanturinn er verndaður stækkað. Svæðið fær nýtt númer.
HV-11	Ellidæy	Hverfisvernd áfram í gildi.
HV-12	Bjarnarey	Hverfisvernd áfram í gildi.
HV-13	Smáeyjarnar Hæna, Hani, Hrauney og Grasleysa	Hverfisvernd áfram í gildi.
HV-14	Álsey	Hverfisvernd áfram í gildi.
HV-15	Brandur	Hverfisvernd áfram í gildi.
HV-16	Suðurey	Hverfisvernd áfram í gildi.
HV-17	Hellisey	Hverfisvernd áfram í gildi.
HV-18	Súlnasker	Hverfisvernd áfram í gildi.
HV-19	Geldungur	Hverfisvernd áfram í gildi.
HV-20	Geirfuglasker	Hverfisvernd áfram í gildi.




Jarðfræði



Sjófuglar



Vistgerðir



Markmið og verkefni

- Vernda skal sérstæðar jarðmyndanir úr Heimaeyjargosinu 1973, Eldfell, gígaröðina, Flakkarann og hraunið þar sem það er tilkomumest að sjá.
- Helgafell skal verndað.
- Hraunkanturinn, þar sem hann mætir byggðinni skal varðveittur.
- Hverfisvernd skal vera á Norðursundi 1, 3, 5, 7, 9, 11 og 13 vegna menningarsögulegs hlutverks.
- Friðuð svæði eru ekki hverfisvernduð, enda ganga friðlýsingarskilmálar lengra en hverfisverndun.
- Leggja skal áherslu á að marka skýr skil á milli þeirra svæða sem rétt er að vernda til framtíðar og þeirra sem sett eru undir önnur not.
- Áfangastaði á náttúruríkum svæðum skal flokka þannig að megin áfangastaðir geti tekið á móti fjölda gesta en minnstu áfangastaðirnir séu t.a.m. einungis aðgengilegir fyrir gangandi.
- Ekki er heimilt að byggja upp greiðasölu á hverfisvernduðum svæðum.

Útfærsla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Hverfisvernduð svæði eru afmörkuð á skipulagssuppdrætti. Hluti hverfisverndaðra svæða eru svæði á náttúruminjasrá.


Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

Skilmálar sem áður voru á hverfisvernduðum svæðum við Ofanleitishraun eru felldir inn í skipulagsskilmála fyrir landnotkunarflokkinn sem svæðin falla í, óbyggð svæði, og hverfisverndin sem slík felld niður.

Hverfisvernd er sett á svæði við Urðarvita til að vernda svæðið framkvæmdum sem geta haft áhrif á landbrot.

Hverfisverndað svæði við Þorbjörn minnkar til norðurs og hverfisverndað svæði norðan við Viðlagafjöru minnkar vegna nálægðar við efnisnám.

Hverfisvernd



Hverfisvernd

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
HV-1	Hraunkanturinn norðan Vestmannabrautar	1,5	Hraunkanturinn að Heimagötu 35. Ekki má spilla hraunkantinum á þessu svæði með mannvirkjagerð. Gönguleiðir í þágu útivistar eða afþreyingar eru heimilar en nýta skal þær gönguleiðir sem fyrir eru. Efnistaka er bönnuð. Svæði skal ekki nota til beitar.
HV-2	Hraunkantur og svæði við Eldheima	3,0	Á svæðinu hafa hús verið grafin undan vikurskriðunni frá því í gosinu 1973. Hverfisverndin á við útgráfin hús og hraunkantinn. Útgröftur skal fara fram í samstarfi Byggðasafns Vestmannaeyja og Fornleifaverndar ríkisins og almenningi skal gefið tækifæri til að sjá og fylgjast með honum. Byggt hefur verið gosminjasafn yfir rústirnar að Gerðisbraut 10. Svæðið er deiliskipulagt.
HV-3	Skvísusund/ Norðursund	0,2	Norðursund 1, 3, 5, 7, 9 og 11. Óheimilt er að breyta yfirborði, útliti eða formi húsa frá núverandi útliti. Þá er niðurrif þeirra óheimilt. Við endurbætur og útlit húsa ber að taka mið af upprunalegu útliti og formi þeirra, sem og hlutverki þeirra í miðbænum. Undanþegin þessum ákvæðum eru minni háttar breytingar svo sem tímabundnar skreytingar eða breytingar á lit veggflata, gluggaumgjarða og þess háttar. Íbúðir eru heimilar á efri hæðum húsa.
HV-4	Flakkarinn	15,6	Sérstæðar jarðmyndanir úr gosinu 1973. Flakkarinn er stór hraunhóll sem myndaðist þegar norðurhlið Eldfells brotnaði frá fellinu og flaut ofan á hrauninu til norðurs. Þarna er útsýnispallur og gönguleiðir. Ekki má spilla jarðmyndunum á þessu svæði með mannvirkjagerð og umgengni. Gönguleiðir og útsýnisstaðir í þágu útivistar eða afþreyingar eru heimilar en nýta skal þær gönguleiðir sem fyrir eru. Ekki skal breyta landslaginu heldur vernda þær jarðmyndanir sem þarna eru. Efnistaka er bönnuð. Svæði skal ekki nota til beitar. Flakkarinn er á náttúruminjaskrá.
HV-5	Hraunið austan við Flakkarann	18,6	Sérstæðar jarðmyndanir úr gosinu 1973. Hluti Eldfellshrauns sem myndar sérstæðar jarðmyndanir sem ganga út í sjó. Þarna er útsýnispallur og gönguleiðir. Ekki má spilla jarðmyndunum á þessu svæði með mannvirkjagerð og umgengni. Gönguleiðir og útsýnisstaðir í þágu útivistar eða afþreyingar eru heimilar en nýta skal þær gönguleiðir sem fyrir eru. Ekki skal breyta landslaginu heldur vernda þær jarðmyndanir sem þarna eru. Efnistaka er bönnuð. Svæði skal ekki nota til beitar.
HV-6	Þorbjörn	10,3	Sérstæðar jarðmyndanir úr gosinu 1973. Fjallið Þorbjörn í Eldfellshrauni. Ekki má spilla jarðmyndunum á þessu svæði með mannvirkjagerð og umgengni. Gönguleiðir og útsýnisstaðir í þágu útivistar eða afþreyingar eru heimilar en nýta skal þær gönguleiðir sem fyrir eru. Ekki skal breyta landslaginu heldur vernda þær jarðmyndanir sem þarna eru. Efnistaka er bönnuð. Svæði skal ekki nota til beitar.
HV-7	Helgafell	33,7	Um 227 m hátt fell eða hraundýngja sem myndaðist í eldsumbrotum fyrir um 5000 árum. Er talið að gosið hafi tengt saman Stórhöfða, Dalfjall og Norðurklettana og myndað Heimaey. Þéttbýlið stendur á Helgafellshrauni sem ber þó mörg nöfn. Á toppnum er útsýnisskífa. Ekki má spilla jarðmyndunum á þessu svæði með mannvirkjagerð og umgengni. Gönguleiðir og útsýnisstaðir í þágu útivistar eða afþreyingar eru heimilar en nýta skal þær gönguleiðir sem fyrir eru. Ekki skal breyta landslaginu heldur vernda þær jarðmyndanir sem þarna eru. Efnistaka er bönnuð. Svæði skal ekki nota til beitar. Helgafell er á náttúruminjaskrá.

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
HV-8	Gígaröðin sunnan við Eldfell	5,9	Í upphafi gossins 1973 gaus á gígaröð nánast samfelld frá enda flugbrautarinnar til austurs og niður að sjó utan við höfnina. Suður af Eldfelli er hluti þessarar gígaraðar og myndar sérstæðar jarðmyndanir. Ekki má spilla jarðmyndunum á þessu svæði með mannvirkjagerð og umgengni. Gönguleiðir og útsýnisstaðir í þágu útivistar eða afþreyingar eru heimilar en nýta skal þær gönguleiðir sem fyrir eru. Ekki skal breyta landslaginu heldur vernda þær jarðmyndanir sem þarna eru. Efnistaka er bönnuð. Svæði skal ekki nota til beitar.
HV-9	Eldfell og páskahraun	102,5	Eldfell er yngsta fjall landsins og myndaðist í gosinu 1973. Það er um 131 metra hátt. Ekki má spilla jarðmyndunum á þessu svæði með mannvirkjagerð og umgengni. Gönguleiðir og útsýnisstaðir í þágu útivistar eða afþreyingar eru heimilar en nýta skal þær gönguleiðir sem fyrir eru. Ekki skal breyta landslaginu heldur vernda þær jarðmyndanir sem þarna eru. Efnistaka er bönnuð. Svæði skal ekki nota til beitar. Eldfell er á náttúruminjaskrá.
HV-10	Ellidæy	83,7	Unnið er að friðlýsingu vegna verndunar búsvæða sjófugla í Vestmannaeyjum sem friðland og hefur verið áformað að friðlýsingin nái yfir öll þau svæði sem hér eru afmörkuð. Þeir hverfisverndarskilmálar sem hér eru settir, taka mið af skilmálum sem til voru í drögum sem mótuð voru vegna væntanlegrar friðlýsingar, því þrátt fyrir að Vestmannaeyjabær hafi ákveðið að samþykkja ekki friðlýsingaráformin fyrir sitt leiti, þá vill bærinn vernda svæðin eins og hér er kveðið á um. Hverfisverndin nær yfir eftir talin svæði á Heimaey: Dalfjalls, Háar, Litla Klifs, Klifs, Sæfjalls, Kervíkurfjalls, Litla Höfða, Stórhöfða, Ystakletts, Miðkletts og Heimakletts, en nær þar ekki til sjávar við innsiglingu innan við Klettsvík og innan hafnarsvæðisins. Þá tekur hverfisverndin til allra úteyja utan Surtseyjar sem er friðuð. Í Vestmannaeyjum er stærsta sjósvölubýggð í Evrópu og er stærsta varpið í Elliðæy en einnig er varp í Bjarnarey, Smáeyjum, Álsey, Brandi, Hellisey og Suðurey. Eini varpstaður skrofu á Íslandi er í Vestmannaeyjum og er þekkt varp tegundarinnar m.a. í Ystakletti á Heimaey, Elliðæy, Bjarnarey, Álsey og Suðurey. Í Vestmannaeyjum er varpstaður nær allra stormsvala landsins og þar er varpstaður um þriðjungs lundastofnsins á Íslandi. Markmið hverfisverndar er að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi alþjóðlegra mikilvægra fuglabýggða og vernda búsvæði lunda, skrofu, stormsvölu, sjósvölu, súlu, ritu, langvíu, fýls og álku. Umferð er takmörkuð á varptíma og skotveiði bönnuð. Mannvirkjagerð er óheimil innan verndarsvæðisins nema almennt viðhald mannvirkja. Jarðrask innan verndarsvæðisins er óheimilt.
HV-11	Bjarnarey	62,7	
HV-12	Hani, Hrauney, Grasleysa og næstu eyjar/sker	50,1	
HV-13	Álsey	54,9	
HV-14	Brandur	27,8	
HV-15	Suðurey	41,8	
HV-16	Hellisey	35,9	
HV-17	Súlnasker	17,2	
HV-18	Geldingur	33,3	
HV-19	Geirfuglasker	17,2	
HV-20	Dalfjall, Háin, Klifið og nálægt sker	89,3	
HV-21	Heimaklettur, Miðklettur, Ystiklettur og Klettsnef	63,5	

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
HV-22	Faxasker og nálægt sker.	23,5	
HV-23	Sæfjall, Litlihöfði og Stakkur	53,3	
HV-24	Stórhöfði	58,6	
HV-25	Þrídrangar	17,5	
HV-26	Einisdrangar	7,5	
HV-27	Urðarviti	6,3	Fagurlaga fjörukambur sem skilur að hafið og Viðlagafjöru. Kamburinn er greinilega í a.m.k. tímabundnu jafnvægi við ölduálag. Markmið hverfisverndar er að ekki verði hróflað við svæðinu/berginu til að koma í veg fyrir landbrot. Til að tryggja það er svæðið hverfisverndað. Urðarviti stendur á svæðinu og er kennileiti. Mannvirkjagerð er óheimil innan svæðisins nema almennt viðhald mannvirkja. Jarðrask innan svæðisins er óheimilt. Öll efnistaka er bönnuð.



4.6 Vernd menningarminja

Forsendur og áherslur

Allar fornleifar á Íslandi eru friðaðar en hluti þeirra nýtur auk þess meiri verndar með friðlýsingu. Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 teljast fornleifar vera hvers kyns mannvistarleifar og eru 100 ára og eldri. Þar með talin eru hús, byggðaleifar, bæjarstæði, verstöðvar, samgöngumannvirki, túngerði, virki og skansar, áletranir, haugar og skipsflök. Enginn má spilla fornleifum nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Samkvæmt eldri þjóðminjalögum voru fimm minjaverndarsvæði friðlýst þ.e. lindin í Herjólfssdal, bærinn í Herjólfssdal, tveir kofar í Herjólfssdal, gömlu mannvirkin við Skansinn og fiskbyrgin sunnan í Hánni.

Fornleifar í bæjarlandinu í Heimaey hafa verið skráðar (Katrín Gunnarsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir 2002) en ekki fjöllin og úteyjarnar. Gert er ráð fyrir að vettvangsskráningu fornleifa verði lokið samhliða gerð deiliskipulags á svæðum sem fyrirhugað er að nýta sem atvinnu- eða íbúðarsvæði en sá háttur hefur verið hafður á undanfarin ár (Bjarni F. Einarsson 1999, Katrín Gunnarsdóttir 2009, Katrín Gunnarsdóttir 2010, Katrín Gunnarsdóttir 2011). Skráning mun því liggja fyrir áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda. Ekki liggur fyrir tímasett áætlun um hvernig lokið verður við að deiliskipuleggja öll svæði sem fyrirhugað er að nýta sem atvinnu- eða íbúðarsvæði. Þetta er í samræmi við athugasemdir við 16. gr. laga um menningarminjar sem fylgdu frumvarpinu, þar sem skýrt kemur fram að ítarleg skráning á vettvangi skuli fara fram við gerð deiliskipulags. Við deiliskipulagsgerð skal fara vel yfir það svæði sem á að deiliskipuleggja út frá fornleifaskrá. Við gerð deiliskipulags innan þéttbýlisins skal sérstaklega gæta að því að öll hús sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð skv. 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Á vef Minjastofnunar er listi yfir friðlýst hús og mannvirki. Þar á meðal eru þrjú hús í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt skránni Fasteignamats ríkisins (skráning byggingarárs getur verið ónákvæm) eru eftirfarandi hús í Vestmannaeyjum eldri en 100 ára og eru þar með friðuð vegna aldurs samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Heimilisfang	Byggingarár
Landakirkja Kirkjuvegur	1774-1778
Landlyst Skansinum	1847
Ráðhús Vestmannaeyja, ytra byrði.	1927



Tafla 3. Hús í Vestmannaeyjum sem eru skráð eldri en 100 ára í skrá Fasteignamats ríkisins.

Heimilisfang	Byggingarár	Heimilisfang	Byggingarár	Heimilisfang	Byggingarár	Heimilisfang	Byggingarár
Bárustígur 13	1913	Kirkjuvegur 41	1901	Vestmannabraut 22A-D	1911	Vestmannabraut 62	1913
Birkihlíð 12	1912	Kirkjuvegur 49	1903	Vestmannabraut 24	1905	Vestmannabraut 63A	1913
Birkihlíð 21	1912	Kirkjuvegur 53	1913	Vestmannabraut 34	1907	Vestmannabraut 67	1913
Birkihlíð 24	1912	Kirkjuvegur 65	1911	Vestmannabraut 6	1907	Vestmannabraut 68	1915
Breiðabliksvegur 5	1908	Miðstræti 3	1906	Vestmannabraut 42	1908	Vestmannabraut 69	1908
Brekastígur 30	1914	Miðstræti 5A	1908	Vestmannabraut 44	1909	Vesturvegur 11A	1911
Faxastígur 10	1913	Miðstræti 19	1911	Vestmannabraut 46A	1908	Vesturvegur 13B	1916
Faxastígur 3	1905	Miðstræti 30	1912	Vestmannabraut 48A	1911	Vesturvegur 17B	1911
Faxastígur 7	1913	Njarðarstígur 17	1876	Vestmannabraut 48B	1911	Vesturvegur 19	1908
Faxastígur 8B	1913	Skólavegur 3	1903	Vestmannabraut 51B	1913	Vesturvegur 22	1912
Faxastígur 8B	1915	Skólavegur 11	1913	Vestmannabraut 52	1908	Vesturvegur 23B	1912
Hásteinsvegur 6	1910	Stórhöfðaviti	1906	Vestmannabraut 55	1913	Vesturvegur 28	1907
Hásteinsvegur 18	1911	Strandvegur 55	1915	Vestmannabraut 56A	1912		
Hásteinsvegur 20	1913	Strandvegur 76	1912	Vestmannabraut 56B	1911		
Herjólfsgata 2	1910	Strandvegur 82	1913	Vestmannabraut 57	1913		
Kirkjuvegur 14	1906	Vestmannabraut 8	1908	Vestmannabraut 58A	1911		
Kirkjuvegur 20	1906	Vestmannabraut 9	1905	Vestmannabraut 58A	1915		
Kirkjuvegur 35	1906	Vestmannabraut 10	1908	Vestmannabraut 59	1912		

Samkvæmt skrá Fasteignamats ríkisins eru eftirfarandi hús í Vestmannaeyjum yngri en 100 ára en byggð fyrir 1925 og hafa þarf samráð við Minjastofnun ef breytingar eru áformaðar á þeim.

Tafla 4. Hús í Vestmannaeyjum sem eru skráð yngri en 100 ára en byggð fyrir 1925, í skrá Fasteignamats ríkisins.

Heimilisfang	Byggingarár
Bessastígur 8	1925
Brekastígur 3	1923
Brekastígur 5A	1924
Brekastígur 6	1920
Brekastígur 7B	1922
Brekastígur 8	1924
Brekastígur 11A	1923
Brekastígur 11B	1920
Brekastígur 15C	1924
Brekastígur 18	1924
Brekastígur 22	1925
Brekastígur 26	1925
Brekastígur 33	1925
Brimhólar	1924
Faxastígur 4	1924

Heimilisfang	Byggingarár
Faxastígur 6	1924
Faxastígur 12	1924
Faxastígur 13	1924
Faxastígur 15	1920
Faxastígur 17	1925
Faxastígur 18	1919
Faxastígur 19	1924
Faxastígur 20	1922
Faxastígur 22	1922
Faxastígur 24	1918
Flatir 10	1921
Flatir 14	1921
Flatir 16	1922
Hásteinsvegur 2	1922
Hásteinsvegur 11	1920


Heimilisfang	Byggingarár
Hásteinsvegur 13	1920
Hásteinsvegur 15B	1921
Hásteinsvegur 17	1924
Hásteinsvegur 30	1924
Hásteinsvegur 36	1921
Hásteinsvegur 40	1920
Heimagata 28	1925
Herjólfsgata 5	1925
Hvítingavegur 2	1924
Hvítingavegur 3	1924
Hvítingavegur 5	1922
Hvítingavegur 12	1924
Kirkjuvegur 17	1922
Kirkjuvegur 19	1921
Kirkjuvegur 20	1920
Kirkjuvegur 28	1925
Kirkjuvegur 57	1925
Kirkjuvegur 64	1925
Kirkjuvegur 70A	1925

Heimilisfang	Byggingarár
Kirkjuvegur 82	1925
Kirkjuvegur 84	1925
Miðstræti 21	1924
Skólavegur 7	1922
Skólavegur 8	1924
Skólavegur 12	1924
Skólavegur 14	1924
Skólavegur 18	1919
Skólavegur 19	1924
Skólavegur 23	1922
Skólavegur 24	1924
Skólavegur 25	1925
Skólavegur 32	1921
Skólavegur 37	1921
Skólavegur 45	1920
Skólavegur 47	1925
Sólhlíð 4	1924
Strandvegur 37	1925
Vestmannabraut 13A	1919



Heimilisfang	Byggingarár
Vestmannabraut 13B	1923
Vestmannabraut 35	1921
Vestmannabraut 46A	1920
Vestmannabraut 49	1921
Vestmannabraut 53	1921
Vestmannabraut 56B	1920
Vestmannabraut 65B	1923
Vesturvegur 15A	1920
Vesturvegur 20	1924
Vesturvegur 26	1925
Vesturvegur 27	1925
Vesturvegur 30	1925

Á eftirfarandi korti af þéttbýlinu má sjá staðsetningu friðaðra bygginga, bygginga sem eru friðaðar skv. 100 ára reglunni og til viðbótar þau hús sem eru byggð fyrir 1925 og hafa þarf samráð við Minjastofnun vegna, ef breytingar eru fyrirhugaðar. Nánari upplýsingar fyrir hvert hús verða unnar í tengslum við vinnu við deiliskipulag.



Markmið og verkefni

- Unnið skal að verndun og fræðslu um menningarminjar í Vestmannaeyjum.
- Vekja skal athygli á sögu og menningarminjum þar sem þær eru að finna.
- Stefnt skal að því að til verði heildarskrá yfir fornleifar í Vestmannaeyjum.

Útfærsla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Stefnan er útfærð með því að setja friðlýst minjasvæði inn á skipulagsuppdrátt og skipulagsákvæði fyrir hvern reit, sbr. töflu hér að neðan. Við deiliskipulagsgerð

skal fara vel yfir það svæði sem á að deiliskipuleggja út frá fornleifaskrá. Við gerð deiliskipulags innan þéttbýlisins skal sérstaklega gæta að því að öll hús sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð skv. 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og að hafa skal samráð við Minjastofnun vegna húsa sem eru byggð fyrir 1925.

Minjavernd

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
MV-1	Lindin Herjólfssdal	-	Hinn gamli umbúnaður um lindina í Herjólfssdal. Geymdur undir nýlegri hleðslu og steypu loki yfir lindina. Í framtíðinni er gert ráð fyrir endurbyggingu í upprunalegt horf, í samráði við Minjastofnun.
MV-2	Bærinn Herjólfssdal	-	Leifar hins forna bæjar í Herjólfssdal og tveggja gamalla búða þar hjá. Ágætlega mótar fyrir rústunum.
MV-3	Kofar Herjólfssdal	-	Leifar tveggja gamalla kofa um 400 skref fyrir sunnan tóftirnar í Herjólfssdal. Ágætlega mótar fyrir kofunum á hól inni á golfvelli.
MV-4	Skansinn	-	Skansinn; hin gömlu mannvirki þar.
MV-5	Fiskabyrgin	-	Fiskabyrgin sunnan í Hánni, fyrir austan Herjólfssdal. Hleðslur í hellum í klettaveggjum í Hánni.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

- Breytingar á stefnu aðalskipulagsins eru óverulegar en settur fram listi yfir hús sem eru friðuð vegna aldurs eða hafa þarf samráð um skv. nýjum lögum um menningarminjar.

4.7 Varúðarsvæði og náttúruvá

Forsendur og áherslur

Árið 2011 var unnin áhættuskoðun fyrir Vestmannaeyjar vegna almannavarna (Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum, 2012). Þar er áhætta flokkuð í fjóra flokka þar sem hún er talin vera til staðar. Möguleg áhætta er metin vegna eftirtalinna atburða:

- Óveðurs, vegna mögulegra sjávarflóða t.d. á Eiðinu.
- Jarðskjálfta, vegna t.d. Suðurlandsskjálfta og Krýsuvíkurskjálfta. Grjóthruns úr fjöllum í Eyjum og mögulegar skemmdir á grunnvirkjum eins og raflinum á fastalandinu.
- Eldgosa, vegna áhrifa á byggð.
- Jökulhlaups, vegna hættu á skemmdum vegna vatnstöku og rafmagnslínunum ef jökulhlaup verður á fastalandinu.
- Hafnar- eða flóðbylgju, vegna eldgoss í Kötlu eða annarra viðburða.
- Skriðufalla í klettum vegna jarðskjálfta.
- Sjávarflóða, vegna breytinga á sjávarstöðu vegna loftslagsbreytinga.

Mest er hættan talin vera vegna eldgosa, bæði vegna hraunrennslis, gjósku og eitrefna. Veðurstofan vinnur að hættumati vegna eldgosa á Íslandi og eru Vestmannaeyjar þar til umfjöllunar t.a.m. vegna forgreiningar á eldgosum sem geta valdið eignatjóni. Veðurstofa Íslands sér einnig um vöktun vegna þessa, jarðskjálftamælingar, þenslumælingar og GPS mælingar. GPS mælingar hafa verið í gangi síðan 2000 og sýna þær að land hefur risið.

Í ársbyrjun 2017 gáfu Almannavarnir, í samvinnu við Lögreglustjóran í Vestmannaeyjum og Ríkislögreglustjóra, út Viðbragðsáætlun vegna eldgoss í Vestmannaeyjum. Áætlunin segir til um stjórnun aðgerða í kjölfar eldgoss í Eyjum en hana má einnig virkja vegna annarra hamfara á Heimaey eða nágrenni.

Síritandi mælir á sjávarstöðu er í umsjón hafnarinnar í Vestmannaeyjum. Landris við Vestmannaeyjar hefur mælst um 3,0 mm á ári á tímabilinu frá 2000-2008 og 3,4 mm

á ári sé litið á tímabilið frá upphafi mælinga til þessa dags. Frá 1901 til 2010 er mjög líklegt að í hnattrænu tilliti hafi sjávarstaða að jafnaði hækkað um rúmlega 1,5 mm á ári en á tímabilinu frá 1993-2010 var hún hraðari, eða yfir 2,8 mm á ári. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands (2018) stafar mikil óvissa um þróun bráðunar á Suðurskautslandinu og Grænlandi og er þess vegna erfitt að meta líkleg hærri mörk sjávarstöðuhækkunar hér á landi. Úr því kann þó að ræstast á næstu árum. Í ljósi þessarar óvissu er mælt með því nú um sinn að meta mögulega sjávarstöðuhækkun sem 75-85 cm á 21. öld. Ef gert er ráð fyrir áframhaldandi landrisi yrði raunhækkun sjávarborðs í Vestmannaeyjum á 21. öld um 20 cm lægri, eða 55-65 cm en aftur þarf að nefna að um þetta er töluverð óvissa. Veðurstofan vinnur núna að hættumati vegna sjávarflóða í samvinnu við Vegagerðina.

Hætta er vegna sjávarflóðs í tengslum við Kötlugos. Er það metið sem svo að flóðbylgja geti orðið 1-2 m og eru áhrifin tengd því hvort sjávarstaða er há þegar flóðið kemur. Sérfræðingar meta það sem svo að viðbragðstími verði nokkur þar sem flóðbylgja kemur ekki til Eyja fyrr en þó nokkru eftir að flóð úr Kötlu kemst til sjávar. Stefnt er að því að kanna þetta frekar í nágrenni framtíð í tengslum við heildarhættumat vegna eldgosa á Íslandi.

Veðurstofan rekur þrjá mæla í Eyjum til vöktunar á jarðskjálftum. Stærstu skjálftar með upptök á Suðurlandi geta valdið tjóni. Nokkur skjálftavirkni hefur verið nálægt Surtsey, en skjálftarnir hafa ekki verið það stórir að þeir valdi hættu.

Sérstaða Vestmannaeyja er mikil vegna eldgosavár. Á Veðurstofu Íslands er unnið að hættumati vegna eldgosa í Eyjum og er skýrsla um niðurstöður að vænta á haustdögum 2018.

Hætta vegna hruns er í klettum og fjöllum nyrst á Heimaey. Þar geta fallið stórir grjóthnullungar landmegin. Mesta hættan er í Herjólfssdal og við rætur Klífsins en hættan er einnig til staðar í Hánni. Í eldra aðalskipulagi voru afmörkuð hættusvæði vegna grjóthruns og sett inn ákvæði um byggingarbann á þeim svæðum. Við vinnslu aðalskipulagsins hefur verið haft samráð við Veðurstofuna og þaðan fengin uppfærð viðmið um áhættumat vegna grjóthruns (Tómas Jóhannesson o.fl, 2002). Þar er lagt til að öllu jöfnu séu einungis skilgreind hættusvæði A vegna grjóthruns, þar sem mun minni hættan er búin fólk af völdum grjóthruns en t.d. snjóflóða. Á hættusvæði

A, á þegar byggðum svæðum, er heimilt að reisa íbúðir og atvinnuhúsnæði að teknu tilliti til skilyrða um hönnun burðarvirkja og tilhögun eins og greint er frá í reglugerð nr. 505/2000. Að teknu tilliti til þessara viðmiða eru varúðarsvæði vegna grjóthruns sýnd á skipulagsuppdrætti en við skipulag mannvirkja í nálægð við varúðarsvæðin skal hafa samráð við Veðurstofuna.

Fyrir svæðið undir Hánni í Herjólfssdal var unnið staðbundið hættumat vegna grjóthruns í tengslum við vinnslu deiliskipulags í dalnum (Veðurstofa Íslands, 2017). Þar sem fyrirhugaðir byggingarreitir fyrir smáhýsi eiga að liggja mjög nálægt þverhníptu klettabeltinu voru skilgreind útmörk A- og B-hættusvæðis, þó það sé alla jafna ekki gert í tilfelli grjóthruns. Þessi mörk eru sýnd á skipulagsuppdrætti.

Markmið og verkefni

- Við skipulagsgerð skal taka tillit til mögulegrar hækkunar sjávarstöðu vegna hlýnunar jarðar.
- Við gerð skipulags á mögulegum hrunsvæðum skal leita álits Veðurstofu Íslands um ofanflóðahættu.
- Við skipulagsgerð skal hafa samráð við Veðurstofuna um hættumat vegna náttúruvár.
- Útfærsla

Útfærsla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Stefnan er útfærð með afmörkun náttúruverndarsvæða á uppdrætti og viðeigandi skipulagsákvæðum. Við Hánni í Herjólfssdal, þar sem fyrir liggur hættumat eru útmörk A- og B- hættusvæðis vegna grjóthruns sett á skipulagsuppdrátt.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

Breytingar á stefnu aðalskipulagsins eru óverulegar.

Vásvæði

Auðkenni	Heiti svæðis	Skipulagsákvæði
NV-1	Vásvæði vegna hruns	Afmörkuð vásvæði vegna mögulegs grjóthruns úr klettum á Heimaey. Ekki hefur verið unnið hættumat fyrir öll þessi svæði en staðsetning þeirra byggir á sögu um hrun. Afmörkun þessara vásvæða segir ekki til um að önnur svæði á eyjunni séu utan allrar hrunchættu.
NV-2		
NV-3		Almennt eru hættusvæði vegna grjóthruns skilgreind sem hættusvæði A þar sem mun minni hættu er af völdum grjóthruns en t.d. snjóflóða. Á hættusvæði A er heimilt að reisa íbúðir og atvinnuhúsnæði að teknu tilliti til skilyrða um hönnun burðarvirkja og tilhögun eins og greint er frá reglugerð nr. 505/2000. Við skipulag mannvirkja í nálægð við varúðarsvæðin skal hafa samráð við Veðurstofuna.
NV-4		
NV-5		

4.8 Efnistöku og efnislosunarsvæði

Forsendur og áherslur

Mikilvægt er að stuðla að hagkvæmri nýtingu jarðefna í Eyjum, enda um takmarkaða auðlind að ræða. Tryggja þarf að sveitarfélagið hafi nægilegt framboð af jarðefnum sem nauðsynleg eru til uppbyggingar. Áætlað efnisnám árið 2015 var um 3000 m³.

Í Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2002-2014 var moldarnáma og jarðvegstíppur við suðurenda flugvallarins en svæðinu hefur verið lokað og er það nú frágengið.

Efnistökusvæði hefur verið í Skansfjöru. Þar hefur verið tekinn sandur úr fjörunni en hann endurnýjar sig með hafstraumum.

Farið var yfir afmörkun efnistökusvæðis í rauðamalarnámu ofan við Viðlagafjöru (E-1) og efnistökusvæði stækkað í vestur. Gæta skal að sjónrænum áhrifum úr vestri og skal miðað við að efni sé unnið austan úr hólum. Efni er mest notað sem undirlag vega og húsa. Draga má verulega úr efnistöku eða gera hlé á henni þegar efnistaka hefst á athafnasvæðinu í nýja hrauninu á svæði fyrrum hraunhitaveitu. Þar er mikið af efni sem hægt er að ganga í um leið og landið er mótað og undirbúið fyrir uppbyggingu á svæðinu.

Í Viðlagafjöru var heimild í aðalskipulagi fyrir efnistöku og fiskeldi en ekkert hefur orðið úr eldinu. Svæðið sem var ætlað fyrir starfsemi fiskeldis er nú sameinað við efnistökusvæði suður af Viðlagafjöru. Svæðið er afmarkað upp á nýtt miðað við það svæði sem hentugast er til efnistöku til framtíðar (Hreggviður Norðdahl, 2017). Sett er inn heimild til að starfrækja á svæðinu iðnaðarstarfsemi sem er tengd efnisvinnslu svo sem steypustöð, malarvinnsla, malbikunarstöð og svipaður rekstur. Einnig er heimild til að taka á móti efni til endurnýtingar. Rétt áður en komið er að svæðinu við Viðlagafjöru, þegar ekið er eftir Eldfellsvegi, er áningarstaður fyrir ferðamenn og íbúa. Gæta þarf að ásýnd efnistökusvæðis í Viðlagafjöru þaðan.

Samhliða vinnu við endurskoðun aðalskipulags var unnin úttekt um stöðu efnismála í Vestmannaeyjum (Hreggviður Norðdahl, 2017). Markmiðið með þeirri vinnu var að kortleggja það efni sem til er og koma með tillögur sem myndu miða að

hagkvæmustu nýtingu efnisins.

Stefnan er að nýta alltaf það efni sem hagkvæmast er fyrir hverja framkvæmd, þegar horft er til lengri tíma. Út úr þessari vinnu kom fram tillaga að nýrri afmörkun efnistöku og vinnslusvæðis í Viðlagafjöru þar sem svæðið er afmarkað út frá því hvar besta efnið er og hvað er hagkvæmast að vinna. Breytingin hefur þau áhrif að hverfisverndað svæði norðan við Þorbjörn minnkar, miðað við vinnslu úr hól sem þar er. Breytingin gengur ekki á Þorbjörn sjálfan. Fram kom tillaga um að afmarka nýtt hverfisverndað svæði í svokallaðri Urð þar sem Urðarviti er. Það svæði myndar mikilvægt haft sem ver svæðið fyrir landbroti, auk þess sem þar eru áhugaverðar jarðmyndanir og landslagsmyndir í fjörunni, þar sem berg og aldan há sína baráttu.

Miðað við gróft mat á efni á E-1 í Viðlagafjöru og í rauðumalarnámunni þar ofan við, er forði þar af hágæða náttúrulegum byggingarefnum til 6-9 ára. Það á við um bögglaberg sem er um 50% af mögulegu efni til að losa af um 230-290.000 m³ af efni á námusvæðinu. Ef hlutfall hágæðaefnisins er meira eða minna þá lengist eða styttest endingartími efnanna um 1-2 ár. Þegar efni þrýtur í Vestmannaeyjum og ekki verður opnað fyrir ný efnistökusvæði þarf að útvega unnið eða óunnið efni ofan af landi eða fá hentugt efni af hafsbolti.

Samhliða uppbyggingu á athafnasvæði á nýja hrauninu á röskuðu svæði hraunhitaveitunnar verður mögulegt að nýta það efni sem þar er. Efnistaka þar yrði nýtt til að lækka svæðið í landinu áður en kæmi til uppbyggingar athafnasvæðis á því. Það efni leysir þó ekki þörfina fyrir hágæða efni því rannsóknir benda til þess að hlutfall þess hágæða efnis af heildinni þar sé einungis 7% á móti 50% efnisins í Viðlagafjöru. Til að ná eftirsóttasta hluta efnisins þarf því að hreyfa gríðarlegt magn af efni. Áður en farið er að taka ofan af svæði A-3 er mikilvægt að gera sér grein fyrir hagkvæmni eða óhagkvæmni þess að flytja til svo mikinn massa. Sú vinna yrði hluti af deiliskipulagi fyrir svæðið.

Kosturinn við að taka efni í Skansfjöru er að það efni endurnýjar sig með efni sem berst með hafstraumum, sem á ekki við um önnur efnistökusvæði. Lítið er af bögglabergi og stórgryti en ekki gert ráð fyrir frekara grjótnámi í Prestafjöru.

Unnið hefur verið stórgryti á flugvallarsvæðinu þegar þar hafa verið framkvæmdir.

Það verður heimilt áfram.

Efnistaka í Skansfjörðu er heimil áfram þar til það svæði verður tekið undir hafnarsvæði eins og stefna er sett fram um í skipulaginu.

Gamlar námur eru við Hástein og sunnan í Helgafelli en vinnsla þar hefur verið hætt og gengið frá svæðunum.

Markmið og verkefni

- Allt efnisnám verði skipulagt á þann veg að efnisnotkun á hverjum stað fyrir sig verði forgangsraðað með það að leiðarljósi að hámarka virðisaukningu efnanna.
- Öll efnistökusvæði eiga að vera með gild framkvæmdaleyfi og starfsleyfi heilbrigðisnefndar.
- Efnistökusvæði eru sýnd á aðalskipulagsupprætti og meiriháttar efnistökusvæði skal deiliskipuleggja. Í deiliskipulagi skal afmarka hvar efnisnám er heimilt innan efnistökusvæða en á svæðunum er einnig gert ráð fyrir efnisvinnslu, aðstöðu fyrir starfsmenn og tengdri starfsemi.
- Jarðefni er takmörkuð auðlind og skal nýting hennar taka mið af því.
- Efnistaka er heimil á flugvallarsvæði í tengslum við uppbyggingu og framkvæmdir innan svæðisins.
- Efnisvinnsla á nýjum svæðum verði ekki heimiluð. Öll námasvæði verði í umsjá umhverfis- og skipulagsráðs Vestmannaeyja í samráði við Náttúrustofu Suðurlands sem hafi eftirlit með námum og frágangi að vinnslu lokinni í samræmi við 48 gr. laga nr. 44/1999. Það verði hlutverk Hafnarstjórnar að sjá um að innsiglingin, lokist ekki af efnisframburði.
- Vinna skal nýtingaáætlun fyrir efnistöku með það að markmiði að nýta tiltækt efni sem best.

Útfærsla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Stefnan er útfærð með afmörkun efnistöku- og efnislosunarsvæða á upprætti og viðeigandi skipulagsákvæðum.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

- Afmörkun allra efnistökusvæða tekur breytingum.
- Efnistökusvæði í og við Viðlagafjöru stækkað, heimild um fiskeldi fellur út en svæðið er sameinað iðnaðarsvæði sem áður var afmarkað í Viðlagafjöru. Heimild er sett inn fyrir iðnað tengdan efnisvinnslu.
- Efnistökusvæði í Skansfjöru verður nýtt þar til landnotkun þar verður hafnarsvæði, eins og stefnt er að.

Efnistaka og efnislosun

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
E-1	Viðlagafjara	20,1	Efnistökusvæði í Viðlagafjöru. Þar er unninn sandur úr fjörunni og basalt og gjall er unnið og malað. Efnisnám á svæðinu er heimilt skv. ákvörðunum sveitarfélagsins. Metið vinnanlegt efni á svæðinu er 100-150.000 m³ auk efnisnáms úr fjörkambinum sem ætti að vera sjálfbært. Á svæðinu er einnig gert ráð fyrir efnisvinnslu, aðstöðu til að taka á móti efni og endurvinna og lagera. Heimilt er að staðsetja á svæðinu iðnaðarstarfsemi sem er tengd efnisvinnslu s.s. steypustöð, malarvinnslu, malbikunarstöð eða svipaðan rekstur. Ofan við Viðlagafjöru er rauðamalar- og gjallnáma en efnið þaðan er að mestu notað í undirlag undir vegi og byggingar. Efni er tekið úr hól og skal gætt að því að góð ásýnd sé að svæðinu þegar komið er að því úr vestri. Einnig þarf að gæta að ásýnd frá áningarstað fyrir ferðamenn og íbúa, við Eldfellsveg, áður en ekið er niður í Viðlagafjöru.



5. Góð grunnkerfi

5.1 Samgöngur

Forsendur og áherslur

Þörf er á góðu grunnkerfi samgangna fyrir alla aldurshópa, bæði til daglegra samgangna og til útvistar.

Í aðalskipulaginu er skilgreint grunnkerfi akstursleiða, gönguleiða, útivistarleiða, hjólaleiða og reiðleiða. Þær leiðir sem tilheyra grunnkerfinu njóta forgangs í uppbyggingu, rekstri og viðhaldi t.d. vegna lýsingar, vorhreinsunar og vetrarþjónustu. Auk grunnkerfanna er gert ráð fyrir húsagötum, öðrum stígum og reiðleiðum samkvæmt nánari ákvörðun í deiliskipulagi.

Fjölgun ferðamanna hefur leitt til aukningar á umferð, bæði umferð akandi og ekki síður umferð gangandi og hjólandi að sumri til. Umferð stórra bíla og rúta hefur aukist mikið. Engar almenningssamgöngur eru innanbæjar í Vestmannaeyjum og ekki stefnt að þeim.

Meginmarkmið

- Áhersla á góð grunnkerfi samgangna með öryggi vegfarenda að leiðarljósi.
- Grunnkerfi samgangna sé skilgreint fyrir akandi, hjólandi, gangandi og ríðandi.
- Góðar tengingar allra ferðamáta við mikilvæga áfangastaði svo sem megingáttir samgangna til og frá eyjunni, miðbæ, helstu þjónustu, áfangastaði ferðamanna og skóla.
- Göturýmið taki mið af þörfum og öryggi allra notendahópa: gangandi, hjólandi, akandi.

5.1.1 Gatnakerfi

Forsendur og áherslur

Gatnanet í Vestmannaeyjabæ er að mestu þéttið, enda byggðin þétt sem hefur þau áhrif að vegalengdir í þjónustu verða stuttar. Netið er gisnara í jaðri bæjarins og fyrir utan hann. Leggja þarf áherslu á öryggi allra vegfaraendahópa og að hönnun og útfærsla gatnanetsins miði að því.

Í aðalskipulagi eru skilgreindar stofnbrautir og tengibrautir. Stofnbrautir eru aðalumferðargötur í þéttbýli og tengjast stofnvegakerfi utan þéttbýlis. Leiðin að höfninni til ferjunnar og til flugvallarins eru mikilvægar tengingar að gáttum til og frá bænum. Heiðarvegur, frá ferjulæginu við höfnina og að flugvellið er skilgreindur sem stofnbraut og er þjóðvegur í þéttbýli skv. vegaskrá Vegagerðarinnar. Hámarkshraði skal ekki vera hærri en 50 km/klst.

Tengibrautir tengja bæjarhluta við stofnbrautakerfið og nálæga bæjarhluta saman innbyrðis. Hámarkshraði skal ekki vera hærri en 50 km/klst. Tengibrautir eru sýndar á uppdrætti. Hámarkshraði skal ekki vera hærri en 30 km/klst á kafla þar sem ekið er fram hjá grunnskóla eða leikskóla. Stefnt er að þéttingu byggðar á svæðinu milli Strembugötu, Dalavegar og Kirkjuvegur. Tengt þeim áformum verður Höfðavegur framlengdur að Kirkjuvegi sem tengibraut. Samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir að umferð af Strandvegi áfram út á Eiði liggi ekki lengur um Friðarhöfn, sem er á hafnarbakknum, heldur verði Strandvegur framlengdur við klifið og að Eiði. Við þetta verður Friðarhöfn ekki lengur tengibraut heldur framlengdur Strandvegur að Eiði og áfram. Hluti tengibrauta í vegakerfi Vestmannaeyja eru þjóðvegir eins og nánar er kveðið á um í vegaskrá hverju sinni. Samkvæmt vegaskrá 2017, sem er aðgengileg á vefsíðu Vegagerðarinnar, eru tveir tengivegir í Vestmanneyjum þjóðvegir í umsjón Vegagerðarinnar; Eldfellsvegur frá Skansinum að bílastæði ofan Viðlagafjöru (1,36 km) og Stórhöfðavegur frá Hamarsvegi/Höfðavegi að Stórhöfða (3,40 km).

Safngötur flytja umferð frá húsagötum að tengibrautum. Hámarkshraði er 30 km/klst. Safngötur eru ekki sýndar á skipulagsuppdrætti nema sem undirlag til skýringar. Á skipulagi þeirra er tekið í deiliskipulagi. Sama á við um vistgötur með

hámarkshraða 15 km/klst en eftirfarandi götur hafa verið skilgreindar sem slíkar Hilmsgata (frá Kirkjuvegi að Vestmannabraut), Bárustígur (frá Vestmannabraut að Strandvegi), Reglubraut og Skólavegur frá Vesturvegi að Strandgötu.

Gert hefur verið ráð fyrir jarðgöngum í aðalskipulagi Vestmannaeyja frá því í aðalskipulaginu 1988-2008. Í skipulaginu 2002-2014 voru göngin staðsett miðað við athuganir Vegagerðarinnar og gert ráð fyrir að þau komi að eyjunni norðvestanverðri, undir Hána og opnast inn á gatnakerfið við Friðarhöfn. Áfram er stefnt að því að tengja Vestmannaeyjar við fasta landið með jarðgöngum þó áherslur í samgöngum síðustu ár, bæði ríkisins og sveitarfélagsins, hafi verið á uppbyggingu heils árs tengingar við Landeyjahöfn. Jarðgöng hafa ekki verið inni á samgönguáætlun. Engu að síður er horft á jarðgöng sem framtíðarlausn í samgöngum milli lands og Eyja og þau eru sett fram á skipulagsuppdrætti.

Áhugi er á að styðja við rafbílavæðingu og að aðstaða verði til hleðslu rafbíla fyrir gesti og íbúa.

Boðið er upp á bílastæði fyrir stærri bíla og eru þau staðsett nánar í deiliskipulagi.

Markmið og verkefni

- Áhersla á aukið umferðaröryggi og flokkað gatnakerfi. Flokkun gatnakerfisins hefur áhrif á settan hámarkshraða gatna. Til að setja inn aðgerðir til að lækka hámarkshraða þarf ekki breytingu á skipulagi.
- Á stofnbrautum og tengibrautum er hámarkshraði mest 50 km/klst. Hámarkshraði ætti að vera lægri á hafnarsvæðinu og við skóla. Allar aðrar götur eru með hámarkshraða 30 km/klst nema þær sem eru sérstaklega skilgreindar sem vistgötur.
- Bárustígur og Skólavegur tengi miðbæ við höfn. Vestmannabraut tengi saman austur- og vesturbæ. Hlutverk þessara gatna sem aðaltenginga í miðbæ skal endurspeglast hvarvetna í ásýnd og umhverfisfrágangi og þær merktar sem slíkar.
- Með skilgreindum 30 km hverfum er unnið með hraðalækkandi aðgerðir til að lækka umferðarhraða og þar með auka umferðaröryggi.
- Létta þungri og hraðri umferð af götum sem eru með beina aðkeyrslu á lóðir.

- Gera skal ráð fyrir hleðslustöðvum fyrir rafbíla á völdum stöðum á bílastæðum í miðbæ.
- Stefnt er að jarðgöngum milli lands og Vestmannaeyja og leiðbeinandi lega sýnd á skipulagsupprætti.

Útfaersla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Á aðalskipulagsupprætti eru sýndar stofnbrautir og tengibrautir. Allar aðrar götur flokkast sem safngötur, húsagötur eða vistgötur og eru ekki sýndar á aðalskipulagsupprætti.

Flokkun gatna er sýnd á þemaupprætti en jarðgöng eru merkt inn á aðalskipulagsupprátt.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

- Höfðavegur frá Hraunvegi að Strembugötu verður tengibraut og framlengist með nýrri veltengingu yfir að Kirkjuvegi.
- Helgafellsbraut og Heimagata verða tengibrautir.
- Framlengdur Strandvegur tekur við hlutverki Friðarhafnar sem tengibraut.
- Skilgreind svæði fyrir 30 km hámarkshraða við grunnskóla og leikskóla.

Gatnakerfi



Skýringar

- Stofnbraut
- Tengibraut
- - - 30 km v. skóla

5.1.2. Göngu- og hjólastígar og reiðleiðir

Forsendur og áherslur

Við allar götur bæjarins eru gangstéttar og langoftast beggja vegna götu. Að auki eru skilgreindar göngutengingar þar sem gatnanetið er grófara. Enginn hjólastígur er í bænum en hjólandi nota bæði götur og gangstéttar.

Þegar skilgreint er grunnkerfi gönguleiða og hjólaleiða hefur það meðal annars áhrif á forgangsörðun í uppbyggingu, viðhaldi og rekstri. Stígar sem eru hluti af grunnkerfinu þurfa að vera greiðfærir, öryggir og hentugir til daglegra samgangna. Aukning er á umferð gangandi og hjólandi, ekki síst ferðamanna sem koma til að njóta þess sem eyjan býður upp á. Hafa þarf í huga að grunnkerfi gangandi þjóni gangandi vegfarendum til daglegra samgangna og útivistar innanbæjar með tengingum t.d. við skóla, íþróttamannvirki og megin atvinnusvæði.

Skilgreina þarf grunnkerfi útivistarstíga um eyjuna og til að tengja saman mikilvæga áfangastaði svo sem Stórhöfða, Eldfell, Herjólfssdal og Skansinn. Út frá grunnkerfinu liggja síðan tengistígar sem eru misgreiðfærir og hluti stíganna eru hættulegir yfirferðar þar sem þeir fara um mjög grýtt land með miklum hæðarbreytingum.

Skilgreind er ein hringleið fyrir hjólandi sem þjónar sem hringleið fyrir íbúa og gesti. Yfirborð verði malbikað og leiðin greið.

Ekkert hesthúsahverfi er í Vestmannaeyjum og fáir hestar en nokkur hesthús. Sérstakar reiðleiðir eru ekki skilgreindar í skipulagi en reiknað með að hestafólk samnýti stíga og vegi utan þéttbýlisins með öðrum vegfarendahópum. Göngustígar geta verið viðkvæmir fyrir umferð hesta vegna traðks.

Markmið og verkefni

- Gott og greiðfært grunnkerfi fyrir gangandi og hjólandi.
- Stuðningur við aukna hlutdeild göngu og hjólreiða til daglegra samgangna.
- Við hönnun stíga sé hugað að aðgengi fyrir alla og öryggi við þveranir.
- Stígar í grunnkerfi hjólaleiða og gönguleiða hafi forgang í þjónustu, t.d.

Gönguleiðir



vetrarþjónustu og vorhreinsun ásamt tengistígum næst skólum.

- Hjólastæði séu í boði við opinberar stofnanir, á helstu útivistarsvæðum og helstu áfangastöðum ferðamanna.
- Helstu staðir í bænum og á Heimaey með gangstígum sem greindir verði frá akbrautum eins og kostur er þannig að komast megi gangandi milli fjalls og fjöru, íbúða og stórra útivistarsvæða á eyjunni.
- Unnin verður hjólréiðáætlun fyrir sveitarfélagið. Áætlunin skal vera leiðarvísir um eflingu hjólréiða og uppbyggingu hjólréiðainnviða.
- Engar skilgreindar reiðleiðir eru í Eyjum en reiknað með að hestafólk samnýti stíga og vegi með öðrum vegfarendahópum. Hestafólk skal gæta þess að fara ekki um stíga eða slóða þar sem umferð hesta veldur skemmdum.

Útfærsla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Grunnnet samönguleiða fyrir gangandi og hjólandi og grunnnet útivistarstíga eru sýnd á skipulagsuppdrætti auk þess að vera á þemauppdráttum. Lega tengistíga og annarra útivistarstíga er útfærð í deiliskipulagi.

Grunnkerfi stíga fyrir gangandi myndar net sem er hentugt til daglegra samgangna, auk þess að henta fyrir hjólréiðar og til almennrar útivistar. Að auki er skilgreind hringleið fyrir hjólandi um Eyjuna á stíg sem skal vera með sléttu yfirborði. Jafnframt er skilgreint grunnnet útivistarstíga sem myndar hringleið um eyjuna með tengingu um Eldfell og hraunjaðarinn að Skansinum. Útivistarstígar geta verið með náttúrulegu yfirborði og óformlegri en stígar í grunnneti gangandi og hjólandi.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

- Grunnkerfi fyrir gangandi, hjólandi og útivist er skilgreint. Þar er gert ráð fyrir nýrri stígtengingu við austurenda flugbrautar að Fellavegi.

Hjólaleiðir



Skýringar
Hjólastígar
— Aðalleið
--- Tengileið

5.1.3 Flugsamgöngur

Forsendur og áherslur

Flugvöllurinn í Vestmannaeyjum er skilgreindur sem hluti af grunnneti flugsamgangna á Íslandi skv. samgönguáætlun 2011-2022. Um flugvöllinn fara bæði farþega- og vöruflutningar, sjúkraflug og leiguflug. Engar áætlanir liggja fyrir um lengingu flugbrauta eða stækkun flugvallarsvæðisins. Innan flugvallarsvæðisins eru flugbrautir og allar byggingar og búnaður sem tengjast rekstri hans. Flugfélög fljúga reglubundið til Vestmannaeyja.

Við enda austurbrautarinnar þarf að gera ráð fyrir göngu- og hjólaleið sem er opin fyrir almenning til að tryggja aðgengi almennings að góðri leið með ströndinni.

Við framkvæmdir við flugbrautir þar sem fláar voru lagaðir fyrir einhverjum árum, lagðist til nokkurt magn af stórgrýti, sem lagt var til hliðar til síðari nota. Ástæða er til að skoða hvort mögulegt er að vinna meira efni af þessari gerð, sem skortur er á í Eyjum, norðan við flugskýlin og vestan við flugstöðina.

Settir eru almennir skilmálar um landnotkunarreit fyrir flugvöllinn og settir skilmálar um þá þjónustu og starfsemi sem gert er ráð fyrir á svæðinu svo sem flugstöð, tækjageymslur, flugskýli, flugturn og eldsneytisgeymslur. Landnotkunarreitir fyrir flugvöllinn nær út fyrir helgunarsvæði hans og yfir svæði fyrir tengda þjónustu. Skilgreindir hafa verið hindranafletir fyrir flugvöllinn sem fela í sér hæðartakmarkanir á hvers konar mannvirkjum eða gróðri innan og í nágrenni við flugvallarsvæðið. Hindranafletir eru sýndir á þemakorti en nánari upplýsingar má nálgast hjá Samgöngustofu, sem einnig þarf að veita samþykki sitt, ef til stendur að reisa mannvirki sem nær upp fyrir hindranafleti.

Grunnkerfi gatna, göngu- og hjólaleiða er útfært þannig að samgöngur til og frá flugvelli eru greiðar. Göngu- og hjólastígur við enda austur flugbrautar settur inn á aðalskipulagsdrátt.

Útivistarleiðir



Markmið og verkefni

- Áhersla verði á góðar flugsamgöngur milli lands og Eyja og góða þjónustu fyrir flug og flugfarþega.

Útfaersla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar


Stefnan er útfærð með afmörkun flugvallarsvæðis á uppdrætti og viðeigandi skipulagsákvæðum.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

Stefna er í öllum meginatriðum óbreytt.

Flugvöllur

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
FV-1	Vestmannaeyja-flugvöllur	52,2	Flugvallarsvæði þar sem er gert ráð fyrir flugvelli auk tengdrar starfsemi svo sem flugstöð, tækjageymslum, flugskýli, flugturni og eldsneytisgeymslum. Flugvallarsvæðið skiptist í flugbrautir, öryggissvæði við flugbrautir og svæði fyrir byggingar og starfsemi flugvallarins, flughlöð og þess háttar. Öryggissvæði meðfram flugbrautum skal vera 75 m til hliða mælt frá miðri braut. Óheimilt er að reisa hvers konar mannvirki, tímabundið eða varanlega, upp fyrir hindranafleti flugvallarins, nema að fengnu samþykki Samgöngustofu að undangenginni umsógn rekstraraðila félagsins. Heimilt er að vinna stórgrýti af svæðinu vestan við flugstöðina ef skoðun leiðir í ljós að það sé góður kostur.





5.1.4 Sjósamgöngur

Forsendur og áherslur

Vestmannaeyjahöfn er skilgreind sem hluti af grunnneti samgangna á sjó í samgönguáætlun 2011-2022 með ferjuleið til Landeyjahafnar/Þorlákshafnar. Samgöngur til og frá eyjunum hafa batnað undanfarin ár. Tilkoma Landeyjarhafnar hefur skapað skilyrði fyrir tíðari ferðir milli lands og eyja þegar höfnin er opin. Ferðir milli lands og eyja eru með skipinu Herjólf sem flytur farþega, bíla og frakt.

Á sumrin er siglt um Landeyjahöfn en yfir veturinn er siglt um Landeyjahöfn ef sjólag og dýpi í Landeyjahöfn leyfir en annars er farið um Þorlákshöfn. Uppi á landi eru ferðir Herjólf tengdar við ferðir strætó. Farnar eru ein til tvær ferðir á dag, til og frá Eyjum, ef farið er um Þorlákshöfn, en 3-5 ferðir á dag, ef farið er um Landeyjahöfn. Vöruflutningar til og frá Vestmannaeyjum eru með ferju eða flutningaskipum. Hægt er að koma vörum daglega á milli lands og eyja ef ekki eru truflanir vegna veðurs.

Settir eru almennir skilmálar um landnotkunarreit fyrir höfn og gert ráð fyrir svæði fyrir ferju, byggingum fyrir þjónustu við farþega og svæði þar sem gert er ráð fyrir minni bátum sem stunda farþegaflutninga. Athafnasvæði Herjólf verði við Básaskersbryggju og athafnasvæði annarra farþegaferja er Básaskersbryggja.

Grunnkerfi gatna, göngu- og hjólaleiða er útfært þannig að samgöngur til og frá hafnarsvæði vegna farþegaflutninga séu greiðar.

Markmið og verkefni

- Áhersla á greiðar sjósamgöngur milli lands og eyja.
- Lögð er áhersla á góðar tengingar milli hafnar og miðbæjar.
- Áhersla er á stuttan ferðaferjutíma allt árið milli lands og Eyja.

Útfærsla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Stefnan er útfærð í skilmálum um hafnarsvæði.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

- Stefna er í öllum meginatriðum óbreytt.

5.2 Veitur og fjarskipti

Forsendur og áherslur

Neysluvatn og raforka koma frá fastalandinu um lagnir í sjó en heitt vatn verður til í fjarvarmaveitu í Eyjum þar sem raforka er notuð til að hita vatnið. Einnig notar Fjarvarmaveitan glatvarma frá fiskimjölsverksmiðjunum. Ákveðið hefur verið að setja upp varmadælustöð, þar sem varmadælur munu nota 6-8°C heitan sjó sem varmagjafa til upphitunar á hringrásarvatni fjarvarmaveitunnar. Fylgja því verkefni nokkrar framkvæmdir, boranir, byggingar og lagnir. Tilraunir með borun eftir heitu neysluvatni hafa ekki borið árangur.

Fjarskiptastrengur er í sjó en að auki eru sendar í Eyjum. Fráveita er leidd út í sjó skammt vestan við klúbbhús golfvallarins og við Eiði en unnið er að því að öll fráveita verði leidd í dælustöð við Eiði og fari þaðan út í sjó. Stór hluti fráveitulagna er blandað kerfi regnvatns og fráveitu en unnið er að því að aðskilja kerfin.

Meginmarkmið

- Íbúar búi við öruggt framboð veitu og fjarskipta.
- Unnið sé að því að minnka hlut raforku við upphitun á neysluvatni.
- Áhersla verði á að fráveitu verði komið í það horf sem áætlanir eru um í samræmi við flokkun strandsvæða, aðgreiningu regnvatns frá húsaskólpi, hreinsistöð og eina stofnútrás frá Eiðinu.

Útfaersla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Stefnan er útfærð með almennum og sértækum skilmálum um rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og fjarskipti í greinargerð og á uppdrætti.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

- Ekki er gert ráð fyrir frekari tilraunum til að bora eftir heitu vatni.
- Áhersla er á að minnka hlut raforku til upphitunar á heitu neysluvatni með standsetningu sjóvarmadælu.
- Ekki er gert ráð fyrir stærri vindmyllum til raforkuframleiðslu, að öðru leyti en til heimanota.

5.2.1 Rafveita

Forsendur og áherslur

Rafveitukerfið í Vestmannaeyjum verður áfram tengt um a.m.k. 2 sæstrengi í land og í umsjón Landsnets. Núverandi tengingar eru strengur (VM1) sem kemur upp við Skansinn og er rekinn á 33 kV spennu með 9 MVA flutningsgetu. Að auki er (VM3) sem kemur upp á land við Gjábakka fjöru og er rekinn á 66 kV með flutningsgetu 50 MVA. Tengivirki er á lóðinni við Strandveg 16 og er getið um það í skilmálum um hafnarsvæðið H-1. Aðveitustöð og varaafli er á Bäsaskersbryggju við Skildingaveg, þar eru aðalspennar veitunnar og varaafsvélar eru uppsettar.

Ekki er gert ráð fyrir vindmyllum til raforkuframleiðslu að öðru leyti en til heimanota þar sem forathugun hefur leitt í ljós að aðstæður eru ekki hagstæðar og umhverfisáhrif nokkur. Hægt er að hafna slíkum mannvirkjum með tilliti til umhverfisáhrifa þeirra vegna t.d. hávaða eða fjarlægðar frá t.d. nágrönnum, ferðamannastöðum, þéttbýli o.fl.

Sæstrengir eru færðir inn á aðalskipulagsuppdrátt. Getið er um aðveitustöð og varavélar í skilmálum um landnotkunarreit á hafnarsvæði.

Markmið og verkefni

- Íbúar og fyrirtæki hafi ávallt aðgang að öruggu kerfi raforku.

Útfaersla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Stefnan er útfærð með því að setja stofnleiðir raflagna milli lands og eyja inn á skipulagsuppdrátt og auk þess að setja inn skipulagsákvæði um megin veitumannvirki þar sem strengirnir tengjast á landi.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

- Stefna er í öllum meginatriðum óbreytt.

5.2.2 Hitaveita

Forsendur og áherslur

Heitt vatn kemur úr fjarvarmaveitu í Eyjum og er hitað upp með raforku. Dælu- og kyndistöð er til húsa að Kirkjuvegi 99, og þar eru dælur kerfisins og varaafli veitunnar.

Boranir eftir heitu vatni hafa ekki gefið heitt vatn í nýtilegu magni. Gaf ein borhola 6-10 sekúndulíttra af 70-90°C heitu saltvatni sem er fremur lítið magn og dýrt að prófa og nýta saltvatn beint. Í dag er unnið að þróun varmadæluverkefnis þar sem varmi frá 6-8°C heitum sjó verður notaður til að hita upp vatn fjarvarmaveitunnar. Unnið er að byggingu sjóvarmadælustöðvar nálægt höfninni sem mun nýta 4 sjótökuholur. Lagnir eru frá dælustöðinni út fyrir Eiðið til að losna við kælda sjóinn og hitaveitupípur og háspennustrengur liggja frá kyndistöðinni við Kirkjuveg.

Jarðhitaleit hefur verið lögð til hliðar en lokið er við tilraunaborunir á svæði sunnan við Helgafell, við Flakkarann, inni í Botni og á Eiðinu. Á öllum þessum svæðum hefur jarðhitaleit verið hætt þar sem rannsóknir hafa ekki leitt til þess að nýtanlegt heitt vatn hafi fundist. Borholusvæði sem voru merkt inn á gildandi aðalskipulag nr. VH-2, VH-3 og VH-4 eru því felld niður.

Afmarkaður er landnotkunarreitir fyrir dælu- og kyndistöð við Kirkjuveg með möguleika á stækkun lóðar til suðurs, ef þörf verður fyrir frekari mannvirki í framtíð.

Getið er um varmadælustöð, borholur og tengdar lagnir í umfjöllun um athafnasvæði.

Unnið er að byggingu varmadælustöðvar sem nýtir varma úr sjó til að hita upp vatn og stefnt að því að hún verði tekin í notkun 2018.

Markmið og verkefni

- Íbúar og fyrirtæki hafi ávallt aðgang að nægilegu heitu vatni.

Útfaersla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Stefnan er útfærð með því að setja inn í greinargerð skipulagsákvæði um veitumannvirki á athafnasvæðum sem sjá íbúum fyrir heitu vatni, auk þess að afmarka á uppdrætti og setja inn skipulagsákvæði í greinargerð um veitur- og helgunarsvæði fyrir dælustöð og kyndistöð.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

- Jarðhitaleit lögð til hliðar og tilraunaborunum hætt. Borholusvæði VH-2 til VH-4 felld út af uppdrætti.

5.2.3 Vatnsveita

Forsendur og áherslur

Vatn til Eyja kemur um 25 km aðalæðar frá lind í Eyjafjöllum, sem er 215 m yfir sjó, að dælustöð á Landeyjasandi. Árið 2008 var lögð ný vatnsleiðsla milli lands og Eyja en fyrir voru tvær lagnir sem voru orðnar erfiðar í rekstri. Nýja lögnin er 12,5 km löng. Neðansjávarleiðslurnar liggja inn í gegnum hafnarminnið og upp í landtakshúsið á Skansinum. Í húsinu eru höfuðlokar og rennislismælar.

Frá landtaki fer vatnið um dreifikerfið upp í vatnstankinn í Löngulág sem er steinsteypdur og stendur í 55 m hæð yfir sjávarmáli, tekur um 5000 m³ af vatni, eða rúmlega sólarhringsnotkun, við hámarks álag. Í tankinum eru dælur sem dæla vatninu upp í efra kerfið og í steinsteyptan vatnstank, sem stendur vestan í Helgafelli, í um 100 m hæð, og sá tankur tekur um 300 m³. Í vatnstankinum í Helgafelli eru

dælur m.a. fyrir Flugvöllinn og dælur í dæluhúsi norðan við Norðurgarð fyrir suðureyjuna.

Vatnsöflun með borun fyrir neysluvatn í Vestmannaeyjum hefur verið afskrifuð sem fær leið.

Getið er um landtakshúsið við Skansinn í umfjöllun um afþreyingar- og ferðamannasvæði við Skansinn og vatnstankana við Löngulág og vestan Helgafells í umfjöllun um landnotkunarreitina VP-1 og AT-3.

Markmið og verkefni

- Íbúar og fyrirtæki hafi ávallt aðgang að nægilegu köldu vatni.

Útfaersla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Stefnan er útfærð með því að setja stofnleiðir vatnslagna milli lands og eyja inn á skipulagsupprátt auk þess að setja inn skipulagsákvæði um megin veitumannvirki þar sem lagnirnar tengjast á landi.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:


- Stefna er í öllum meginatriðum óbreytt.

5.2.4 Fráveita

Forsendur og áherslur

Allt frá lokum gossins hafa verið gerðar miklar úrbætur á eldra fráveitukerfi bæjarins en megin þorri þess er tengt í útrás á Eiðinu og annað í dælubrunna á hafnarssvæðinu. Lítil hluti fráveitunnar fer um útrás vestan við golfvöll. Þá hefur hluti kerfisins verið aðskilinn í skolp og regnvatn.

Með setningu reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skolp komu ný ákvæði um fráveitur og frágang þeirra. Samkvæmt reglugerðinni verða sveitarfélög að gera





áætlun um framkvæmdir í samráði við Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit og færa niðurstöður inn á aðalskipulagsupprátt.

Á vegum umhverfis- og framkvæmdasviðs Vestmannaeyjabæjar hefur verið unnin umfangsmikil framkvæmdaáætlun um uppbyggingu frárennsliskerfisins. Þar er gert ráð fyrir:

- Holræsaútrás á Eiðinu
- Lögn meðfram Hlíðarvegi
- Dælulögn frá Hamri að Brekkugötu
- Að endurtengja holræsi í efri hluta Illugagötu
- Að byggja dælustöð vestast á Eiðinu með fyrsta stigs hreinsun
- Að byggja dælustöð við Búhamar sem dæli fráveitu að dælu- og hreinsistöð á Eiðinu.

Þessar áætlanir voru kynntar á fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 23. október 2001 og hefur verið unnið eftir þeim síðan. Gerð holræsaútlagnar við Eiðið og bygging dælustöðvar þar er lokið og hún hefur verið tekin í gagnið. Unnið er að endurnýjun lagna þannig að fráveita og regnvatn verði aðskilið, samhliða eðlilegum viðhaldsverkefnum. Næsti áfangi í þessari vinnu verður að byggja dælustöð við Búhamar sem tæki við fráveitunni frá nálægum svæðum og dældi henni að dælustöðinni við Eiðið. Afmarkaður verður reitur á skipulagsupprætti fyrir þessa nýju dælustöð. Lögn meðfram Hlíðarvegi mun klárast á árinu 2018. Skilmálar eru um að allt skolp fari um hreinsistöðina á Eiðinu og ekkert skolp fari um útrásina vestan við golfvöllinn.

Nokkuð er um að íbúar hafi verið að setja sorpkvarnir í eldhúsvaska á heimilum sínum í Eyjum en fráveitukerfið er ekki búið undir álag sem því fylgir, auk þess sem þessu fylgir óþrífnaður í fráveitukerfinu. Vegna þessa er ástæða til að óheimilt sé að setja upp nýjar sorpkvarnir.

Markmið og verkefni

- Allt skólþ skal fara í dælustöð á Eiðinu með fyrsta stigs hreinsun.

- Ekkert skolp fari um útrás í vestur við golfvöllinn og þar verður gerð dælustöð sem flytur fráveituna í dælustöðina við Eiðið.
- Óheimilt er að koma fyrir sorpkvörnum á heimilum og í fyrirtækjum.

Útfaersla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Stefnan er útfærð með því að setja meginútrás fráveitu og svæði fyrir dælustöðvar inn á skipulagsupprátt og setja um þau skipulagsákvæði. Nýtt svæði fyrir dælustöð er afmarkað við Búhamar.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

- Stefna er í öllum meginatriðum óbreytt.

5.2.5 Fjarskipti

Forsendur og áherslur

Nýlegur Sæstrengur (Cantat-3) kemur í land í Klaufinni, á sama stað og áður. Cantat-3 var tekinn í notkun í nóvember árið 1994.

Loftskýtasamband sem Síminn sér um vegna sambands milli lands og Eyja er enn í notkun. Auk þess var árið 1999 lagður ljósleiðari milli lands og eyja. Ljósleiðari kemur í land um Víkina inn í höfn, norðan við Skansinn. Nýr ljósleiðari var lagður milli lands og eyja með nýju kaldvatnslögninni.

Loftnetsmöstur eru við símsstöðina í Eyjum og við endurvarpstöð útvarps og sjónvarps á Klifinu og við talsamband upp á landi í Sæfjalli. Radiómastur er á Eiðinu suður af víkinni við Stórhöfða. Minni möstur eru fyrir endurvarp farsíma í Hánni, við flugturninn o.fl. stöðum.

Markmið og verkefni

- Allir íbúar og atvinnulíf í Vestmannaeyjum búi við góð fjarskipti.

Útfaersla stefnunnar: Landnotkunarskipulag og skilmálar

Stefnan er útfærð með því að setja stofnleiðir fjarskiptalagna milli lands og eyja og afmörkun landnotkunar fyrir helstu veitumannvirki inn á skipulagsupprátt.

Ljósnet er leitt í öll hús í bænum og allir íbúar hafa kost á tengingu.

Skilmálar eru settir inn á viðeigandi landnotkunarreiti þar sem eru minni fjarskiptamannvirki s.s. möstur þar sem þau eru í dag. Umsóknum um nýjar staðsetningar fjarskiptamastra innan þéttbýlisins og landbúnaðarsvæða skal leggja fyrir sveitarfélagið og þarf ekki breytingu á aðalskipulagi.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru eftirfarandi:

- Stefna er í öllum meginatriðum óbreytt.

Veitur og helgunarsvæði

Auðkenni	Heiti svæðis	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
VH-1	Eiðið	0,5	Lóð fyrir dælustöð fráveitu sem einnig er fyrsta stigs hreinsistöð og út frá henni liggja fráveitulagnir til sjávar. Stefn er að því að allar fráveitulagnir fari um þessar stöð.
VH-2	Kirkjuvegur 99	0,5	Svæði með lóð fyrir dælu- og kyndistöð sem er í umsjón HS veitna. Gert er ráð fyrir þeim möguleika að stækka lóðina til suðurs, ef þörf verður á fyrir frekari byggingar.
VH-3	Búhamar	-	Lóð fyrir dælustöð fráveitu sem dælir fráveitu frá upptakasvæði sínu að dælustöðinni við Eiðið sem einnig er fyrsta stigs hreinsistöð.



6. Ferðapjónusta - rammahluti aðalskipulags

Forsendur og áherslur

Vestmannaeyjar eru eftirsóttur áfangastaður ferðamanna. Á síðustu árum hafa æ fleiri sótt Eyjamenn heim og er áætlað að nálægt 150 þúsund gestir hafi komið árið 2016. Af þeim voru tveir þriðju erlendir ferðamenn, flestir frá Evrópu (Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar, 2016). Vænta má frekari fjölgunar gesta til Eyja á næstu árum miðað við spár um fjölgun ferðamanna til Íslands (Isavia, 2017). Í því felast tækifæri fyrir atvinnulíf í Vestmannaeyjum. Því er ástæða til að huga að því hvernig umhverfi sveitarfélagsins er í stakk búið að taka við gestum og bæta aðstöðu eftir þörfum. Einnig er ástæða til að skoða hvernig megi fá fleiri ferðamenn til að dvelja lengur á staðnum til að atvinnulífið njóti sem mest góðs af straumnum. Fjölgun ferðamanna felur ekki bara í sér tækifæri því fjölguninni fylgir líka meira álag á innviði og mögulega hagsmunaárekstrar sem skipulag er gott tæki til að leysa úr. Því er hér settur fram rammahluti aðalskipulags fyrir ferðapjónustu.

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026, þar sem fjallað er um skipulag í dreifbýli er sett fram markmið um að skipulag landnotkunar „stuðli að eflingu ferðapjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðapjónustu“. Því er beint til sveitarfélaga að við skipulagsgerð verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra

í ferðapjónustu. Ákvarðanir í skipulagi taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðapjónustunnar, auk þess sem uppbygging ferðapjónustu nýtist jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum. Umfjöllun í rammahluta aðalskipulags tekur mið af markmiðum landsskipulagsstefnu.

Náttúran er helsta aðdráttarafl Vestmannaeyja fyrir gesti. Fólk sækist eftir upplifun og að kynnast einhverju öðru en það er vant heiman að frá sér. Flestir sigla til Eyja og þar hefst ferðalagið með öðrum ferðamáta en vaninn er. Hér eru dæmi um atriði sem gera Vestmannaeyjar sérstakar og að áhugaverðum áfangastað.

- Annar ferðamáti (sigling)
- Afmörkuð og öðruvísi veröld
- Stórkostleg og fjölbreytt náttúra
- Einstök saga mannlífs og náttúru
- Haf og eyjar
- Vindurinn á Stórhöfða!
- Eftirsóttir viðburðir

Huga þarf að þessum sérkennum og þeim staðaranda sem þau skapa, sem gera heimsókn til Eyja eftirsóknarverða. Gæta þarf að aðdráttaraflinu og gæta þess að vel sé farið með það.

Eftirfarandi umfjöllun byggir á rannsókn sem gefur yfirlit yfir stöðu ferðapjónustunnar í Eyjum (Rannsókn og ráðgjöf ferðapjónustunnar, 2016).

Flestir heimsækja Vestmannaeyjar á sumrin, en gestum á vorin og haustin hefur einnig fjölgað síðustu ár. Samgöngur milli lands og eyja hafa mikil áhrif á gestakomur því gestum fjölgar mjög þegar siglt er úr Landeyjarhöfn frekar en frá Þorlákshöfn.

Aukið vægi ferðapjónustunnar hefur nú þegar haft mikil áhrif á atvinnulíf í Eyjum, eins og á Íslandi öllu. Heildarútgjöld ferðamanna í Eyjum hafa hækkað um 70% prósent síðan 2012 og er árið 2016 áætluð um 3,4 milljarðar króna. Þá hefur aukinn straumur ferðamanna margvísleg önnur samfélagsleg áhrif. Veitingastöðum og kaffihúsum hefur fjölgað, þjónusta er aukin, lengri opnunartími þjónustu hefur stuðning af auknum gestakomum og fleiri eru á ferli sem skapar líf í bænum og á eyjunni. Á móti kemur að aukið álag er á innviði, einhverjum finnst truflun af ferðafólki, meiri samkeppni er um pláss í Herjólfu og um bílastæði í miðbænum.

Langflestir gestanna eru á ferðalagi á eigin vegum, en ekki í skipulagðri ferð. Erlendir gestir eru líklegir til að koma í heimsókn í dagsferð en Íslendingar eru líklegri til að vera að sækja viðburði í Eyjum s.s. Þjóðhátíð, Goslokahátíð eða íþróttamót. Þeir eru jafnframt líklegri en þeir erlendu til að ferðast með börn og að heimsækja ættingja. Þarfir og væntingar þessara hópa eru um margt ólíkar en engu að síður er öll uppbygging innviða og þjónustu líkleg til að gagnast báðum hópum sem og íbúum.

Eyjamenn sjálfir eru almennt jákvæðir gagnvart ferðapjónustunni. Langflestir eru stoltir af áhuga ferðamanna, telja jákvætt að ferðamenn eyði peningum í Eyjum, að ferðamennskan skapi störf og leiði til þess að íbúar skynji og varðveiti betur sín sérkenni. Mikill meirihluti telur að ferðapjónusta yfir sumartímann eigi framtíðina fyrir sér en færri eru bjartsýnir fyrir framtíðarmöguleikum ferðapjónustunnar yfir veturinn. Flestir telja fjölda ferðamanna yfir sumartímann hæfilegan og íbúar eru ánægðir með ýmsa þjónustu sem tengist ferðapjónustunni, s.s. söfnin, sundlaugina, hátíðirnar og veitinga- og kaffihúsin en telja helsta veikleika ferðapjónustunnar vera

ófullnægjandi samgöngur.

Afframangreindu má álykta að með auknum ferðamannastraum fylgja ýmis tækifæri. Þörf er fyrir uppbyggingu innviða sem nýtist bæði gestum og heimamönnum, aukið fjármagn berst til uppbyggingar auk þess sem þörf er á uppbyggingu til að vernda náttúruna og halda í sérkennin.

Meginmarkmið

Við byggðarþróun, skipulag og umhverfismótun verði unnið eftir eftirfarandi áherslum m.t.t. ferðapjónustu:

- Aukinn ferðamannastraumur leiði til greiðari **samgangna** milli lands og Eyja.
- Sérkenni Vestmannaeyja, sem eru þeirra helsta **aðdráttarafl**, verði styrkt með því að draga enn frekar fram sérstöðu eyjanna í uppbyggingu aðstöðu, þróun afþreyingar og markaðssetningu.
- **Innviðir** ferðapjónustunnar verði bættir.
- **Afþreying** verði fjölbreytt og **upplýsingar** aðgengilegar.
- **Náttúruvernd** verði í hávegum höfð.
- **Atvinnulíf í Vestmannaeyjum** verði eftt með því að lengja ferðatímabilið og dvöl gesta.
- **Aðstaða til að taka á móti auknum fjölda gesta með skemmtiferðaskipum** verði bætt.

Fjallað er um hvert þessara meginmarkmiða hér á eftir og sett fram undirmarkmið og leiðir. Markmiðin fjalla annars vegar um hvernig ferðamenn geta aukið búsetugæði í Vestmannaeyjum og hins vegar hvað heimamenn þurfa að gera til að halda í þau gæði sem ferðapjónustan byggir á, á sjálfbæran hátt.

Í þeim aðgerðum sem hér eru settar fram er gert ráð fyrir samvinnu sveitarfélagsins og hagsmunaaðila ferðapjónustu.

6.1 Samgöngur

Aukinn ferðamannastraumur leiði til greiðari samgangna milli lands og Eyja.

Þeir sem heimsækja Vestmannaeyjar fara þangað með flugi, reglulegum ferðum Herjólfss milli lands og Eyja eða með skemmtiferðaskipum. Fyrir allan almenning sem er að koma ofan af landi er um það að velja að sigla eða fljúga og mögulegt hámark gesta skilgreinist af framboði ferða eftir þessum tveimur megin gáttum. Yfir sumarið getur verið uppselt í ferðir til Eyja, sérstaklega um helgar eða þegar stórviðburðir eru. Leyfilegur hámarksfjöldi í ferð með Herjólfni að sumarlagi er 535 farþegar og yfir sumarið eru farnar 5-6 ferðir á dag. Ný Vestmannaeyjaferja mun taka á móta fjölda í ferð.

Þegar komið er til Eyja er almennt auðvelt að fara um. Þéttbýli Vestmannaeyjabæjar er ágætt til göngu og öll helsta þjónusta miðbæjarins er í stuttri göngufjarlægð frá höfninni. Meirihluti þéttbýlisins er innan 20 mínútna göngufjarlægðar og nánast allt landsvæði eyjunnar er í innan 500m fjarlægðar frá vegi. Utan þéttbýlis taka við stígar og götur. Flestir gestir sem koma til Eyja í dagsferð ná að fara gangandi í góða gönguferð um þéttbýlið og nálæga staði eins og Eldfell og/eða Herjólfssdal. Aðgengi fyrir akandi er alls staðar gott en engar almenningssamgöngur eru í Eyjum. Nokkur samkeppni er um bílastæði í miðbænum og fyrir heimamenn er æskilegt að ferðamenn skilji bílinn eftir uppi á landi.

Markmið

- Samgöngur til og frá Eyjum eru góðar.
- Vestmannaeyjar eru kynntar sem ferðamannastaður þar sem „allt er í göngufjarlægð“ og að hægt sé að skilja bílinn eftir uppi á landi.
- Skipulagðar ferðir eru milli áfangastaða á háannatímum sem þjónar bæði íbúum og ferðamönnum.
- Bílastæði eða útskot eru við áfangastaði og vinsæla myndatökustaði.

Aðgerðir


- Aðstaða og þjónusta verði þannig að gestir geti skilið bílinn eftir uppi á landi.
- Kannað verður hvort hagkvæmt sé að koma upp reglulegum rútuferðum um eyjuna, til dæmis með hringleið.
- Göngu-, hjóla og útivistarleiðir sem skilgreindar eru í þessu aðalskipulagi verði kynntar og merktar.
- Áfangastöðum/áningarstöðum verði fjölgað, einkum í tengslum við skilgreindar göngu-, hjóla- og útivistarleiðir.
- Gönguinnviðir þéttbýlisins verði styrktir, t.a.m. með gerð gönguleiðar út á Eiðið.



6.2 Aðdráttarafi

Sérkenni Vestmannaeyja, sem er þeirra helsta **aðdráttarafi**, verði styrkt með því að draga enn frekar fram sérstöðu eyjanna í uppbyggingu aðstöðu, þróun afþreyingar og markaðssetningu.

Heimsókn til Vestmannaeyja er einstök upplifun með sterk sérkenni:



Hafið gerir ferðalagið til Eyja sérstakt og skapar eftirvæntingu. Ferðamátinn er annar en venjulega og ferðalangurinn spyr sig hversu löng siglingin verður og hvernig verður í sjóinn. Veðrið mótir ásýndina eftir því sem vindar blása og hefur áhrif á upplifunina. Þegar komið er til Heimaeyjar er hafið ávallt innan seilingar með útsýni til nálægra eyja og að sjóndeildarhringnum. Nærtækt er að fara í fjöruferð, ganga með sjónum eða fara í siglingu umhverfis eyjuna og kíkja á fuglalífið.

Eyjan býður afmarkaða og ævintýrlega veröld. Samfélagið byggir afkomu sína á hafinu og íbúar og ferðamenn ganga að því vísu að hægt sé að sækja algengustu þjónustu á staðnum. Miðbærinn er líflegur og í nánú sambýli við hafnarsvæðið. Þú kíkir á íþróttasvæðið, Sprönguna, í sund, á söfnin eða bara spókar þig. Ef vel hittir á dettur þú inn á þjóðhátíð, goslokahtíðina eða kíkir á íþróttamót.

Sagan er alls staðar nálæg. Hvernig byggðist þessi eyja? Hver er sagan á bak við Skansinn, Hundraðmannahelli og Stafkirkjuna? Hvernig er sagan um Tyrkjaránið og hvernig komu Ræningjatangi og Fiskhellarnir við sögu? Næst okkur í tíma er sagan af Vestmannaeyjagösinu 1973, hvernig veröldin breyttist á einni nóttu, eyjan stækkaði, byggð fór undir hraun, höfninni var ógnað af hraunflaumnum og allir íbúar voru fluttir upp á land. Gosið sem breytti umhverfi byggðarinnar og setur sterkan svip á samfélagið.

Eldvirknin hefur mótað eyjuna og mótað þá einstöku náttúru sem þar er að finna. Það er einstakt að geta farið í stuttan göngutúr úr miðbænum og gengið upp á toppinn á eldfjalli sem gaus nýlega og séð hvernig það mótaði umhverfið. Nýja hraunið og gamla hraunið, Helgafell og Eldfell með einstökum náttúruminum.

Náttúran er margbrotin. Hér skiptast á úfin hraun og ræktuð tún, fjöll og klettur, höfðar og tangar, vikur og hamrar og sterkir útsýnisstaðir eru víða.

Áhugaverðir staðir geta spilað saman og myndað áhugaverð þemu í frásögn og upplifun. Þannig mætti byggja upp ferðaleiðir þar sem gestir geta valið að fylgja ákveðnum þemum á leið sinni svo sem fuglaskoðun eða sagnaarfinum. Þema leiðarinnar getur þannig ýtt undir uppbyggingu á leiðinni sem styður leiðina enn frekar og falið í sér góð tækifæri til kynningar. Kynning á leiðum getur t.d. verið í gegn um smáforrit í sínum svo sem Vestmannaeyjar travel map eða Eyjar

Markmið

- Stutt er við framangreind sérkenni Vestmannaeyja og þau dregin við mótun umhverfis og ferðaleiða og í kynningu og markaðssetningu.

Aðgerðir

Á skipulagstímabilinu verði byggðar upp og kynntar þemaleiðir fyrir gangandi og hjólandi sem hér eru lögð drög að:

Hraunleið – Hraunjaðarinn – Eldfell-Helgafell - Eldheimar - Skansinn / skilti á leiðinni um húsinn sem eru undir hrauni og um hús sem fóru undir hraun og hafa verið endurbyggð.

Söguleið – Skansinn - Stafkirkjan – Sprangan - Hundraðmannahellir Herjólfssdalur – Landakirkja

Tyrkjaránsleiðin – Fiskhellir – Sængurkonusteinn og fleira. Leiðin er til og þar eru lítil skilti á megin áfangastöðum.

Fjölskylduleið – Sundlaugin – Sprangan – Hraunjaðarinn - skilti um hús sem fóru undir hraun – Stakkagerðistún

Safnaleið – Eldheimar, Sagnheimar, Sæheimar,


Fuglaleið – Herjólfssdalur og gönguleiðin eftir ströndinni í Stórhöfða

Hringleið – með ströndinni eins og hægt er.


Hjólaleið – leið sem er greiðfær fyrir hjólandi og er sem mest utan aðal gönguleiða.

Bæjarleið – leið um miðbæinn og nágrenni hans.

Grunnkerfi göngu- og hjólaleiða



Myndatökustaðir



Mynd 11 :Kort sem sýnir myndatökustaði mynda sem eru á myndavefnum Flickr.



6.3 Innviðir

Innviðir ferðapjónustunnar verði bættir.

Þjónusta á Heimaey er meiri og fjölbreyttari en oft er í bæjum af svipaðri stærð á Íslandi. Miðbærinn er líflegur og samspil miðbæjarins og hafnarsvæðisins skapar aðlaðandi bæjarbrag. Þarna er fjölbreytt úrval verslana, bankar, pósthús, bensínstöðvar, bakarí og veitingastaðir. Á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar má t.d. sjá lista yfir 21 veitingastað í Eyjum sem flestir eru staðsettir í miðbænum. Einangrun eyjunnar hefur haft þau áhrif að öflug þjónusta hefur verið byggð upp en með bættum samgöngum gætu forsendur öflugrar nærþjónustu breyst.


Upplýsingar um gistimöguleika í Vestmannaeyjum er t.d. að finna á heimasíðu bæjarins og vefsíðunni booking.com. Í byrjun árs 2017 var hægt að velja á milli um 35 til 40 gististaða með um 430 gistirúmum á hótélum, farfuglaheimilum, gistiheimilum, í heimagistingu, gistingu í smáhýsum og bændagistingu.¹ Tölur fyrir nýtingu á gistirými liggja ekki fyrir en árin 2015-2016 var nýting gistirýmis á Suðurlandi um 20% í janúar og fór upp í 90% í júlí (Ferðamálastofa, 2017). Á sumrin eru gistirými á Suðurlandi uppseld. Auk þessarar gistingar er boðið upp á tjaldsvæði í Herjólfssdal og við Þórsheimilið. Búið er við fjölgun farþega sjóleiðis til Eyja næstu árin með fjölgun ferða og nýrri ferju. Þörf er á því að greina og vinna reglulega tölulegar upplýsingar um ferðapjónustuna t.a.m. framboð gistingar og nýtingar.

Í lögum og reglugerðum eru gististaðir flokkaðir eftir því hvort veitingar eru jafnframt á boðstólum á viðkomandi gististað eða ekki. Ef veitingastaður er á staðnum eru veitingastaðir flokkaðir eftir þörf á eftirliti og áhrifum starfsemi á umhverfi. Miða skal við að uppbygging gististaða sé að meginhluta í miðbænum og því eru lagðar til takmarkanir á umfangi gistingar sem hægt er að hafa í.

Markmið

- Í Vestmannaeyjum er lifandi miðbær með fjölbreyttri þjónustu og góðum tengingum við höfnina.

Þjónusta




5. Upplýsingar um gististaði af netinu en upplýsingar um gistirými frá Þekkingarsetri Vestmannaeyja.

- Gott framboð er af hentugu verslunar-, veitinga- og þjónustuhúsnæði.
- Uppbyggingu á gistirými er stýrt.
- Innviðir fyrir ferðapjónustu eru efldir án þess að ganga á gæði byggðarinnar fyrir íbúa.
- Tækifæri eru nýtt sem felast í að fleiri heimsækja og dvelja í Eyjum til að styrkja þjónustu sem nýtist íbúum jafnt sem gestum.
- Gott sambýli er milli íbúa og gesta.
- Takmarkað ónæði er vegna lestunar og losunar ferðamanna, sérstaklega í íbúðahverfum.
- Innviðir ferðapjónustunnar eru af góðum gæðum.
- Gott aðgengi er að almenningssalernum í miðbænum, á hafnarsvæðinu og á suðurhluta eyjarinnar.

Leiðir að markmiðum

- Greina og vinna reglulega upplýsingar um fjölda gististaða og framboð á gistingu og fjölda veitingastaða til að fylgjast með þróuninni og meta þörf meira framboð þjónustu.
- Kortleggja reglulega starfsemi á miðbæjarsvæði og deila upplýsingum um það, ef vísbendingar eru um að fjölbreytileiki þjónustu sé að minnka.
- Hvetja fyrirtæki í Vestmanneyjum til að innleiða Vakann eða sambærileg gæðastjórnunarkerfi fyrir ferðapjónustuna.
- Sett eru skilyrði í skipulagsskilmála um íbúðarhverfi að ekki sé heimilt að selja gistingu í flokki 1, gistirými í heimagistingu í íbúðarbyggð í meira en 5 herbergjum í íbúð eða fyrir 10 gesti og er vísað í reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald
- Gera ráð fyrir sérstökum rútustæðum á miðsvæði þar sem hægt er að lesta og losa farþega. Útbúa upplýsingakort fyrir ferðapjónustufyrirtæki með upplýsingum um aðgengi fyrir hópferðabifreiðar.
- Boðið verði upp á salernisaðstöðu á suðurhluta eyjunnar yfir sumarið.
- Allir gestir hafi aðgang að upplýsingum um staðsetningu salerna.

Stoðþjónusta



6.4 Afþreying og upplýsingar

Fjölbreytt afþreying og aðgengilegar upplýsingar.

Í Eyjum eru ýmis fyrirtæki sem bjóða upp á daglegar báta- og rútuferðir, tuðruferðir, fugla- og hvalaskoðun, hestaferðir, sjóstangaveiði og ferðir á Segway hjólum. Meirihluti ferðamanna kemur til Vestmannaeyja á eigin vegum og getur nýtt sér þessar ferðir.

Ekki er algengt að fólk komi til Eyja í þyrluferðir. Nokkur truflun getur verið að hávaða vegna þyrluumferðar og almennt hefur hver þyrluferð mikil áhrif á upplifun annarra gesta og íbúa, þar sem eyjan er lítil. Áhrif á fuglalíf geta verið neikvæð.



Fjölmörg söfn eru í bænum m.a. Eldheimar (safn um gosið 1973), Sæheimar (fiskasafn) og Sagnheimar (byggðasafn) auk Skansins sem er minjasvæði.

Fjölmargir gestir heimsækja Herjólfssdal en þar er tjaldsvæði, gisting og margt að skoða.

Í Vestmannaeyjum er einnig öflugt íþróttastarf með góðri aðstöðu til ýmissa íþróttamóta, góð sundlaug, líkamsræktarstöð og flottur golfvöllur. Íslenskir ferðamenn nýta sér þessa þjónustu meira en erlendir ferðamenn, fara mikið í sund, í golf og sækja íþróttamót. Starfsemi sem tengist íþróttum er staðsett utarlega í byggðinni, fjær miðbænum, sem gerir það að verkum að aðeins erfiðara er að sækja staðina fótgangandi en þá þjónustu sem er staðsett í miðbænum nærri flestum gistirýmum.

Upplýsingaþjónusta er starfrækt í Pennanum Eymundsson, sem er bráðabirgðalausn.

Æskilegt er að öll uppbygging fyrir ferðamenn sé einnig uppbygging fyrir heimafólk. Ein leið til að tryggja aðgengi að þjónustu er að allar upplýsingar séu veittar bæði á íslensku og ensku, í það minnsta. Komið hafa ábendingar frá gestum í bænum um að það vanti upp á merkingar og skilti.




Markmið

- Upplýsingamiðstöð ferðamanna veitir góðar upplýsingar, er vel aðgengileg og eðlilegur fyrsti viðkomustaður fyrir gesti.
- Unnið er með sérkenni Vestmannaeyja við þróun afþreyingar og viðburða.
- Uppbygging og starfsemi safna bæjarins er tryggð og þau vel kynnt fyrir gestum.
- Samstarf ferðaþjónustuaðila á svæðinu er sterkt, sem og tengsl við önnur svæði á fastalandinu.
- Gott framboð er á skipulögðum ferðum.
- Ferðaþjónusta í Eyjum er af góðum gæðum.
- Haldið er í sérkenni eyjabyggðarinnar í þróun afþreyingar.

Leiðir að markmiðum

- Finna framtíðarlausn fyrir upplýsingamiðstöð á góðum stað í bænum. Ferðamálasamtök Vestmannaeyja séu höfð með í ráðum.
- Samstarf við ferðaskipuleggjendur um mótun afþreyingar sem vinnur með sérkenni Vestmannaeyja.
- Að fleiri fyrirtæki í Vestmannaeyjum innleiði Vakann eða aðra gæðavottun.
- Allar merkingar þjónustuaðila skulu í það minnsta vera á íslensku og þegar við á, á öðrum erlendum tungumálum.
- Bæta þarf merkingar og upplýsingagjöf í samráði við Ferðamálasamtök Vestmannaeyja. Merkja skal gönguleiðir.
- Hafa samstarf við Samgöngustofu um takmörkun á umferð um loftrými Vestmannaeyja þar sem sjónarmið sveitarfélagsins er að ekki verði heimilt að lenda þylrum utan flugvallarins vegna ferðaþjónustu.



6.5 Náttúruvernd

Náttúruvernd er í hávegum höfð.

Náttúran er mjög sérstök í Vestmannaeyjum. Fjöllin, byggðin og hraunið móta umgjörð um innsiglinguna, sem er oftast fyrsta myndin sem gestir sjá, þegar komið er til Heimaeyjar. Gamla hraunið, fjöllin, Stórhöfði og aflíðandi landslag Heimaeyjar skapa umgjörð sem er afar sérstök. Í austur rísa Eldfell og Helgafell upp og nýja hraunið segir sögu um gos sem hefði getað markað endalok byggðar í Eyjum, en gerði það ekki. Sögu sem gerir eyjuna enn áhugaverðari í augum gesta.


Í aðalskipulagi eru hverfisvernduð þau svæði sem, vegna náttúrunnar, er mikilvægast að vernda frá mannvirkjum og raski. Víða eru gönguleiðir og akstursleiðir um þessi svæði en til framtíðar er mikilvægt að öllum framkvæmdum sé stillt verulega í hof. Fyrir ferðapjónustu felast veruleg gæði í þessum náttúruríku svæðum.

Markmið.

- Svæði með sérstætt og viðkvæmt náttúrufar eru hverfisvernduð og mannvirkjagerð þar er haldið í algjöru lágmarki.
- Umferð ferðamanna er stýrt til að vernda náttúruinjar.
- Skipulag áfangastaða taki tillit til hverfisverndarsvæða og annarra viðkvæmra svæða

Aðgerðir

- Skilgreina verði hvar stígar eiga að liggja um hverfisvernduð svæði,
- Flokka skal áfangastaði á skipulagstímabilinu og skal útbúa megin áfangastaði þannig að þeir geti tekið á móti fjölda gesta, til dæmis með rútum og einkabílum. Ekki er heimilt að byggja upp greiðasölu á þessum svæðum en tímabundinn greiðasala tengd viðburðum er heimil, enda hafi verið sótt um leyfi til sveitarfélagsins.
- Uppbygging á öðrum áfangastöðum skal miða við að þangað komi færri.
- Á einföldustu áfangastöðunum skal eingöngu gert ráð fyrir aðkomu gangandi og miða við að hámarksuppbygging sé t.d. skilti og aðstaða til að setjast.



6.6 Atvinnulíf

Atvinnulíf í Vestmannaeyjum verði eftt með því að lengja ferðatímabilið og dvöl gesta.

Sjávarútvegur hefur verið aðalatvinnuvegur Eyjamanna frá upphafi byggðar í Heimaey og honum fylgir fjölbreytt þjónustustarfsemi. Erfiðar samgöngur og fjarlægðir í næstu byggðarlög skapa jarðveg fyrir fjölbreytta þjónustu í heimabyggð og almennt má segja að atvinnulíf í Eyjum standi föstum fótum. Með tilkomu Landeyjarhafnar hefur ferðamönnum fjölgað verulega sem hefur skilað sér í fjölgun stöðugilda í ferðaþjónustu. Flestir gestir koma í dagsferðir en mikil tækifæri felast í að lengja dvalartíma gestanna.

Stærsta atvinnusvæðið er í og við höfnina og þar koma saman lífæð sjávarútvegsins og ferðaþjónustunnar. Tryggja þarf góða sambúð þessara tveggja atvinnugreina sem hvor um sig er áberandi í bæjarlífinu. Styðja þarf við fjölbreytt atvinnulíf þó vægi ferðaþjónustunnar aukist og gæta þess að uppbygging taki tillit til þess.

Flestir gestir koma í dagsferðir til Eyja en mikil tækifæri felast í því að lengja dvölinu. Með því er hægt að selja gestum meiri þjónustu og afþreyingu sem gerir bæinn að áhugaverðum stað fyrir gesti og eykur fjölbreytni í atvinnu og þjónustu fyrir íbúa.

Markmið

- Vestmannaeyjar eru áfangastaður allt árið um kring.
- Vestmannaeyjar eru frábær dvalarstaður fyrir gesti í dagsferðir og til lengri dvalar.
- Fólk kemur til Vestmannaeyja til að sækja afþreyingu svo sem gönguferðir eða skipulagðar ferðir, sem eykur líkurnar á að fólk stoppi yfir nótt.

Aðgerðir

- Markaðssetning snúi að t.d. fjölskyldufólki, göngufólki, og fólki sem er líklegt til að nýta sér tilbúna ferðir og þjónustu og dvelja lengur.
- Skilgreindar ferðaleiðir og áfangastaðir nýtist í markaðssetningu.

- Efla aðaláfangastaði Vestmanneyja og útbúa þar góða aðstöðu.
- Skilgreina viðburði, ferðaleiðir og áfangastaði og markaðssetja þannig að lengri dvöl verði spennandi. Dæmi um þetta væri til dæmis dagskrá með 1 gönguferð á dag í viku.
- Kynna Eyjar sem frábæran dvalarstað fyrir fjölskyldur. Vekja athygli á góðri sundlaug, íþróttum, Spröngunni og fleiri afþreyingarmöguleikum fyrir fjölskyldur. Kynna úrval þjónustu svo sem gistingu og veitingastaða sem hentar fjölskyldufólki.



6.7 Skemmtiferðaskip

Aðstaða til að taka á móti auknum fjölda gesta með **skemmtiferðaskipum** verði bætt.

Í dag geta þrjú minni skemmtiferðaskip lagst að bryggju, en algengt er að með þeim séu 100-400 farþegar. Stærri skip liggja við akkeri og kemur þá eingöngu hluti af farþegum þeirra í land, vegna þess hve tímafrekt það er að flytja alla í land á léttabátum. Árið 2016 komu um 43 skip í heimsókn og er áætlað að á einum af stærri dögnum hafi 3 skip verið í höfninni með 1000 gesti. Með áformum um nýja hafnarkanta til að taka á móti stærri skemmtiferðaskipum má búast við að fleiri dagar verði á ári þar sem mun fleiri gesti komi í land. Sem dæmi má taka að á Ísafirði kom það 15 sinnum fyrir árið 2016 að þar legðust að bryggju skip með fleiri gesti en 3000 í hverri ferð og að gestafjöldi tvöfaldaðist á milli árána 2014-2016 frá 40.000 gestum í 84.000. Til samanburðar komu um 18.000 gestir með skemmtiferðaskipum til Vestmannaeyja árið 2016.

Með auknum fjölda gesta með skemmtiferðaskipum þarf að huga að þeim gæðum sem eru undirstaða ferðaþjónustu og byggðarinnar, eins og fjallað er um í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins. Til að gera Vestmannaeyjar tilbúnar til að taka á móti auknum fjölda gesta með skemmtiferðaskipum þarf góðan undirbúning. Gera þarf ráð fyrir auknum fjárfestingum í innviðum og að auka þurfi skipulagðar ferðir um eða í kring um eyjarnar. Reynsla annarra bæjarfélaga er t.a.m. að á stórum dögum þarf að flytja rútur til bæjarins til að anna þeim fjölda sem kemur í heimsókn. Hinn kosturinn er að gestir gangi um bæinn og til að það gangi vel þarf að bæta verulega gönguleiðir frá Eiðinu og úr Skansfjöru og inn í miðbæ.

Markmið

- Sett er þak á hámarksfjölda gesta sem hægt er að taka á móti með skemmtiferðaskipum á dag. Sá fjöldi verði notaður sem viðmið í stefnumótun og þróun ferðaþjónustu (þolmarkagreining).
- Ekki er gengið á þau gæði sem ferðaþjónustan byggir á í dag. Á það bæði við búsetugæði fyrir íbúa og gæði ferðamannastaða.

- Gestum með skemmtiferðaskipum stendur til boða góð þjónusta og fjölbreytt úrval afþreyingar við komu til bæjarins.

Aðgerðir

- Sveitarstjórn í samvinnu við hafnarstjórn setji reglur um hámarksfjölda gesta úr farþegaskipum sem geta komið í land á einum degi. Viðmiðunarfjöldi verði ákveðinn út frá greiningu á þolmörkum í samstarfi við ferðaþjónustuaðila.
- Aðstaða til gestamóttöku verði bætt með því að:
 - Bæta göngu- og akstursleiðir til og frá hafnarsvæðinu við Eiðið og í Skansfjöru.
 - Skilgreina áfangastaði og ferðaleiðir sem henta þegar margir gestir í einu hafa áhuga á að fara í rútuferð um Heimaey.
 - Unnið verði með ferðaþjónustuaðilum að áætlun um uppbyggingu afþreyingar sem boðið er upp á og hentar bæði fyrir gesti með skemmtiferðaskipum og aðra gesti.







7. Heimildaskrá

Aðalskipulag Vestmannaeyja 2002-2014.

Almannavarnir, 2017. *Viðbragðsáætlun vegna eldgoss í Vestmannaeyjum*. Útgáfa 1.0 23.01.2017.

Alþingi 2015. Þingskjal 429 – 166 mál. sjá <http://www.althingi.is/altext/145/s/0429.html>

Bjarni F. Einarsson 1999. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Herjólfssdal, Vestmannaeyjum*. Fornleifastofnun.

Byggðastofnun, 2012. *Samfélag, atvinnulíf og íbúðapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun*. <http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Samfelag/8.Sudurland.pdf>

Byggt á korti: Jakobsson, S.P. (1975). Geological map. In: Jóhannsson J.R. (Ed.): Heimaey. Bæjarsjóður Vestmannaeyja, Reykjavík (In Icelandic).

Datamarket, 2017. *Fjöldi og stærð íslenskra heimila, 2004-2013*. Sjá vefa datamarket.com. <https://datamarket.com/is/data/set/y71/fjoldi-og-staerd-islenskra-heimila-2004-2013#!ds=y71!6hd=3:1p6s=1&display=line>

Deiliskipulag. Samþykktar deiliskipulagsáætlanir fyrir Vestmannaeyjar sjá <http://www.vestmannaeyjar.is/is/page/skipulagsmal> eða <http://www.map.is/skipulag/>.

Ferðamálastofa, 2017. *Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum*.

H. Sævaldsson, 2015. *Atvinnumál og samfélag í Vestmannaeyjum*. Samantekt 23.02.2015.

Hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 1030/2012. Sjá reglugerd.is

Hagstofa Íslands, 2015a. *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum*. Sótt 16.12.2015 af <http://www.hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/byggdir/>

Hagstofa Íslands, 2015b. *Mannfjöldaspá 2015–2065*. Hagtíðindi 100. árg. 41. tbl. 18. nóvember 2015. Sótt 1. desember 2015 af <http://www.hagstofa.is/utgafur/nanar-um-utgafu?id=55343>

Hagstofa Íslands, 2015c. *Frjósemi stendur í stað milli ára*. Sótt 16. Desember 2015 af <http://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/frjosemi-stendur-i-stad-milli-ara/>

Hagstofa Íslands, 2016. *Mannfjöldaspá 2016–2065*. Hagtíðindi 101. árg. 17. tbl. 29. júní 2016. Sótt 13. janúar 2016 af <https://hagstofa.is/utgafur/nanar-um-utgafu?id=56760>

Halldór Björnsson, Árný E. Sveinbjörnsdóttir, Anna K. Daníelsdóttir, Árni Snorrason, Bjarni D. Sigurðsson, Einar Sveinbjörnsson, Gísli Viggósson, Jóhann Sigurjónsson, Snorri Baldursson, Sólveig Þorvaldsdóttir og Trausti Jónsson, 2008. *Hnattnænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar*. Umhverfisstofnuneytið.

Heimasíða Framhaldsskóla Vestmannaeyja, <http://www.fiv.is/>

Heimasíða Vestmannaeyjabæjar, <http://www.vestmannaeyjar.is/>

Heimsíða Grunnskóla Vestmannaeyja, <http://grv.is/>

Hreggviður Norðdahl, 2017. Frumathugun á notkun lausra jarðlaga á Heimaey og á eiginleikum og notkunarhæfni jarðefna á svæði A-3 (drög í vinnslu, óútgefin).

IPCC, 2013: Climate Change 2013: *The Physical Science Basis. Contribution of Working Group I to the Fifth Assessment Report of the Intergovernmental Panel on Climate Change* [Stocker, T.F., D. Qin, G.-K. Plattner, M. Tignor, S.K. Allen, J. Boschung, A. Nauels, Y. Xia, V. Bex and P.M. Midgley (eds.)]. Cambridge University Press, Cambridge, United Kingdom and New York, NY, USA, 1535 pp.

Isavia, 2017. *Farþegaspa Keflavíkurflugvallar 2017*. Sjá <http://www.isavia.is/files/isavia-fartheegaspa---skýrsla-web.pdf>

Jarðalög nr. 81/2004

Katrín Gunnarsdóttir 2009. *Fornleifaskráning á Skansinum í Vestmannaeyjum vegna lagningar háspennustrengs*.

Katrín Gunnarsdóttir 2010. *Fornleifaskráning í Vestmannaeyjum vegna nýs deiliskipulags í landi Brekkuhúss, Draumbæjar, Norðurgarðs og Ofanleitis vestan Höfðavegar*.

Katrín Gunnarsdóttir 2011. *Fornleifaskráning í Vestmannaeyjum vegna nýs deiliskipulags í Löngulág*.

Katrín Gunnarsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir 2002. *Fyrri hluti fornleifaskráningar fyrir Vestmannaeyjar – heimildir*. Rannsóknarskýrslur Bygðasafns Skagfirðinga 10.2002.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum, 2011. *Áhættuskoðun almannavarna 2011*. Unnið fyrir Ríkislögreglustjóra, almannavarnadeild.

Náttúruminjasrá skv. lögum nr. 44/1999 sjá vef Umhverfisstofnunar <https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/>

Náttúruverndarlög nr. 60/2013.

Rannsókn og ráðgjöf ferðaþjónustunnar, 2016. *Ferðamenn og íbúar í Vestmannaeyjum 2016, samanburður við 2012*.

Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats nr. 505/2000.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, 2015. *Stefnumörkun Suðurlands 2016-2020*.

Skipulagslög nr. 123/2010

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

Skipulagsstofnun, 2016. *Landsskipulagsstefna 2015-2026 ásamt greinargerð*.

Skólaþróunarsvið kennaradeildar HA, 2005. *Skóla- og æskulýðsmál í Vestmannaeyjum*. Matsskýrsla. Sjá https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Upplysingar-Mat_og_uttektir/Vestmannaeyjar.pdf

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011

Tómas Jóhannesson og Kristján Ágústsson, 2002. *Hættumat vegna aurskriðna, grjóthruns, krapaflóða og aurblandaðra vatns- og krapaflóða í bröttum farvegum*. Minnisblað, Veðurstofa Íslands.

Umhverfisskýrsla. *Tillaga að aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035*.

Veðurstofa Íslands, 2017. *Staðbundið hættumat fyrir byggingarreiti undir vestanverðri Hánni í Herjólfssdal*. Minnisblað; Veðurstofa Íslands.

Veðurstofa Íslands, 2018. [án titils]. Umsögn um tillögu að aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar 2015-2035.

Vestmannaeyjabær. Skóla- og æskulýðsstefna Vestmannaeyjabæjar.

Pingsályktun um Samgönguáætlun 2011-2022.

